



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


13. nóvember 2005 — 296. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Fréttapörsta Íslendinga svarað

Ný sjónvarpsstöð, NFS, fer í loftið á föstudaginn. Fréttir og fréttatengt efni verður uppistaða dagskrárinnar.



FRÉTTAVIÐTAL 22

Jólin byrja hjá Kvenfélagi kapólskra



Hátíðisdagur er í dag hjá Kvenfélagi kapólskra því jólabasarinn hefst að lokinni messu.

Jarðskjálfti reynir á okkur

Veturinn í Kasmír gæti tekið fleiri mannlíf en jarðskjálftinn gerði í síðasta mánuði. Umheimurinn má ekki sitja aðgerðalaus hjá, segir Salman Rushdie.

Í DAG 18

Ólafur í nýju hlutverki



Handknattleiksmaðurinn Ólafur Stefánsson er að upplifa nýja tíma með landsliði og félagsliði sínu og líkar vel. Hann segir leikstjórnandann jafnvel vera þá stöðu sem henti honum best.

ÍDRÓTTIR 72

VEÐRIÐ Í DAG



ÞAÐ MÁ BÚAST við suðvestan strekkingi í dag og rigningu samfara hlýindum. Hiti fer víða í 9 stig og alls staðar frostlaust.

Hörkuspenna í Kópavogi

Mikil spenna ríkti hjá framsóknarmönnum í Kópavogi í gærkvöldi. Þar börðust þeir Ómar Stefánsson og Samúel Örn Erlingsson um efsta sætið.

PRÓFKJÖR „Ég átti sannarlega von á að vera mjög ofarlega og þetta virðist ætla að ganga eftir,“ segir Ómar Stefánsson. Hann var í fyrsta sæti framboðslista Framsóknarflokksins til bæjarstjórnarkosninga í vor, þegar búið var að telja 60 prósent atkvæða í opnu prófkjöri Framsóknarflokksins í Kópavogi í gær. Um tvö þúsund manns kusu. Ómar var efstur með 315 atkvæði þegar Fréttablaðið fór í prentun. Mjög mjótt var þá á muninum milli Ómars og Samúels Arnar Erlingssonar sem fékk 305 atkvæði í fyrsta sætið en var í öðru sæti með 361 atkvæði.

Una María Óskarsdóttir fékk flest atkvæði í fyrsta til þriðja sæti en Una er varabæjarfulltrúi á þessu kjörtímabili. Linda Bentsdóttir fékk 725 atkvæði í fyrsta til fjórða sæti en hún hafði verið í því þriðja eftir fyrstu tölur.

Andrés Pétursson hlaut 578 atkvæði fyrir fyrsta til fimmta sæti og Ólóf Pálína Úlfarsdóttir var

í sjötta sæti með 651 atkvæði.

„Það kemur mér hins vegar á óvart hversu lítill munur er á mér og Samúel Erni, hann er alveg nýr í flokknum en á samt greinilega mjög öflugur stuðningsmenn í Kópavogi,“ segir Ómar Stefánsson sem telur prófkjörið hafa snúist fyrst og fremst um fólk en málefnastríð sé rétt að byrja.

Samúel Örn Erlingsson var ánægður. „Ég er algjör nýliði þarna í flokkapólitik og ég er sjónarmunur á eftir sitjandi bæjarfulltrúa. Ég er ekki búinn að sjá hvernig þetta fer,“ sagði hann í þann mund sem hann afhenti verðlaun fyrir knapa ársins á uppskeruhátíð hestamanna í gærkvöldi: „Ég er mjög sáttur og alveg sama hvernig þetta fer verð ég alsæll og glaður. Ég er búinn að sýna það að inn í stóra flokka er hægt að fara á eigin verðgildi, fyrst og síðast, án þess að vera búinn að vinna einhverja jarðvinnu inni í hópnum.“

- sgi/shg



ÓGNARMÁTTUR FOSSINS Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur náldi sér í stórt og mikið grýlukerti við Gullfoss sem endaði daga sína sem Stjórnustríðsverð.

Ásta Þorleifsdóttir fylgist grannt með Gullfossi: Grýlukerti að vopni

VETUR Gullfoss er þekktur fyrir ógnarmátt sinn og fegurð og lætur engan ósnortinn. Fossinn sem er alls 32 metrar á hæð fellur í Hvítárgljúfur í tveimur þrepum. Efri fossinn er nálægt 11 metrum að hæð en hinn neðri um 21 metri. Gljúfrið er um 70 metra djúpt og tæpir þrjár kílómetrar að lengd.

Ásta Þorleifsdóttir jarðfræðingur átti sem oftast leið um Gullfoss þegar ljósmyndari Fréttablaðsins smeltti af henni mynd. „Ég fer öðru hverju til að fylgjast með hvort fossinn sé að breytast, hvaða litur er á vatninu og sjá

birtuna og grýlukertin,“ segir Ásta sem dáist alltaf jafn mikið að þessu náttúruundri. „Gullfoss er svolítið sérstakur því það er ekki oft sem þú getur séð af hverju fossar myndast,“ segir Ásta og að gott sé að skoða jarðfræðina í setlögnum við fossinn. Þá sjáist hvernig hann grafi sig inn í sprungur og eftir stórum misgengjum.

Ásta náldi sér í stórt og mikið grýlukerti sem myndast hafði við fossinn. Spurð um örlög þess hlær hún og segir son sinn hafa breytt því í Stjórnustríðsverð.

- sgi



RÝNT Í TÖLUR Hér rýna Una María Óskarsdóttir, Ómar Stefánsson og Linda Bentsdóttir í fyrstu tölur frá kosningum framsóknarmanna.

Ræða Halldórs Ásgrímssonar á miðstjórnarfundum Framsóknar:

Forsætisráðherra misskilinn

VARNARMÁL Halldór Blöndal, formaður utanríkisráðgjafar, telur ekki að orð forsætisráðherra, í ræðu sinni á miðstjórnarfundum Framsóknarflokksins á föstudag, megi túlka á þann veg að hann vilji að herinn fari burt. Í ræðu sinni sagði Halldór Ásgrímsson meðal annars að Bandaríkjaþing væri frjálst að fara ef hann vildi, og að hann væri ekki bjartsýnn á að viðræður um nýjan varnarsamning skýrðust á næstu mánuðum. „Ég les orð forsætisráðherra þannig að það sé brýnt að skriður komist á viðræðurnar og að niðurstöður fáiast í þeim,“ segir Halldór



ÁRNI SIGFÚSSON Bæjarstjóri Reykjanesbæjar.



KRISTJÁN GUNNARSSON Formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur.



HALLDÓR BLÖNDAL Formaður utanríkisráðgjafar.

en sjálfstæðismenn telja nauðsynlegt að hafa varnarviðbúnað á Íslandi. Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, telur einnig ólíklegt að forsætisráðherra hafi með

þessum orðum viljað herinn burt enda hafi það verið stefna ríkisins að hér á landi ætti að halda uppi vörnum í samvinnu við Bandaríkjamenn. Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, segir forsætisráðherra í raun vera að taka undir sín orð. „Ég hef sjálfur sagt að það væri betra að þeir færu frekar en að halda okkur í þessu óvissuástandi sem fer illa með fólk,“ segir Kristján sem vonar að Halldór láti verkin tala og vinni annaðhvort að því að treysta veru varnarliðsins eða gangi í að koma þeim á brott.

- sgi

LESTUR MEÐAL KVENNA 20-40 ÁRA

Innkaupastjórar heimilanna kjósa Fréttablaðið!

64%



44%



Frjáls íbúðalán
4,15%
verðtryggðir vextir



SPURNING DAGSINS

Reynir, féll myndin í skuggann af málinu?

„Aðalatriðið er að fólkið sem við fjöllum um í myndinni og bókinni gangi á vegi ljóssins.“

Sýslumaður hafnaði á dögnum lögbannskröfu á sýningu heimildarkvikmyndarinnar Skuggabörn sem fjallar um gerð bókar Reynis Traustasonar um undirheima Reykjavíkur.

Leynifangelsi CIA til umræðu í öldungadeild Bandaríkjaþings:

Ríkisstjórnin krafín um svör

WASHINGTON, AP Öldungadeild Bandaríkjaþings hefur samþykkt ályktun þar sem þess er krafist að ríkisstjórnin svari þinginu hvort leygnifjónustan CIA reki leygnileg fangelsi þar sem grunaðir hryðjuverkamenn eru yfirheyrðir.

Dingsályktunartillaga var samþykkt með 82 atkvæðum gegn níu um að krefjast þess að John Negroponte, yfirmaður leygnifjónustustofnana Bandaríkjaþinga, léti leygnifjónustunefndum beggja deilda þingsins upplýsingar í té um þessa starfsemi.

Málið hefur verið til umræðu síðastliðnar vikur í evrópskum fjölmiðlum, þar á meðal héraðs,



GEORGE W. BUSH Grunur leikur á að ríkisstjórn hans starfræki leygnifangelsi á erlendri grundu þar sem grunaðir hermdarverkamenn eru yfirheyrðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

en umfjöllun Washington Post um leygnifangelsin í mánaðarbyrjun varð til að hreyfa við þingmönnum.

Í næstu viku vonast svo öldungadeildin að ljúka umræðum um frumvarp til varnarmálaútgjalda en í því er að finna bann við ómannúðlegri meðferð á erlendum fongum í haldi Bandaríkjamanna.

Hvíta húsið hefur hótad að beita neitunarvaldi til að stöðva frumvarpið en auk þess hefur Dick Cheney varaforseti beitt þingmenn þrýstingi um að falla frá ákvæðunum sem bindi hendur leygnifjónustunnar með þessum hætti. - shg

Kofi Annan sækir Íraka heim:

Lítill áhugi á sáttaráðstefnu

BAGDAD, AP Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, kom í óvænta heimsókn til Íraks í gær.

Annan hitti Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra í Bagdad þar sem hann hvatti til að þjóðarbrotin í landinu héldu ráðstefnu til að koma á sáttum sín á milli. Þau orð féllu hins vegar í grýttan jarðveg hjá Abdul-Aziz al-Hakim, leiðtoga stærstu stjórnmálahreyfingar sjá, sem sagðist engan áhuga hafa á að vinna með fyrrum samstarfsmönnum Saddams Hussein.

Rétt fyrir komu Annans til landsins létust átta manns í bilsprengráð í Bagdad. ■



ANNAN OG AL-JAAFARI Ágætlega fór á með framkvæmdastjóra SP og forsætisráðherra Íraks í gær. MYND/AP

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jóninu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skada fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.



Á VARDBERGI Eftir að hvatt var til óeirða á vefsíðum og í textaskilaboðum í gær ákváðu yfirvöld í París að fjölga lögreglumönnum á götunum um 3.000. MYND/AP

Mikill viðbúnaður vegna ótta við árás

Pótt mjög hafi dregið úr róstinum í Frakklandi var lögregla sérstaklega á varðbergi í gær þar sem rökstuddur grunur var um að meiriháttar árásir væru í uppsiglingu. Bílar voru brenndir víða um Frakkland í nótt svo og í Belgíu.

PARÍS, AP Parísarlögreglan fjölgaði lögreglumönnum á vakt í gær eftir að ábendingar bárust um að árásir á fjölfarna staði í miðborginni væru í bígerð. Hundruð bíla voru eyðilagðir í fyrri nótt.

Mjög hefur dregið úr óspektunum í Frakklandi undanfarna daga eftir að ríkisstjórnin lýsti yfir neyðarástandi og sett voru útgöngubann um miðja síðustu viku. Óeirðunum er þó langt í frá lokið því í fyrri nótt voru yfir fimm hundruð bifreiðar brenndar til kaldra kola víða um landið, samantókið við 463 nóttina áður. Róstuarnar voru mestar í austanverðu landinu og því voru sett á útgöngubönn í Lyon, þriðju stærstu borg landsins, og tíu öðrum bæjum.

Í höfuðborginni París var krökkt af lögreglumönnum í gær eftir að yfirlýsingar birtust á fjölmörgum vefsíðum og í textaskilaboðum farsíma um að gripið yrði til meiriháttar aðgerða. „Þetta er ekki einungis orðrómur,“ sagði Michel Gaudin yfirlögreglustjóri. „Það liggur í augum uppi á hvaða stöðum þurfi að hafa sérstakar gætur.“ Eiffel-turninn og Champs-Elysees breiðgatan voru á meðal þeirra staða þar sem vörðurinn var hvað strangastur en einnig voru lögreglumenn í jarðlestarstöðum og á fjölförnum gatnamótum. Bann var sett við að fólk safnaðist saman þar sem það var talin varasamt og stóð bannið fram til dagsins í dag.

Í fyrirakvöld var tveimur bensinsprengjum kastað inn í mosku í bænum Carpentras í Suður-Frakklandi og hlaut nokkurt tjón af sprengingunni. Ekki er vitað hvort árásin tengist óeirðunum síðustu vikur en árið 1990 eyðilögðu nýnasistar grafreit göynginga í borginni. Jacques Chirac forseti eggjaði í gær lögregluna löggæggjan að finna þá sem köstðu sprengjunum.

Peir sem voru búnir að fá sig fullsadda af ofbeldi og ólátum fjölmenntu í friðargöngur sem haldnar voru víða um landið í gær, til dæmis í Toulouse og Lyon. Í París var aðgerðum ríkisstjórnarinnar mótmælt. sveinng@frettabladid.is

Fólskuleg árás í grunnskóla:

Stungin í auga með skærum

BRETLAND Læknum í Surrey tókst naumlega að bjarga sjón fimm ára gamallar stúlku en jafnöldur hennar réðust á hana í skólanum og stungu hana með skærum.

Dagblaðið Guardian hefur eftir föður stúlkunnar að hópur bekkjarsystra hennar hafi ráðist að henni og hótad að klippa af henni hárið eða kveikja í því. Þegar stúlkun svaraði þeim réðust þær á hana með skærunum og stungu hana ítrekað.

Stúlkurnar illkvittnu eru nú í haldi lögreglu og hefur ein þeirra verið ákærð fyrir grófa líkamsárás. ■

Gáfnapróf Meistarans:

Fleiri karlar en konur í prófið

MEISTARINN Um 250 manns spreyttu sig á gáfnaprófi sem haldin voru í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði í gær en leit stendur yfir að efnilegum gáfnaljósum til að taka þátt í Meistararanum, nýjum spurningaþætti Stöðvar 2.

Logi Bergmann Eidsson, sem er vel þekktur sem spyrill Gettu betur, stjórnar þættinum. Hann segir mætinguna hafa farið fram úr sínum björtustu vonum. Um 190 af þeim sem tóku prófið komu frá Reykjavík en aðeins 22 hefja leikinn í sjónvarpssal og eiga von á að verða Meistarinn og vinn fimm milljónir króna.

Logi taldi meðalaldur þeirra sem mættu til leiks í dag vera um 35 ár. Þá sagði hann áberandi fleiri karla en konur hafa þreytt prófið. - sgi



GÁFNALIÓS Um 190 manns mættu í Hagskóla í gær til að láta meta gáfur sínar. Alls mættu 250 manns í gáfnaprófi Meistarans um land allt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Endurskoðun kjarasamninga:

Stíf fundahöld

KJARAMÁL Fundi forsendunefndar samtaka launamanna og atvinnurekenda lauk um fimmleytið í gær. Að sögn Ara Edwald, framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins,

er ekki hægt að greina að svo stöddu frá því sem fram fór á fundinum en boðað hefur verið til annars fundar í dag klukkan tvö.

ASÍ ályktaði á ársfundi sínum í október að náist ekki viðunandi lausn við endurskoðun kjarasamninganna telji sambandið einsýnt að til uppsagnar þeirra komi 10. desember. Uppsögn þeirra taki þá gildi frá og með næstu áramótum. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ölvaðir ökumenn Lögreglan í Reykjavík stoppaði fimm ökumenn vegna ölvunaraksturs aðfaranótt laugardags. Lögreglan á Selfossi stoppaði einn ökumann á Suðurlandsvegi við Biskupstungnabraut um klukkan níu í gærmorgun vegna gruns um ölvunarakstur.

Tvær bílveltur á sama stað Tvær bílveltur urðu á sama stað við Eyvindará í Mýrdal á föstudagskvöldið. Fyrri bíllinn valt um klukkan hálf átta og sá seinni um klukkan hálf ellefu. Engin meiðsl urðu á fólki en lögreglan í Vik aðstoðaði það og fékk vegagerðina til þess að koma og sanda veginn þar sem mesta hákan var.

Síminn lagði niður starfsstöð á Siglufirði:

Fyrrum starfsmenn stofna símaþjónustu

SIGLUFJÖRÐUR Nýtt símaþjónustufyrirtæki hefur verið stofnað á Siglufirði. Nýja fyrirtækið heitir Símmark og eigendur þess eru Jón Salmannsson og Egill Rögnvaldsson sem voru starfsmenn Símans á Siglufirði áður en hann lagði niður þjónustustöð sína þar um síðustu mánaðamót. Starfsmönnum



SÍMINN HÆTTUR Á SIGLUFIRÐI Símmark sér nú um að veita Siglufirðingum símaþjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tveimur var sagt upp störfum og segir Jón að þá hafi annaðhvort verið um það að ræða að flytja úr bænum eða fara út í sjálfstæðan rekstur símaþjónustufyrirtækis.

„Það er ekki það mikla vinnu að hafa herna og við vildum nýta okkar reynslu,“ segir hann. Eigendur Símmarks komust að samkomulagi við Símann um að vera verktakar hjá fyrirtækinu og þjónusta við íbúa Siglufjarðar mun vera með sama hætti og áður. Verið er að ganga frá húsnæði Símmarks og verður það tilbúið fljótlega eftir helgi en þeir Jón og Egill hafa sinnt útköllum frá því að Símmark hætti þjónustu sinni við Siglufirðinga. „Ég held að bæjarbúar séu mjög ánægðir með að við skyldum gera þetta,“ segir Jón. - eó

Geggjað grín, hörku hasar klistrað klúður

KAFTEINN OFURBRUK OG LIFTEKNI LEGA HORSKRIMSLIÐ FYRRI HLUÐI: HIERAÐ AD NIETURLAGI

1 SÆTI

METSÖLULISTI EYJUNOSSON barnabækur / 9. nóv

„Fólk á öllum aldri smitast af gleðinni ... enginn ætti að láta þennan furðufugl fram hjá sér fara.“

Þórarinn Þórarinnsson / Fréttablaðið

SJÖTTA SKÁLDVERKIÐ ER KOMIÐ ÚT!

JPV ÚTGÁFA www.jpvis



olis

Verra veður, betri þjónusta.

Nú er veturinn svo sannarlega skollinn á og þjónustan okkar enn mikilvægari. Nú er sérstaklega brýnt að bíllinn sé klár í slaginn. Við bjóðum allar réttu vörurnar til að halda bílnum í góðu ástandi í vetur og erum til þjónustu reiðubúin, hvernig sem víðrar!

TILBOÐ


KR.
398

Bilex tjóruhreinsir
m. dælu



20%
AFSLÁTTUR

Champion þurrkublóð



KR.
249

Rúðuhreinsir, 2,5 l
með sítrónuillmi



olis

– öryggi í umferð!

GENGIÐ
GENGI GJALDMIÐLA 11.11.2005

KAUP SALA

| | | |
|---------------------|--------|-------------|
| Bandaríkjadalur USD | 61,82 | 62,12 |
| Sterlingspund GBP | 107,62 | 108,14 |
| Evra EUR | 72,32 | 72,72 |
| Dönsk króna DKK | 9,697 | 9,753 |
| Norsk króna NOK | 9,339 | 9,395 |
| Sænsk króna SEK | 7,549 | 7,593 |
| Japanskt jen JPY | 0,5236 | 0,5266 |
| SDR | XDR | 88,04 88,56 |

Gengisvísitala krónunnar
102,5038

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Magnús Karl Magnússon blóðmeinafræðingur um DNA-heilun: Heilari breytir ekki erfðaefninu

LÆKNINGAR Magnús Karl Magnússon, blóðmeinafræðingur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, segir að ekki sé fræðilegur möguleiki á því að heilari geti haft áhrif á erfðaupbyggingu í líkamanum með því að horfa á það eða hugsa um það. Það sé hundrað prósent öruggt að heilari geti ekki breytt erfðaefninu og fólk féflett sé þessu haldið fram.



MAGNÚS KARL MAGNÚSSON Blóðmeinafræðingur.

Hann segir að DNA-þráðurinn sé efnasamband eins og hvert annað efnasamband og því sé ekki hægt að breyta rétt si svona rétt eins og ekki sé hægt að breyta vatni í vín. „Ef við myndum trúa og treysta því að það væri hægt að breyta erfðaefninu þá værum við að gera ótrúlegustu tilraunir á mannsköpunni sem væru utan við öll siðamörk,“ segir Magnús Karl. „Ef einhver stóð væri fyrir þessu í raunveruleikanum væru líkurnar á því að við værum að valda skaða miklu meiri en líkurnar á því að koma einhverju góðu til leiðar,“ segir hann. - ghs



DNA-HEILARAR AÐ STÖRFUM Blóðmeinafræðingur segir að ekki sé fræðilegur möguleiki á því að heilari geti breytt erfðaefninu með því að trúa því eða hugsa um það.

Afgöngu þingkosningarnar: Fylgismenn Karzai sigruðu

KABÚL, AP Úrslit afgöngu þingkosninganna voru loksins kynnt í gær, tæpum tveimur mánuðum eftir að þær voru haldnar. Stuðningsmenn Hamid Karzai forseta virðast hafa náð meirihluta þingsæta. Kosningarnar voru þær fyrstu frá lokum aldarfjórðungslangrar upplausnar í landinu vegna stríðsátaka og annarrar óáran. Svindl setti hins vegar svip sinn öðru fremur á kjörfundinn svo og sú staðreynd að fyrrum stríðsherrum vegnaði afar vel í sveitahéruðum landsins. Það er hins vegar huggun harmi gegn að konur fengu fjórðung þingsæta. ■

Leyniskjöl breska hersins: Pyntuðu Þjóðverja til sagna

BRETLAND Opinber skjöl sem dagblaðið Guardian hefur rannsakað sýna að breski herinn lét pynta þýska stríðsfanga til sagna á árum heimsstyrjaldarinnar síðari. Í einu fangelsinu, í miðborg Lundúna, voru geymdir 3.000 fangar á ýmsum tímum. Þeir voru bardír, sviptir svefni og hótað með aftökum. Sumir voru sveltir og gefið raflost. Um augljóst brot á Genfarsáttmálanum er að ræða en starfsemi inni var haldið vandlega leyndri fyrir Rauða krossinum. Jafnvel er talið að starfsemi hafi verið haldið áfram í nokkur ár eftir að stríðinu lauk. ■



KAUPMANNAHÖFN Strætisvagnar reknir af borgaryfirvöldum í Árósum ganga betur en einkareknir í höfuðborg Danmerkur.

Strætómíðinn hækkar: Einkavæðing verri kostur

DANMÖRK Meðan fargjöld hækka og farþegum fækkar í strætisvögnum Kaupmannahafnar fjölgar þeim stöðugt í Árósum auk þess sem fargjöld hafa þar ekki hækkað í langan tíma. Munurinn er talinn vera sá að í Kaupmannahöfn eru strætisvagnar reknir af einkafyrirtæki en borgaryfirvöld í Árósum reka enn sína eigin strætisvagna af skattfé. Ný skýrsla leiðir því í ljós að einkavæðing strætisvagnarekstrar í höfuðborginni hefur reynt mun verri kostur samanborið við Árósa. ■

Morgunblaðið gegn Samfylkingunni

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir Morgunblaðið fyrir að nota dagskrárvald sitt til þess að berjast gegn þeim sem ógna stöðu Sjálfstæðisflokksins. Hún segir að nú sé það Samfylkingin.

STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi Morgunblaðið harkalega fyrir að vera málgað einn flokks í ræðu sinni á flokksþingi Samfylkingarinnar í gær. „Í leiðurum, Reykjavíkurbrefum og Staksteinum heldur Morgunblaðið arfleifið Sjálfstæðisflokksins á lofti, túlkar athafnir flokksins fyrir kjósendur og skrifar sögu flokks og samfélags á hverjum degi,“ sagði Ingibjörg. Hún sagði að enginn annar fjölmiðill hefði jafn afgerandi stefnu og Morgunblaðið og þjónaði jafn ópinskatt tilteknum sér hagsmunum í íslensku samfélagi.

Karl Blöndal, aðstoðarráttgjafi Morgunblaðsins, vildi ekki tjá sig um ummæli Ingibjargar við Fréttablaðið en sagði þó að þau væru athyglisverð. Ingibjörg talaði í ræðu sinni um að í stjórnmálum væru tveir andstæðir meginstraumar, jafnadarstefna og frjálshyggja, og að á Íslandi væru það Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn sem væru farvegir þessara strauma. Hún sagði að frjálshyggjan væri á undanhaldi um allan heim og því reyndu frjálshyggjumenn að tileinka sér yfirbragð jafnadarstefunnar til þess að ná til kjósenda og sú yrði raunin á Íslandi líka. „En fólk á ekki að setta sig við slæmar eftirlitningar þegar því býðst frumgerðin,“ sagði Ingibjörg. Ingibjörg sagði að á síðustu fimmtán árum hefði Ísland verið að færast frá norræna jafnadamannamódelinu og nær ameríska



FLOKKSÞING SAMFYLKINGARINNAR Sigrún Stefánsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

frjálshyggjumódelinu. Þetta sagði hún hafa gerst smátt og smátt fyrir tilstuðlan Sjálfstæðisflokksins og að Framsóknarflokkurinn hefði gefið þegjandi samkomulag sitt. Ingibjörg benti á að þrátt fyrir góðæri og hagvöxt á Íslandi síðustu ár hefði ójöfnuður á milli þeirra sem hefðu hæstar tekjur og þeirra sem hefðu lægstar tekjur aukist verulega. Hún sagði að Íslendingar vildu ekki þessa miskiptingu og yfir 60% landsmanna aðhylltust aukinn jöfnuð eins og Samfylkingin. „Þetta er fólkið sem við eigum samleið með og sem Sjálfstæðisflokkurinn gerir hosur sínar grænar fyrir þegar á þarf að halda. Þegar frjálshyggjan er á undanhaldi, þegar þarf að sækja inn á miðjuna. Og eins og endranær þegar flokkurinn er í pólitískum leiðangri nýtur hann liðstyrks Morgunblaðsins. Samspil og verkaskipting flokks og blaðs er merkilegt athugunarefni,“ sagði Ingibjörg. emilia@frettabladid.is



HEIMSMETIÐ SETT Um 470 manns jó-jóðu í gær í Smáralindinni.

Jó-jóað í Smáralind: Heimsmet sett í Kópavogi

HEIMSMET Um 470 manns tóku þátt í að slá heimsmetið í jó-jói í gær með því að jó-jóa í tvær mínútur í Smáralind. Edda útgáfa, í félagi við Skólafélag Menntaskólans í Kópavogi, Vífilfell og Smáralind, stóð fyrir hinu nýja heimsmeti í tilefni af útkomu Heimsmetabókar Guinness árið 2006. Nokkrar vikur tekur að fá úr því skorið hvort metið sé tekið gilt en farið verður yfir fjölda þátttakenda á myndbandi. Fyrra heimsmetið var sett fyrir þremur árum þegar 426 Írar jó-jóðu saman í tvær mínútur. - sgi

BANDARÍKIN

Brjóstmylkingi banað Fjögurra mánaða gömul stúlka dó þegar móðir hennar sofnaði áfengissvefni og lagðist ofan á hana í miðri brjóstgjöf. Þegar móðirin ógæfusama rankaði við sér var telpan hætt að anda. Saksóknari í Oshkosh í Wisconsin hefur ákært konuna fyrir vítaferða vanrækslu.

Réiðist á þjálfara dótturinnar Maður í Shaker Heights í Ohio situr nú í varðhaldi eftir að hafa lamið þjálfara stúlkunnar bærjans í kórfulbolta en hann vann sér það til óhægli að taka dóttur mannsins úr líðinu. Læknir á sjúkrahúsi bærjans sem meðhöndlaði þjálfarann segir slíkar árásir æ algengari.

Magnað ævintýri

„Sannkölluð rússíbanareið.“

- Booklist

Bók sem aðdáendur Harry Potters gleypa í sig!

amazon.com

Edna edda.is

VEÐURSPÁ um hádegis

Guðröður Arnardóttir Náttúrufræðingur

Slagveður í dag! Í dag má búast við suðvestan strekkingi og jafnvel hvassviðri með suðurströndinni. Það hlýnar snögglega rétt í dag og fer hitinn alls staðar yfir frostmark og nær jafnvel 9 stigum eða svo. Þar við bætist helligrigning, sérstaklega á suðvesturhorninu fram eftir kvöldi. Í nótt kólnar svo aftur og fer hitinn aftur niður fyrir frostmarkið. Svo það má búast við slyddu í kvöld og jafnvel snjókomu í nótt.

HÖRFUR Í HÖFUÐBORGinni

Suðvestan slagveður fram undir kvöld. Hiti 5-8 stig en kólnar í kvöld og snjóar jafnvel eitthvað.

| | | | | | |
|---------------|------------------|-----------|------------------|-----------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | 10°C sk.m.köflum | Paris | 12°C sk.m.köflum | Algarve | 16°C léttskýjað |
| Oslo | 8°C léttskýjað | Berlín | 12°C sk.m.köflum | Milano | 17°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C léttskýjað | Frankfurt | 12°C léttskýjað | New York | 18°C léttskýjað |
| Helsinki | 9°C rigning | Madrid | 11°C rigning | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 17°C þrumuveður | Orlando/Florida | 27°C léttskýjað |

• Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkomu er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

» á morgun

Stíf norðanátt og kólnandi veður. Snjócoma norðanlands en þurr syðra.

» þriðjudagur

Heldur hægari norðanátt með eljagangi á Norðausturlandi. Bjartviðri syðra en kalt um allt land.

Evrópa **23.900** kr.
USA **34.900** kr.
Saga Class Evrópa **49.900** kr.
Saga Class USA **54.900** kr.

Einungis fyrir handhafa Vildarkorts VISA og Icelandair

Evrópa **29.900** punktar*
USA **43.900** punktar*

* Greiða þarf flugvallarskatta (Evrópa 6.800 kr., USA 9.600 kr.)

GEFÐU EINHVERJUM FRÍ UM JÓLIN

Um þessi jól er það ferðahugurinn sem skiptir máli.
Finndu jólapakkann á icelandair.is og gefðu frí þessi jól.

JÓLAGJÖFIN HANS:
STEFNUMÓT
Í NEW YORK

Þessar ferðir gefa 3.000-12.400 Vildarpunkta.
Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum
Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100.

VISA

- Sölutímabilið er til 24. desember 2005.
- Ferðatímabilið er 10. janúar - 14. maí 2006.
- Bóka þarf fyrir 27. janúar 2006.
- Tilboðið gildir til allra áfangastaða nema Orlando.
- Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags.
- Takmarkað sætaframboð.
- Sjá nánar skilmála á icelandair.is



Jólapakkar Icelandair

ICELANDAIR
www.icelandair.is





KJÖRKASSI

Ætti óperan að rísa í Reykjavík?

| | |
|-----|-------|
| Já | 40,3% |
| Nei | 59,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Má herinn fara af Keflavíkurflugvelli ef hann vill?

Segðu skoðun þína á Vís.is



Starfsmenn Kælismiðjunnar Frosts kaupa fyrirtækið:

Voru tilbúnir í samkeppni

AKUREYRI Nýstofnað einkahlutafélag, Frostmenn, hefur fest kaup á Kælismiðjunni Frosti af Stál-taki en fyrirtækið annast uppbyggingu og þjónustu á kæli- og frystikerfum í útgerðar- og matvælaframleiðslufyrirtækjum.

Frostmenn eru að 60 prósent hlut í eigu þrettán fyrrum starfsmanna Kælismiðjunnar Frosts en 40 prósent eru í eigu fjárfestanna Óskars Þórðarsonar, starfsmanns Tölvulistans, og Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja.

Gunnar Larsen var framkvæmdastjóri Kælismiðjunar Frosts og mun hann einnig stýra



HÚSNÆÐI FROSTMANNNA Á AKUREYRI Alls störfuðu 20 manns hjá Kælismiðjunni Frosti á Akureyri og átta í Garðabæ og segir Gunnar að þar á verði engar breytingar nema hvað stefnt sé að fjölgun starfsmanna í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Frostmönnum en hann vill ekki gefa upp kaupverðið. Hann segir

að nánin eignatengsl hafi verið á milli Frosts og Slippstöðvarinnar á Akureyri, sem varð gjaldþrota í september síðastliðnum, og því hafi starfsmönnum þótt einsýnt að Frost myndi skipta um eigendur í náninni framtíð.

„Til að tryggja störf okkar og framtíð fyrirtækisins ákváðum við að falast eftir því. Ef samningar hefðu ekki tekist voru starfsmennirnir tilbúnir að hefja eigin rekstur en samningar náðust að lokum,“ segir Gunnar.

Rekstur Kælismiðjunnar Frosts hefur gengið vel undanfarin ár og árið 2005 stefnir í að verða það besta í sögu fyrirtækisins. -kk

INDLANDSHAF

Sjóræningjamóðurskipa leitað

Yfirvöld nokkurra Austur-Afríkíkja leita nú logandi ljósi að skipum sem þau gruna að árásum sjóræningja á hraðbátum sé stýrt frá á. Um síðustu helgi réðst slíkur flokkur á skemmtiferðaskip sem náði að forða sér. Slík móðurskip hafa sést á sveimi á Indlandshafi en aldrei hefur tekist að góma þau.

LÖRGREGLUFRETTIR

Fíkniefni í Reykjanesbæ

Sex voru handteknir í Reykjanesbæ í fyrrkvöld vegna gruns um sölu, vörslu og neyslu fíkniefna. Þeir sem voru handteknir eru allir á aldrinum fimmtán til 24 ára.

Ekið á hross Ekið var á hross í Hrunamannahreppi í gær. Bifreiðin sem ekið var skemmdist en engin slys urðu á fólki.



TUNDURDUFL Skipverjar á Þórunni Sveinsdóttur duflid í veiðarfærunum.

Útkall sprengjusérfræðinga:

Sprengdu duflid neðansjár

LANDHELGISGÆSLAN Tveimur mönnum úr sprengjusveit Landhelgisgæslunnar tókst á föstudagskvöld að eyða tundurduflinu sem kom í troll Þórunnar Sveinsdóttur VE. Verkið gekk ágætlega þrátt fyrir að snjókomu og vindur gerðu allar aðstæður erfiðari. Skipið var látið sigla inn á Reyðarfjörð og varð skipið Týr sigldi með því.

Sprengjusérfræðingarnir sem komu með TF-Líf fóru þar um borð í skipið til þess að eyða tundurduflinu og var það sprengt neðansjár. -eð

Merkel boðar skattahækkunar

Angela Merkel, verðandi kanslari Þýskalands, kynnti í gær stjórnarsáttmála nýju samsteypustjórnarinnar. Aðgerðir gegn atvinnuleysi eru forgangsverkefni stjórnarinnar en skattahækkunar eru einnig boðaðar.

BERLÍN, AP Angela Merkel hefur heitið því að ríkisstjórnin sem hún mun leiða muni vinna að því hörðum höndum að snúa niðursveiflunni í landinu við. Skattahækkunar og breytingar á atvinnulöggjöf eru boðaðar.

„Við vitum að við erum að fara fram á mikið af landsmönnum með þessum stjórnarsáttmála,“ sagði Merkel þegar hún kynnti 143 síðna langan stjórnarsáttmála ríkisstjórnar jafnaðarmanna og kristilegu flokkanna sem ber yfirskriftina Saman fyrir Þýskaland – með hugrekki og mannúð. „Markmið okkar er að snúa við þessari niðursveiflu. Við viljum gefa fólki von um störf og ég er viss um að sú einkunn sem stjórninni verður að lokum gefið mun ráðast af því hvernig okkur heppnast þar.“

Ríflega tíundi hver Þjóðverji er án atvinnu og dauft hefur verið yfir efnahagslífinu undanfarin ár. Ríkissjóður hefur ekki farið varhluta af þessu ástandi og því glímur Þýskaland við mikinn fjárlagahalla.

Á stefnuskrá nýju ríkisstjórnarinnar eru breytingar á vinnu-



MÜNTEFERING OG MERKEL Franz Müntefering verður varakanslari í nýju ríkisstjórninni sem hefur 448 sæti af þeim 614 sem eru á þýska sambandsþinginu. Angela Merkel verður hins vegar fyrsti kvenkanslari Þýskalands.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

málalöggjöf landsins en eins og sakir standa er hreyfanleiki á vinnumarkaði afar lítil þar sem vinnuveitendum eru settar þröngar skorður við að segja fólki upp, og þar með að ráða aðra starfsmenn í staðinn. „Það var ekki auðvelt fyrir okkur að samþykkja þetta en við verðum að horfast í augu við að rötækra aðgerða er þörf,“ sagði Franz Müntefering, fráfarandi formaður Jafnaðarmannaflokksins og verðandi varakanslari og atvinnumálaráðgjafi.

Til að stoppa upp í fjárlagagatið og mæta fjölgun lífeyrisþega

boðar stjórnin hækkunar á ýmsum sköttum. Virðisaukaskattur mun hækka úr 16 prósentum í 19 prósent árið 2007 en auk þess þurfa þeir sem eru í hæsta tekjuskattsþrepinu að greiða 45 prósent skatt í stað 42 prósentu nú. Af öðrum aðgerðum má nefna hækkun eftirlaunaaldurs og afnám ýmis konar niðurgreiðslna.

Eins og við var að búast hafa skattahækkunar mætt nokkurri gagnrýni enda telja forkólfar atvinnulífsins þær vera síst til þess fallnar að koma hjólum efnahagslífsins af stað á ný. „Stóru flokkarnir tveir sem í áratugi

hafa látið reka á reiðanum eru nú nánast búnir að stýra ríkinu í gjaldþrot. Þeir reyna að koma sér út úr vandanum með því að taka peninga frá þeim sem ekki geta varið sig sjálfir, borgurum þessa lands,“ sagði í dagblaðinu Bild í gær.

Stjórnarflokkarnir þrjú eiga enn eftir að leggja formlega blessun sína yfir stjórnarsáttmálann en engar líkur eru taldar á öðru en að það muni ganga greiðlega fyrir sig. Sambandsþingið mun þá að óbreyttu kjósa Merkel kanslara 22. nóvember.

sveinng@frettabladid.is

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

HJÓNABAND EÐA ÓVÍGÐ SAMBÚÐ?

Hnitmiðað námskeið um þær reglur, sem gilda um hjónaband annars vegar og óvígða sambúð hins vegar.

- Samanburður á réttaráhrifum hjónabands og óvígðrar sambúðar
- Fjármál hjóna og sambúðarfólks
- Kaupmál
- Samabyrgð hjóna á sköttum hvors annars
- Slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar
- Bætur, styrkir og skattalegar ívilnanir við andlát maka
- Erfðaréttur og erfðafjárskattur
- Upplýsingaöflun í sífjarétti

Verð kr. 8.900,-

Námskeiðið verður haldið fimmtudaginn 17. nóvember, kl. 16:15-19:15.



Leiðbeinandi
Anna Linda Bjarnadóttir,
héraðsdómslögmaður, LL.M.

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skíptiborð: 599 6200
charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



VETURINN FRAMUNDAN Mörg fórnarlamba jarðskjálftans búa við þröngan kost í tjöldum og mun hagar þeirra ekki batna eftir því sem kólnar nema að frekari aðstoð berist þeim.

Óttast að sjúkdómar breiðist út á hamfarasvæðum:

Skjálftabörn bóluset

MUZAFFARABAD, AP 1,2 milljónir barna á hamfarasvæðunum í Pakistan verða bólusettar fyrir ýmsum pestum á næstunni. Veturinn færir yfir og því ríður á að búa börnin sem best undir hann.

Talið er að yfir þrjár milljónir manna hafi misst heimili sín í jarðskjálftanum sem reið yfir Kasmír fyrir rúmum mánuði. Stærstur hluti þessa fólks hefst við í tjöldum og því er óttast að margir munu farast úr vösbúð og sjúkdómum þegar Himalaya-

veturinn færir sína hrollköldu hönd yfir héraðið.

Í gær tóku læknar á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna UNICEF og pakistanskra yfirvalda að bólusetja börn fyrir sjúkdómum á borð við mislinga, lömunarveiki, stífkrampa og barnaveiki. Auk þess verða börnunum gefin vítamín til að auka þeim hreysti. Alls er áformað að bólusetja 1,2 milljónir barna í Kasmír og norðvesturhéraðinu í Pakistan á næstu vikum. -shg

Abdullah Jórdaníukonungur:

Þjóðir heims leggist á eitt

AMMAN, AP Abdullah II Jórdaníukonungur skoraði í gær á alþjóðasamfélagið að taka höndum saman og uppræta hryðjuverkastarfsemi.

Í viðtali við CNN-sjónvarpsstöðina sagði konungurinn að svo virtist sem fjóreri sprengjumenn, þar af ein hjón, hefðu staðið fyrir árásum á hótelin þrjú í Amman á miðvikudagskvöldið sem kostuðu 57 mannslíf. Konungi þótti auk þess einsýnt að fyrst árásmennirnir hefðu verið á snærum al-Kaída í Írak hlutu þeir að hafa komið til landsins frá Írak eða Sýrlandi. ■



LIST GEGN HERMDARVERKUM Jórdanskur gjörmingahópur mótmælti hryðjuverkunum á sinn hátt í Amman í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



TAKTU NÆSTA SKREF AÐ TAKMARKINU

FI1067514 FI1015126

**LÆGRI
LÁNTÖKU
KOSTNAÐUR**

ALLT AÐ
75%
LÁNS
HLUTFALL

**ÞEKking &
ÞJÓNUSTA**

ATVINNUHÚSNÆÐISLÁN

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa á atvinnuhúsnæði. Lánin eru verðtryggð og geta numið allt að **75% af kaupverði fasteignar**. Þú velur húsnæðið sem hentar þér – okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is. Þú vinnur betur í eigin húsnæði!

F
FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN

skoðun

**SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON**

Halldór Ásgrímsson ósáttur við gang varnarliðsviðræðanna.

Skýr skilaboð til Bandaríkjamanna

Það voru mjög skýr skilaboð varðandi varnarliðsviðræðurnar sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sendi Bandaríkja-stjórn í setningarræðu sinni á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í Kópavogi á föstudaginn. Hann kvaðst mjög ósáttur við gang mála í þessum efnunum og það mátti skilja orð hans svo að Bandaríkjamenn skyldu bara fara héðan með allt sitt hafurtask – þetta gengi ekki lengur.

„Ef Bandaríkjamenn telja að hér þurfi ekki að vera sýnilegar varnir verða þeir að segja það. Við munum aldrei neyða þá til að vera hér og við munum heldur ekki styðja þá í að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér,“ sagði Halldór Ásgrímsson.

Ef Bandaríkjamenn skilja ekki skilaboð Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra frá því á föstudag, er eins gott fyrir okkur að vinna bráðan bug að því að snúa okkur annað varðandi varnarmálin. Þau eru reyndar ekkert einkamál okkar og Bandaríkjamanna, heldur hljóta hagsmunir alls Atlantshafsbandalagsins að vega þar þungt, hvað þá næstu nággranna okkar sem eru í Nató, svo sem Bretá, Norðmanna og Dana.

Nú eru nærri fimm ár síðan bókun um veru Varnarliðsins hér á landi rann út og á þeim tíma hafa af og til farið fram viðræður milli landanna um þessi mál en þær hafa fram til þessa engu skilað. Það eina sem er áþreifanlegt í þessum efnunum er að Bandaríkjamenn eru stöðugt að draga úr starfsemi á Keflavíkurflugvelli og virðast þar fara sínu fram án þess að eiga um það nokkurt samráð við stjórnvöld hér á landi. Það er í mesta lagi að þeir sinni nauðsynlegustu tilkynningarskyldu varðandi það hvort hér séu björgunarþyrlur og eldsneytisflugvélar til taks, sem ætti að vera lágmarkskrafa. Svo til í hverjum mánuði koma fréttir um að Bandaríkjamenn séu að draga úr margskonar starfsemi á Keflavíkurflugvelli og segja upp fólki. Þeir ættu að koma heint fram í þessum efnunum og segja það umbúðalaust sem þeim býr í brjósti og vera ekki með sífelldan undanslátt og endurtaka í sífellu að ástandið í öðrum heimshlutum kalli á meiri viðbúnað þeirra þar sem öryggi þeirra sé ógnað. Við vorum nógu góð til að opna landið fyrir þeim þegar þeim hentaði en nú virðast önnur sjónarmið uppi í Washington.

Þrátt fyrir að æðstu menn beggja landa hafi á undanförunum árum ræðst við um varnarmálin og Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra, hafi rætt þessi mál bæði við sjálfan Bandaríkjaforseta og þáverandi utanríkisráðherra þeirra, virðist sem þau strandi alltaf þegar komið er neðar í virðingartígginn.

Ef Bandaríkjamenn skilja ekki skilaboð Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra frá því á föstudag er eins gott fyrir okkur að vinna bráðan bug að því að snúa okkur annað varðandi varnarmálin. Þau eru reyndar ekkert einkamál okkar og Bandaríkjamanna heldur hljóta hagsmunir alls Atlantshafsbandalagsins að vega þar þungt, hvað þá næstu nággranna okkar sem eru í Nató, svo sem Bretá, Norðmanna og Dana.

STARFSMENNTUN

Hagnýtt bókhald – Grunnur

Þetta námskeið hentar þeim sem þurfa að ná tókum á bókhaldi fyrirtækisins sem og öllum þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni færni og þekkingu.

Kenndur er verslunarreikningur, meðferð og reglur um virðisaukaskatt, handfært bókhald og tölvufært bókhald í Navision. Kennsla byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Prufuútgáfa bókhaldsforritsins fylgir.

Morgunnámskeið hefst 18. nóv. (Fá sæti laus).
Kvöld- og helgarnámskeið hefst 19. nóv. (2 sæti laus).
Nánar á skrifstofu skólans í síma 544 2210 eða á www.tsk.is



TÖLVUSKÓLINN
PEKking

Faxafeni 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sósíalism DV

Egill Helgason er hissa á skrifum DV um Astu Möller, alþingiskonu Sjálfstæðisflokksins. Blaðið hefur að undanförunum fjallað um það eins og glæp að hún skuli reka fyrirtæki sem þjónar sjúklingum utan ríkiskerfisins. Kallar blaðið það að hagnast á neyð sjúklinga og vill að Ásta segi af sér þingmennsku. Egill spyr hvort DV telji það saknæmt að tengja saman einkarekstur og heilbrigðisþjónustu. „Slíkur harðlinusósíalismi finnst manni næstum að svífi yfir vötnunum hjá DV. Ásta er sögð „mala gull á neyð sjúklinga“ með starfsemi sinni. Þetta hljómar eins og þjóðviljinn heitinn á vöndum degi“, segir hann í pistli á Vísi í gær.



Styrkur

Egill telur að það skapi ekki vanhæfi þótt Ásta sitji í heilbrigðisnefnd Alþingis samtímis því að hún rekur fyrirtæki sitt. „Eigum við ekki að geta treyst því að Ásta – menntaður hjúkrunarfræðingur, fyrrverandi formaður Félags hjúkrunarfræðinga og einn fárra þingmanna sem hefur bakgrunn í atvinnulífnum – geti verið varaformaður téðrar þingnefndar og um leið selt ríkinu ákveðna afmarkaða þætti heilbrigðisþjónustu? Varla er það heilbrigðisnefndin sem sér um innkaup fyrir kerfið – eða er ekki hlutverk hennar að sjá um stefnumótun og laga-setningu? Gæti þetta jafnvel verið styrkur fyrir Ástu Möller? Að hún sé gjörkunnug heilbrigðiskerfinu. Í því sambandi má nefna að Pétur Blöndal hefur lengi verið mikilvirkur fjárfestir en er líka formaður efnahags og viðskiptanefndar Alþingis en

Drífa Hjartardóttir er bóndi og formaður landbúnaðarnefndar.“

Hugrekki

Það vekur sjaldnast hrifningu þegar lánsveitir hækka, hvað þá þegar um er að ræða jafn viðkvæman lánaflökk og húsnæðislán. Bankamenn þurfa ekki að búast við því að vera klappað á öxlina við slíkar fréttir. Athyglisvert er þess vegna hve vaxtahækkun Landsbankans á föstudaginn hefur verið tekið vel. Talað er um að bankinn hafi sýnt hugrekki og sýnt samfélagslega ábyrgð. Vonandi verður þetta til að róa þá sem eiga svefnlausar nætur yfir ástandinu í viðskipta- og fjármálalífi þjóðarinnar. Þó að oft sé geyst farið á markaðnum og það vekur sumum kvíða leitar viðskiptalífið á endanum jafnvægis eins og frumkvæði Landsbankans sýnir.

gm@frettabladid.is

Jarðskjálfti reynir á Kasmír og umheiminn

Hamfarirnar í Kasmír eru enn eitt sárið á slösuðum líkama. Dauðinn sýnir ægivald sitt á stað þar sem hann er fyrir löngu orðinn svo ljótur partur af daglegu lífi. Svo margir hafa dáðið af mannavöldum í Kasmír að sá sem trúir á Guð gæti haldið að það hafi runnið á hann móður og hann ákveðið að sýna morðingjunum – bæði hinum einkennisklæddu sem og hryðjuverkamönnum – sem vega úr launsátri – hvað alvöru morðingi er fær um.

Svo mikil eynd af mannavöldum hefur verið í Kasmír – svo margir ungir menn hafa verið bugaðir, svo margar konur svívirtar, svo mörg þorp jöfnuð við jörðu, svo margar sprengjur sprungið, svo mikill missir, svo mikið blóð hefur litað snjóinn sem eitt sinn var hvítur en hefur nú verið saurgaður og smánaður, – að beiskjan vegna þessara náttúruhamfara fer ekki aðeins út fyrir öll þölmörk, heldur er orðin svívirðileg. Jarðskjálftarnir eru sem hamarshögg sem dynja á fólki sem hefur þegar verið brotið niður.

Ög núna, svona eins og til að reka smíðshögg á verkið, sverfur Himalaya-veturinn að og mestu hamfarirnar eru ef til vill fram undan.

Veturinn í Kasmír er fallegur en líka grimmur. Þegar litið er yfir dalinn hulinn hvítri vetrarabreiðu, frerann á vötnunum, umklunntu rann lofti sem lofar manni snjökumu, döggar fegurðin augun og tárin frjósa á augnhárunum. Sá sem gaumgæfir tignarlega fjallgarða Himalaya, sveipaða hvítri dudu eins og kröftugt listaverk eftir Christo, er í sífellu minntur á smæð mannsins.

„Sé Paradís til á jörðu,“ reit keisarinn Djehangir fyrir löngu, „er þetta hún, er þetta hún, er þetta hún.“

Það var líka í djúpum dölum Kasmír sem goðsögnin um Shangri-La varð til. En í hinni raunverulegu Kasmír eru karlar og konur ekki ódauðleg og lifa óhult frá árasum tímans. Að vetri til var Paradís ávallt stjórnað af kaldlyndum guðum. Í dag ræður dauðinn ríkjum í Kasmír. Hjálparhrópin halda áfram að berast þaðan og örvæntingartónninn fer hækkandi. Milljónir manna eru heimilislausar – talan gæti verið allt að því þrjár milljónir beggja vegna við markalínuna, hið sögulega ör sem liggur eftir andlit hans hrjáða héraðs og skiptir því í indversku og pakistönsku yfirráðasvæðin.

Samkvæmt Sikander Hayat Khan, héraðsstjóra pakistanska hlutans, þarfnast sjöttu þúsund slasaðra aðhlyningar. Margir vegir eyðilögðust í skjálftanum og

Í DAG HAMFARIRNAR Í KASMÍR



SALMAN RUSHDIE

Á meðan virðist heimurinn þjást af samúðarþreytu. Eftir flóðbylgjuna í austri og fellibyljuna í vestri, er það kannski skiljanlegt. En fólkið í Kasmír á skilið betra en það uppsker núna. Það verðskuldar að minnsta kosti ekki að gangast undir „pólitíska prófraun“ sem sker úr um hvort það eigi aðstoð skilda.

aðrir eru ófærir vegna skriðufalla og aurskriðna og Rauði krossinn segir að víða hafi þyrlur hans ekki getað lent vegna aðsúgsins sem fólkið gerði að þeim í örvæntingu sinni. Þá segja Sameinuðu þjóðirnar að berist þeim ekki meira fé á næstu dögum geti þyrlufloti þeirra ekki haldið áfram að fljúga með neyðarbirgðir.

Sú ákvörðun pakistanskra og innerskra yfirvalda að opna landamærin til að auðvelda hjálparstarf var tekin seint, en er engu að síður fagnaðarefni. En verði fé til neyðaraðstoðar ekki aukkið fljótt er hætt við að sú ákvörðun verði til einskis. Ef vetrarskýli rísa ekki á næsta mánuðum eða svo verður Kasmír að heluðum kirkjugarði þar sem hundruð þúsunda manna munu bókstaflega frjósa í hel.

Þrátt fyrir ljón í veginum berst sumum vissulega neyðaraðstoð. Alþjóðleg hjálparamtök, einkarekin líknarfélög og önnur mannúðarsamtök safna lyfjum, ábreiðum, hlýjum fötum og tjöldum fyrir fólkið á svæðunum hrjáðu.

En eins og blaðamaður frá Kasmír skrifaði mér í síðustu viku: „Enginn í þorpunum við landamærin lifir veturinn af í tjaldi.“

Á meðan virðist heimurinn þjást af samúðarþreytu. Eftir flóðbylgjuna í austri og fellibyljuna í vestri, er það kannski skiljanlegt. En fólkið í Kasmír á skilið betra en það uppsker núna. Það verðskuldar að minnsta kosti ekki að gangast undir „pólitíska prófraun“ sem sker úr um hvort það eigi aðstoð skilda.

Síðan ógæfan dundi yfir hefur fólk frá Bandaríkjunum og Evrópu samt sem áður spurt mig og fleiri sömu pólitísku spurningarinnar: Munu hamfarirnar

„hjálpa“? Munu þær leiða til þess að Inverjar og Pakistanar jafna ágreining sinn og binda loksins enda á Kasmír-deiluna?

Það má auðveldlega draga þá ályktun að hjálparvilji Vesturlanda velti á því að þessari spurning sé svarað játandi. Svárið er þó því miður nei.

Indverjar og Pakistanar eru enn tortryggirnir í garð hvor annars, eins og dæmið um indversku þyrlurnar sýnir; Indverjar buðu þær en Pakistanar vildu ekki þekkja stöðina nema pakistanskir flugmenn fengu að fljúga þeim, en því höfnuðu Indverjarnir aftur á móti. Á meðan héldu fórnarlömb jarðskjálftanna áfram að deyja.

Í ofanálag, eins og morðið á höfsömum stjórnmálamanni í Kasmír sýnir og sprengingur í Delí virðast staðfesta, kappkosta herskákir bókstafstrúarmenn að spilla fyrir öllu sem gæti leitt til þíðu í samskiptum ríkjanna. Á meðan slíkir hópar eiga sér athvarf í Pakistan er sátt ekki í sjónmáli.

Þetta ætti heldur ekki að koma vandamálinu sem við stöndum frammi fyrir við. Í rúmlega hálfa öld hefur umheimurinn skellt skollaeyrum við pólitísku vandamálum héraðsins. Hann má ekki snúa baki við fólkinu í Kasmír núna.

Ef neyðaraðstoð eykst ekki til muna umvifalaust, munu líklega fleiri verða vetrinum að bráð en létu lífið í jarðskjálftunum sjálfum. Það er líklegt þegar upp verður staðið að fleiri hafi dáðið en í flóðbylgjunni. Við stöndum ef til vill frammi fyrir hrikalegustu náttúruhamförum mannkynssögunnar.

En í þessu tilfelli höfum við kost á að afstýra því. Í þessu tilfelli getum við sent fé svo hægt verði að fljúga þyrlunum áfram, hlúa að hinum slösuðu og reisa vetrarskýli. Ef við gerum það mun fólk lifa. Enn má bjarga lífi fólks sem hefur þegar misst allt sitt, hvers heimili hefur jafnast við jörðu, hvers börn létu lífið þegar skólinn þeirra hrundi.

Ef við gerum það yrði það mikið góðverk. Ef við bregðumst – vegna þess að við erum þreytt á hamförunum eða vegna þess að Kasmír er í óra fjarlægð, afskekkt og hrjáð, og okkur finnst það ekki koma okkur við – megum við skammast okkar. Skömmumst okkar, við sem eigum heimili og börn en látum þau afskiptalaus sem eiga það ekki.

Ég trúi hins vegar ekki að hörmungar sem má afstýra, verði látnar eiga sér stað. En tíminn er naumur. Ekki einn einasti dagur má fara til spillis.

Greinin birtist áður í *New York Times*.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Halflíðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: www.frettabladid.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Eining er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Porsche Cayenne S

| | |
|------------------------|---------------------|
| Hestöfl | 340 |
| Hámarkshraði | 242 km/klst |
| 0 - 100 km/klst | 6,8 sek. |
| Gengi EUR | 71,76 |
| Verð | Aldrei betra |



PORSCHE

**Bilabúð
Benna**

Bilabúð Benna - Vagnhófa 23
Sími 590 2000 - www.benni.is

UMMÆLI VIKUNNAR

Og við munum aldrei neyða þá til að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér. Og við munum heldur ekki biðja þá um að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér.

Halldór Ásgrímsson um varnarlið Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli í setningarræðu á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins.

„Enginn fjölmiðill er því jafn hræsnisfullur og Morgunblaðið er í skrifum sínum um samvinnun fjölmiðlavalds og samfélagsvalds.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í ræðu á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á laugardag.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Og nú að velferðinni

Velferðarmál hafa verið fyrirferðamikil að undanföngu í umræðunni á Alþingi. Fyrirspurnum er svarað og stjórnarandstæðingar fá velferðarmál rædd utandagskrár. Á áhorfendapöllumunum fá menn á tilfinninguna að í miðju góðærinu sé velferðarkerfið að láta undan á ýmsum sviðum. Stjórnarandstæðingar segja nánast að afrek stjórnarflokka í velferðarmálum séu blekkingar eða Pótemkintjöld.

En ekki bara þeir

Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, lýsti áhyggjum af málefnum aldraðra í setningarræðu á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins fyrir helgina. Og vísaði meðal annars til fréttu um að aldraðir einstaklingar hafi legið látnir um lengri eða skemmri hríð heima áður en samfélaginu varð það ljóst. „Og það að það geti gerst að fólk sé eitt heima og látið þar og ekkert vitað um það jafnvel dögum saman er náttúrulega smánarblettur á íslensku samfélagi. Og það er að sjálfsgöðu vegna þess að það

vantar fólk til þess að hugsa um þessa einstaklinga. Og þar eiga menn ekki einvörðungu að hugsa til ríkisins heldur til einstaklinganna og þjóðfélagsins sjálfs. Og það hlýtur að vera að þegar ekki eru ættingjar til þess að lita til með þessu fólk þarf að huga að sjálfbærðastarfi í þjóðfélaginu sem verður til þess að það sé hugsað um það.“ Og svo bætti flokksformaðurinn við að framsóknarmenn yrðu að gera betur í málefnum aldraðra og breyta áherslum. „Okkur er það vel ljóst í Framsóknarflokki að þar þarf að gera betur. Fyrir nokkrum árum þótti það sjálfsagt að margir einstaklingar byggju saman á sama herbergi. En það er það ekki lengur. Við gerum aðrar kröfur. Og það er eðlilegt að það séu gerðar þær kröfur að aldraðir geti búið út af fyrir sig. Og við höfum lagt allt of mikla áherslu á það að aldraðir byggju á stofnunum. Við höfum lagt of litla áherslu á það að aldraðir gætu búið í sínu eigin húsnæði.“ Ætli Halldór sé hér að iðrast einhvers í framgöngu stjórnvalda í velferðarmálum?



NÆSTA VIKA

Mánudagur

Þingfundir

Priðjudagur

Ríkisstjórnarfundur - þingfundir

Miðvikudagur

Umræða um fangaflug - utanríkisráðherra svarar fyrirspurn

Fimmtudagur

Þingfundir

Föstudagur

Ríkisstjórnarfundur

VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUSSON

Tilhugalíf



Stjórnmalaviðburðir vikunnar urðu um helgina og liggja í ræðum formanna tveggja stjórnmalaflokka, Halldórs Ásgrímssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Halldór sagði í niðurlagi setningarræðu sinnar á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins að oft væri talað um tvo póla í þjóðfélagsmálum; Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna. Og sagði svo: „Það má vel vera... Ég eins og aðrir Framsóknarmenn hef viljað vera á miðjunni. Ég tel að sigur íslensks samfélags hafi unnist á miðjunni. Og það sé miðjunni að þakka að við höfum sótt fram með þeim hætti sem við höfum gert. Og það vill svo til að flokkarnir í kringum okkur hafa sótt inn á miðjuna.“

Á sama tíma skýtur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, föstum skotum á Sjálfstæðisflokkinn og vill einnig sækja inn að miðjunni. Hún sagði meðal annars: „Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki beita sér fyrir lausn þeirra verkefna eða vandamála sem samfélagið stendur nú andspænis vegna þess að hann vikur sér alltaf undan og eins vegna hins að stefna flokksins hefur átt þátt í að skapa þau. Hann mun þá fyrst taka málin á dagskrá þegar hann heldur að öllu sé óhátt. Þess vegna hlýtur Samfylkingin að taka sér stöðu andspænis Sjálfstæðisflokknum og standa vörð um miðjuna í íslenskum stjórnmalum.“

Brýningar þessara tveggja forystumanna stjórnmalaflokka, sem samanlagt eiga sjálfsagt vísan allt að helming atkvæða í þingkosningum, verða að teljast athyglisverð. Varla þarf að botna þetta fyrir hugsandi menn, en svo er að sjá sem hafið sé tilhugalíf Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar fyrir næstu kosningar. Að vísu er ætlun beggja flokka að keppa um fylgið á miðjunni. Sjálfstæðisflokkurinn er svo sem líklegur til þess að blanda sér í þann slag.

En ýmis ummæli kynda undir tilgátur um að eitthvað þessu líkt liggja í loftinu í millum Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins. Ingibjörg Sólrún mýkti útvegsbændur á þingi LÍU um daginn. Og sjálfsagt Framsóknarflokkinn í leiðinni sem telur fiskveiðistjórnunarkerfið einn af hornsteinum velgengni þjóðarinnar á síðari árum. Um leið sendir hún Sjálfstæðisflokknum eittraðar sendingar svo sem sjá má hér á síðunni.

Það gerir Halldór í rauninni líka. Eða má ekki skilja ummæli hans um varnarmál in sem sneið til þeirra sem fara með utanríkismálin í seinni tíð?

Tækifæri á miðju

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir snerist harðlega gegn Sjálfstæðisflokknum og Morgunblaðinu í ræðu sinni á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar í gær. Hún telur það sérstakt verkefni Samfylkingarinnar að verja miðjuna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi Morgunblaðið hart í ræðu sinni í gær á flokksstjórnarfundinum og sagði engan fjölmiðil þjóna jafn opinskátt tilteknum sérhagsmunum:

„Þegar deilur rísa um fortíðina vísar Morgunblaðið í sín eigin skrif til sannindamerkis um það sem raunverulega gerðist og hringurinn lokast. En Morgunblaðið skilgreinir líka okkur hin fyrir lesendum sínum – okkur sem ekki erum í Sjálfstæðisflokknum. Þannig notar Morgunblaðið ekki aðeins dagskrárvald sitt til að halda uppi merkjum Sjálfstæðisflokksins heldur til að berjast gegn þeim sem ógna stöðu flokksins og nú er það Samfylkingin.“

Ingibjörg Sólrún bætti við að engin annar fjölmiðill hefði jafn afgerandi stefnu og Morgunblaðið og beitti sér með jafn grímulausum hætti gegn einum tilteknum stjórnmalaflokkum. „Enginn annar fjölmiðill þjónar jafn opinskátt tilteknum sérhagsmunum í íslensku samfélagi. Enginn fjölmiðill er því jafn hræsnisfullur og Morgunblaðið er í skrifum sínum um samvinnun fjölmiðlavalds og samfélagsvalds. Mín vegna má Morgunblaðið vera

þessu marki brennt en ég tel mikilvægt að allir sem lesa blaðið þekki eiganda marksins. Lesendur viti um stefnuna og taki þar af leiðandi ritstjórnargreinum blaðsins með þeirri varð og sem hafa verður þegar miklir hagsmunir eru annars vegar.“

Turnarnir tveir og miðjan

Ingibjörg beindi spjótum sínum að Sjálfstæðisflokknum og sagði hann ekki vel til þess fallinn að takast á við erfið verkefni sem kalli á uppstokkun og kerfisbreytingar sem leitt geti til hagsmunaárekstra. „Flokkurinn vikur sér undan vegna þess að það er of mikið í húfi – hann gæti tapað atkvæðum. Þess vegna hafa sjálfstæðismenn látið duga að tala um velferðar- og heilbrigðismálin en alltaf látið aðra um að takast á við þau.“

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki tekið pólitísku óþægindin af þeim kerfisbreytingum sem gerðar hafa verið í sjávarútvegi – þó hann beri á þeim

fulla ábyrgð. Hann hefur heldur ekki borið hitann og þungann af stóriðjustefnunni – þó hann kyndi undir.“

Af þessum sökum taldi Ingibjörg einsýnt að Samfylkingin tæki sér stöðu andspænis Sjálfstæðisflokknum og og stæði vörð um miðjuna í íslenskum stjórnmalum. „Í því felst engin andúð eða óvild heldur raunsaett mat á aðstæðum. Fyrir þessari stöðu liggja hugmyndafræðilegar, pólitískar og praktískar ástæður. Hugmyndafræðilegar vegna þess að jafnaðarstefnan er öflugasta mótvægið við frjálshyggjuna. Pólitískar vegna þess að Samfylkingin er sá stjórnmalaflokkur á Íslandi sem hefur stærð til að takast á við Sjálfstæðisflokkinn og keppa við hann um forystuhlutverkið hvort heldur sem er í sveitarstjórnnum eða í landsstjórninni. Praktískar vegna þess að það fellur í okkar hlut að finna lausnir á þeim vandamálum misskiptingar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur skilið eftir sig. Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru einfaldlega stærstu meginfylkingarnar í íslenskum stjórnmalum og þær munu takast á um forystuna í tvennum kosningum á næstu tveimur árum.“

johannh@frettabladid.is

Pattstaða í vörnum

Varnarmálin stefna í óefni

Í setningarræðu Halldórs Ásgrímssonar á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins vöktu ummæli um samningaviðræðurnar um framtíð varnarsamningsins við Bandaríkjamenn mikla athygli. Þau eru birt orðrétt hér að neðan:

„Við höfum átt mjög gott samstarf við Bandaríkin á sviði varnar- og öryggismála. Við gerðum sérstakan samning við Bandaríkin um það mál 1993 og svo aftur 1995 og sá samningur gilti til 2001. Það eru að verða liðin fimm ár síðan sá samningur rann út. Það er að segja jafn langur tími og í gildi var samningurinn frá 1996 til 2001.“

Og hvernig má þetta vera. Auðvitað eru skýringar á þessu. Skýringarnar eru þær að það er mikill skoðanamunur á öryggismálum hér á Norður-Atlantshafi milli Íslands og áhrifamikilla aflaga í Bandaríkjunum. Það eru margir aðilar í Bandaríkjunum sem telja að varnir á Norður-Atlantshafi séu ekki nauðsynlegar í þeim mæli sem nú er. Við höfum talið að hér þurfi að vera sýnilegar varnir. Og ég er mjög ósáttur við það hversu hægt þessu máli hefur miðað. Og því miður vitum við ekki hvenær þau fara að skýrast. Við Íslendingar getum ekki verið sáttir við það að þessi mál séu með þessum hætti mikið lengur. Og við verðum að gera þá kröfu til Bandaríkjamanna að þeir tali skýrar í þessu máli. Ef þeir eru þeirrar skoðunar að hér þurfi ekki að vera sýnilegar varnir og vilji ekki standa að því, þá verða þeir að segja það. Og við munum aldrei neyða þá

til að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér. Og við munum heldur ekki biðja þá um að vera hér ef þeir vilja ekki vera hér. Og það þarf að tala skýrt í þessu máli.“

Engin lausn í nánd. Því miður

„Ef það er hins vegar staðreynd að þeir vilji ekki vera hér til að sinna nauðsynlegum vörnum þá verðum við Íslendingar að grípa til annarra ráða og endurmeta stöðuna. Við viljum vinsamleg samskipti við Bandaríkin. Og þau samskipti hafa reynst okkur vel. Við viljum líka vinsamleg samskipti við Evrópu og Norðurlöndin. Og þau samskipti hafa verið okkur mjög mikilvæg. Við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á það að treysta samskiptin við Bandaríkin en treysta jafnframt samskiptin við Evrópu. Og það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef samskiptin við Bandaríkin veikjast með einhverjum hætti þá verðum við að treysta enn betur samstarf og samskipti við Evrópuríkinn. Við erum lítil þjóð hér á Norður-Atlantshafi og við þurfum á því að halda að eiga gott samstarf við okkar nágrennaríki. Við getum ekki staðið algerlega ein og óstudd. Við verðum eins og aðrar þjóðir að eiga náð samstarf með okkar nágrennum. Þess vegna tel ég mikilvægt að þessi mál verði leidd til lykta sem allra fyrst þó ég sé ekkert sérstaklega vongóður um það að þau skýrist nægilega á næstu misserum. Eg hef satt best að segja ekki trú á því að þau muni leysast á næstu mánuðum. Því miður.“

Bara fyrir stelpur!

(fullt af leyndarmálum sem stelpur skilja)

„Hmm, látum okkur sjá.
Ég er að falla í einu fagi,
og já, alveg rétt!
Besta vinkona mín hatar mig.
Ég er 14 ára og hef aldrei
verið með strák, ég er
ekki með nein brjóst,
og alveg rétt,
eitt enn,
ég uppgötvaði
nýlega að ég er
prinsessan
af Genóvíu!“

JPV ÚTGAFA
www.jpv.is

Enn ein
Metsölubókin?



Landsliðsréttir

Hagkaupa komin í verslanir!

238 spennandi uppskriftir frá landsliði matreiðslumeistaranna



HAGKAUP

Skammtilegast að versla

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is



BREYTINGAR HJÁ SJÓVÁ Þór Sigfússon, verðandi forstjóri; Karl Wernersson aðaleigandi, Helgi Bjarnason aðstoðarforstjóri og Þorgils Óttar Mathiesen, fráfarandi forstjóri.

Þór Sigfússon verður forstjóri Sjóvá

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, hefur verið ráðinn forstjóri Sjóvá.

Þorgils Óttar Mathiesen, fráfarandi forstjóri Sjóvá, hefur keypt 40% hlut í fasteigna- og þróunarfélaginu Klasa. Þorgils Óttar mun í kjölfar fjárfestingarinnar taka við stjórnun félagsins. Aðrir eigendur Klasa eru Sjóvá og Íslandsbanki.

Stjórn Sjóvá hefur ráðið Þór Sigfússon sem forstjóra en hann mun hefja störf í desembermánuði. Þór Sigfússon hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands frá árinu 2003

en áður gegndi hann stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra Norræna fjárfestingarbankans frá árinu 1998. Þór er 41 árs gamall og er hagfræðingur að mennt.

Þá hefur Sjóvá ráðið Helga Bjarnason tryggingastærðfræðing sem aðstoðarforstjóra félagsins. Helgi mun einkum sinna verkefnum tengdum váttryggingastarfsemi félagsins. Helgi hefur starfað undanfarin ár að uppbyggingu og rekstri KB-líftryggingar, nú síðast sem forstöðumaður váttrygginga-sviðs. Helgi er 36 ára gamall.

-hh

Bankinn sendi afar skýr skilaboð við útgáfu síðustu Peningamála. Á markaði telja menn að bankinn hafi í raun boðað að stýrivextir færu í tólf prósent þegar hámarksaðhalds peningamálastefnunar væri þörf á næsta ári.

Vextir íbúðalána og hættur í hagkerfinu

Landsbankinn hækkaði vexti fyrir helgi. Búast má við að aðrir fylgi í kjölfarið. Gerist það gæti það dregið úr þörf fyrir stýrivaxta-hækkanir Seðlabankans og unnið gegn frekari styrkingu krónunnar.

Sú ákvörðun Landsbankans að hækka vexti íbúðalána sinna um 30 punkta kom mörgum á óvart.

Það að slíkir vextir myndu hækka kom ekki mörgum á óvart, en að Landsbankinn tæki frumkvæðið var eitthvað sem fæstir bjuggust við.

Flestir bjuggust við að Íbúðalánasjóður myndi stíga þetta óhjákvæmilega skref í kjölfar næsta útbóðs síns. Sjóðnum eru lagðar skyldur á herðar um að leggja ákveðinn vaxtapunktafjölda ofan á þá vexti sem þeir fá í útboði íbúðabréfa á markaði. Þeir vextir hafa farið hækkanir og því einsýnt að næsti flokkur íbúðabréfa myndi bera hærri vexti og útlán sjóðsins þar með.

Viðbrögð Seðlabankans við ákvörðun Landsbankans voru að þetta væri skynsamleg ákvörðun. Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur bankans, leyndi ekki undrun sinni á því að Landsbankinn hefði

tekið skrefið fremur en Íbúðalánasjóður. Hækkun skammtímaxta sem eru peningastjórtæki Seðlabankans hafa náð að bita í vaxtarófu langtímaxtanna. Ákvörðun Landsbankans er því til þess fallin að styðja við þau markmið Seðlabankans að koma böndum á verðbólgu og slá á þensluna í samfélaginu.

Fylgi Íbúðalánasjóður eftir og hinir bankarnir einnig mun það væntanlega kæla fasteignamarkaðinn og draga úr verðbólgu af völdum fasteignahækkana. Slíkt gæti gert það að verkum að Seðlabankinn finni hjá sér minni þörf til að hækka stýrivexti í desemberbyrjun.

Bankinn sendi afar skýr skilaboð við útgáfu síðustu Peningamála. Á markaði telja menn að bankinn hafi í raun boðað að stýrivextir færu í tólf prósent þegar hámarksaðhalds peningamálastefnunar væri þörf á næsta ári. Svo háir vextir eru eitthvað sem enginn óskar sér að séu nauðsynlegir. Vaxtamunurinn milli Íslands og helstu viðskiptalanda væri þá orðinn svo mikill að það myndi hvetja til enn frekari útgáfu erlendra skuldabréfa í íslenskum krónum.

Erlenda skuldabréfaútgáfan hefur bæði kosti og galla. Aukin útgáfa erlendra aðila dýpar gjaldyrismarkaðinn og gerir hann skilvirkari. Spákaupmenn sem vildu hreyfa gengi krónunnar með stöðutöku þurfa að kosta meiru til en ella ef markaðurinn er dýpri.

Skuldabréfaútgáfa erlendis í íslenskum krónum er þegar komin í um tíu prósent af landsframleiðslu. Nýja-Sjáland gekk í gegnum svipaða þróun og þar er erlend útgáfa 26 prósent af landsframleiðslu. Við erum lítil og heimurinn er stór, er eitthvað sem vert er að hafa í huga í þessu samband. Úti í hinum stóra heimi eru fjármálafyrirtæki sem gætu rúmað íslenska hagkerfið innan einnar deildar starfsemi sinnar. Aukinn vaxtamunur myndi hvetja til aukinnar útgáfu erlendis. Krónan hefur styrkst vegna slíkrar útgáfu og sumir hagfræðingar eru þeirrar skoðunar að styrkingin sé minni en mátt hefði búast við.

Þetta umhverfi leggur þyngrir byrðar á stjórn efnahagsmála. Seðlabankinn hefur margoft kallað eftir auknu aðhaldi í opinberum fjármálum. Skattalækkanir og hækkanir hámarkslána og hámarks lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs eru stjórnvaldsákvæðanir sem voru til þess fallnar að auka á þenslu. Seðlabankinn ber að halda verðbólgu í skefjum og tækið til

þess eru stýrivextir.

Frekari styrking krónunnar væri afar óheppileg og myndi auka líkur á timburmönnum eftir núverandi veislu. Timburmönnum sem jafna mætti við áfengiseitrun ef haldið er í veislulíkinguna.

Útflutnings- og samkeppnisgreinar hafa þolað furðu vel núverandi gengi, en jafn ljóst að vari núverandi ástand yfir langt skeið mun fyrr eða síðar fara að bera á alvarlegum rekstrarerfiðleikum og gjaldþrotum. Bankakerfið hefur því ýmsa hagsmuni af því að krónan styrkst ekki að marki umfram það sem nú er. Veikari króna skilar bönkunum meiri hagnaði nú eftir því sem erlendar tekjur þeirra vaxa. Allir eru þeir í útrás og erlendar tekjuvöxtur í starfsemi þeirra.

Álög bankanna á Íbúðaláninu eru lág og ljóst að enginn er að græða á þeim í augnablikinu. Misjafnt er hversu mikla áhættu bankarnir eru með bundna í lánunum. Þannig mun Landsbankinn hafa selt mest frá sér til Íbúðalánasjóðs og dregið með því úr áhættu sinni. Sparisjóðirnir hafa einnig minnkað áhættu af lánunum með sölu lánanna til Íbúðalánasjóðs. KB banki og Íslandsbanki hafa ekki gert það svo nokkru nemi. Þar veðja menn á að þegar jafnvægi næst á ný í hagkerfinu muni langtímaxvextir verða lægri á ný og færast nær því sem gerist í löndunum í kringum okkur.

Líklegasta næsta skref í þessari þróun er að Íbúðalánasjóður fari í útboð og hækki sín lán. Sjóðurinn er nú um stundir að endurlána uppgreiðslur lána og fjárförfin í sjóðnum ekki brýn. Þar fyrir utan er vinna í gangi þar sem Ríkisendurskoðun fer yfir starfseminna. Sú vinna gæti seinkað næsta útboði. Þó er búist við því að útboð muni fara fram á næstu tveimur vikum.

Líklegt er að hinir bankarnir bíði með vaxtaákvörðun sína fram yfir ákvörðun Íbúðalánasjóðs og reyni að krafla til sín kúnum frá Landsbankanum. Hins vegar telja margir að þeir muni síðan fylgja í kjölfarið. Það er enginn að græða á núverandi vaxtastigi, auk þess sem óvíst er hvort það að halda vöxtunum niðri til lengdar og vinna á móti nauðsynlegri kælingu efnahagslífsins gæti leitt til neikvæðrar umræðu um viðkomandi fjármálastofnun. Stærsti kúfur þessara lána sem var endurfjármögnun eldri lána er að baki og hagsmunir bankanna af að halda til streitu vöxtum sem ekki fá staðist til lengdar eru mun minni en hagsmunir þeirra af því að jafnvægi náist í efnahagslífinu. haffidi@frettabladid.is



NISSAN
ALMERA



SKIPT_ um væntingar

ÞÆGINDI OFAR ÖLLU

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, sóllúga, álfelgur og spoiler.

Almera

Verðtilboð 1.790.000.-



Ingvar Helgason

Sævarhóla 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00



RÍÐU Á VAÐIÐ Stjórn Landsbankans reið á vaðið og ákvað að hækka vexti íbúðalána. Ákvörðunin er talin skynsamleg og líklegt að aðrir muni fylgja í kjölfarið.

Ótrúlegt verð

á sófasettum á vaxtalaus tilboði

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Sérsmíðaðir hornsófar

á jóla-tilboði

þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

Þetta er ótrúlegt verð!

Vaxtalaus
verðsprengja!
aðeins
9.990*
á mán. í 10 mánuði
Verð nú 99.900,-**
Verð áður 149.900,-



Púðahornsófi 2+h+2 Paris



Hornsófi 2+h+2 bycast

** Sérsmíðaðir hornsófar 2+h+2

Ótrúlegt úrval af sófasettum



Leðurhornsófi 3+1+1 3166



Leðursófasett 3+1+1 Nice



Leðursófasett 3+1+1 Relax



Leðurhornsófi 2+h+2 3130



Leðursófasett 3+1+1 M6217



Leðursófasett 3+1+1 Dany



Leðursófasett 3+1+1 3057



Leðursófasett 3+1+1 G1982



Leðursófasett 3+1+1 3002

Gildir til 16. nóvember eða á meðan birgðir endast.

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PETTA GERÐIST > 13. NÓVEMBER 1985

Púsundir látast í eldgosí

Á þessum degi árið 1985 fórust 23 þúsund manns þegar eldgos braust út í norðanverðri Kólumbíu. Aska spýttist út úr eldfjallinu Nevado del Ruiz sem olli aurskriðum í hlíðum fjallsins með þeim afleiðingum að fjórir bæir grófust undir ösku og aur. Verst úti varð Armeroborg sem er í um 70 kílómetra fjarlægð frá höfuðborg Kólumbíu, Bogota. Borgin, sem stóð í dal undir hinu tæplega fimm þúsund metra háa eldfjalli, þurrkaðist nánast út.

Eldgosið hófst um nótt þegar flestir af þeim 27 þúsund íbúum bæjanna voru í fasta svefni. Nevado del Ruiz, sem heimamenn kalla Ljónið sofandi, hafði þá ekki gosið í um 150 ár. Virknin í hinu sofandi ljóni hélst næstu árin og gaus fjallið á ný árið 1991 og 1992. Þetta var þó ekki í fyrsta sinn sem fjallið heimti mannfórnir. Árið 1595 létust rúmlega 600 manns og árið 1845 um þúsund til viðbótar.

Aðeins eitt annað eldgos hafði kostað fleiri



NEVADO DEL RUIZ

mannslíf á tuttugustu öldinni. Það var gosið Mont Pelee á karabísku eyjunni Martiník árið 1902 þar sem 29 þúsund létust.

MERKISATBURÐIR

- 1851 Símskeytasamband kemst á milli Lundúna og Parísar.
- 1939 Þýska flutningaskipinu Parana er sókk út af Patr-eksfirði.
- 1946 Vestmannaeyjaflugvöllur er formlega tekinn í notkun.
- 1970 Um hálf milljón manna lætur lífið þegar fellibylur fer yfir austurhluta Pakistans.
- 1973 Samningur við Breta um lausn landhelgisdeilunnar er samþykktur á Alþingi, ári eftir útfærslu fiskveiðilög-sögunnar í 50 sjómílur.
- 1994 Svíar ákveða að ganga í Evrópusambandið.
- 1999 Lennox Lewis sigrar Evander Holyfield og verður heimsmeistari í þungavigt í boxi.

tímamót

timamot@frettabladid.is

GIOACCHINO ROSSINI (1792-1868) lést þennan dag.

„Wagner á undurfögur augnablik en hræðilega stundarfjórðunga.“

Gioacchino Rossini var ítalskt tónskáld sem samdi yfir þrjátíu óperur á ferli sínum.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

ANDLÁT

Jóna Guðmunda Jakobsdóttir, Skálagerði 3, Reykjavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. nóvember.

Sigríður Jósefsdóttir, Hringbraut 50, áður Tómasarhaga 44, Reykjavík, andaðist á hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 9. nóvember.

Birgir Davíð Kornelíusson lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 10. nóvember.

Don Kíkóti í 400 ár

Málþing um Don Kíkóta í 400 ár hefst í Gerðubergi í dag klukkan þrjú síðdegis og stendur til klukkan fimm. Að málþinginu standa Sendiráð Spánar, Menningarfélagið Hispánica, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli

Íslands. Tveir af helstu sérfræðingum Spánar í Don Kíkóta, Carlos Alvar og José Manuel Blecua, flytja erindi á málþinginu auk annarra. Aðgangur er ókeypis og öllum opin.



GLETTINN OG SKÝR Í HUGSUN Guðmundur fylgist töluvert með þjóðmálum og er vel inni í því sem er að gerast á landinu. Hann heldur upp á afmælið með nánustu fjölskyldu í dag.

GUÐMUNDUR DAÐASON: ELSTI KARLMAÐUR ÍSLANDS ER 105 ÁRA

Bjó í torfbæ í 33 ár

Guðmundur Daðason frá Skógarströnd á Snæfellsnesi er elsti karlmaður Íslands. Hann þykir glettinn, skýr í hugsun og fylgist vel með þjóðmálum.

Guðmundur fæddist á Dröngum, bjó hins vegar til fimm ára aldurs á Narfeyri en þaðan flutti fjölskyldan að Setbergi. Þar bjó Guðmundur í torfbæ þar til hann fann sér konuefni og keypti Ós á Skógarströnd.

Eiginkona Guðmundar hét Sigurlaug María Jónsdóttir og bjuggu þau á Setbergi allan sinn búskap frá 1933 til 1968, eða þar til bærinn brann. Eftir það fluttu hjónin til Reykjavíkur en fóru vestur á hverju vori og dvöldu fram á haust allt

til ársins 1990 þegar Sigurlaug lést. Eftir að Guðmundur flutti í bæinn starfaði hann á Gúmmívinustofu Þorsteins Kristjánssonar í Súðarvoginum, þar sem hann vann fram yfir átt-rætt. Í dag býr Guðmundur á dvalarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ en þangað flutti hann árið 1999 en hélt þó íbúð sinni í Árbæ allt til vorsins 2004.

Það er mikið langlífi í ætt Guðmundar. Móðir hans, María Andrésdóttir, var orðin 106 ára þegar hún hélt á vit feðra sinna árið 1965. Í viðtali sem Fréttablaðið tók við þennan heiðurmenn í byrjun þessa árs sagðist hann ekki finna neina breytingu á sér að

vera orðinn elstur íslenskra karla. Hins vegar væru sumir forvitnir að sjá og tala við hann. Hann hafði engar skýringar á takteinunum hvað gæti stuðlað að svo löngu og góðu lífi, hins vegar hafi hann ávallt farið vel með sig, hreyft sig mikið, aldrei reykt og drukkið lítið vín.

Guðmundur er elsti framsóknarmaður landsins og gekk í flokkinn þegar hann var stofnaður. Var hann fyrir nokkru gerður heiðursfélagi Framsóknarfélags Reykjavíkur. Guðmundur hefur lítið verið viðriðinn flokksstarfið undanfarin ár en fór þó á nokkur þorrablót fram-sóknarmanna í boði Sivjar

Fríðleifsdóttur sem þá var ráðherra en þeim Guðmundi er vel til vina.

Sjónin hefur daprast í gegnum tíðina og getur Guðmundur því ekki lesið lengur. Hann horfir þó eitt-hvað á sjónvarp, þá sérstaklega fréttir og Kastljós og íslenskar bíómyndir, einnig hlustar hann á útvarp. Guðmundur hefur gaman af því að tefla og spila bridds og hefur gert mikið af því að spila vist í Holtsbúð. Guðmundur ætlar að halda upp á þessi miklu tímamót með sínum nánustu ættingjum. Þeir eru æði margir enda á Guðmundur fimm börn, öll á lífi, en samtals eru afkomendurnir orðnir milli sextíu og sjötíu talsins.

AFMÆLI

Áslaug Brynjólfssdóttir, formaður Félags framsóknarkvenna í Reykjavík, er 73 ára.



Sigurlína Davíðsdóttir háskólakennari er 63 ára.



Whoopi Goldberg leikkona er 56 ára.



Marianna Friðjónsdóttir framleiðslustjóri er 52 ára.



FÆDDUST PENNAN DAG

1663 Árni Magnússon handritasafnari.



1850 Robert Louis Stevenson rithöfundur.



LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Ljósakross
Hefu plástakrossar frá Burek henta þeim sem vilja annast ljúnguna fremur en að leggja sér kross. Þeir eru með innbyggðu ljósi og tengjast rafmagnsleiðu í góðum um eða tálfróðu sem endur í allt að 20 daga.
Fást um land allt!
Burek
Sími 460 1760
johann@isi.is
www.burek.is

Tvö hundraðasta tölublaðið

Tímaritið Hús og híbýli hóf göngu sína í nóvember 1979 í bleikum og fjölskylduvænum umbúðum. Nú 26 árum síðar hefur tvö hundraðasta tölublaðið lítið dagsins ljós og er það hið stærsta til þessa. Þar er farið yfir sögu í máli og myndum og ber þar fyrir skemmtilegum endurminningum frá tísku hvers tíma. Til dæmis skræpóttum sófasettum í byrjun níunda áratugarins á sama tíma og myndbandssegulbandstæki ruddu sér til rúms auk þess sem ýmsir þjóðþekktir einstaklingar hafa verið sóttir heim. Á fyrsta ári blaðsins var til að mynda forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn, heim-sóttur á Bessastaði.

Júlía M. Alexandersdóttir, önnur tveggja núverandi ritstjóra blaðsins, segir blaðið í dag að vissu leyti snúa aftur til fortíðar. Í upphafi hafi mannlegi þátturinn skipað stóran sess í blaðinu sem síðar hafi minnkað. Í dag taki blaðið ekki eingöngu fyrir hönnunarpáttinn heldur einnig fólkið á bak við hönnunina og heimilin.

Nýjasta tölublaðið er til-einkað stórsýningu Húsa og híbýla sem haldin verður í nýrri og glæsilegri Laugar-dalshöll og stendur frá 17. til 20. nóvember. Þar gefst almenningi kostur á að skoða allt það nýjasta og flottasta sem til er á markaðnum fyrir nútímaheimilið. „Þarna

er nóg fyrir alla, unga sem aldna, hvort sem áhuginn snýr að hönnun eða hvað er



BLEIK FORTÍÐ Svona leit fyrsta tölublað Húsa og híbýla út árið 1979.

til af nýjum sófasettum,“ lofar Júlía.



STÆRSTA BLAÐIÐ Tvö hundraðasta tölublaðið er gefið út í tengslum við stórsýningu Húsa og híbýla í Laugar-dalshöllinni næstu helgi.



FLÍSA- OG PARKETDAGAR



VERÐDÆMI:

Eik Family.

Parket með viðarlæsingu,
kr. 2790 m²

Gólfplísar 30x30 cm.
kr. 1106 m²

Veggplísar 20x25 cm.
kr. 924 m²



Glæsilegt úrval af flísum og parketi á góðu verði

**Egill
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

Islandia

Vönduð borðstofuhúsgögn í eik og hnotu



Islandia borðstofuhúsgagnalínan er sérsmíðuð á Spáni fyrir Öndvegi. Hægt er að raða saman á fjölbreyttan hátt eftir þörfum og plássi hvers og eins.

- Komdu og skoðaðu úrvalið í Islandia línunni

Dæmi um verð:

| | |
|--------------------|----------------------|
| Buffet 165 sm. | kr. 139.900.- |
| Buffet 200 sm. | kr. 158.800.- |
| Glerskápur 110 sm. | kr. 129.800.- |
| Glerskápur 165 sm. | kr. 268.800.- |
| Borð 165x100 sm. | kr. 89.800.- |
| Borð 200x100 sm. | kr. 99.800.- |
| Borð 140x140 sm. | kr. 99.800.- |
| Leðurstóll | kr. 12.800.- |



Öpið í dag kl. 13 - 16

Öpið: Virka daga kl. 10 - 18, laugard. kl. 11 - 16, í dag, sunnudag kl. 13 - 16.

Chateau d'Ax



Hægindasófasett alklætt ítölsku leðri

Eingöngu til í brúnu leðri

| | |
|----------------|----------------------|
| 3ja sæta sófi | kr. 199.800.- |
| Tilboð: | kr. 139.800.- |
| 2ja sæta sófi | kr. 156.800.- |
| Tilboð: | kr. 109.800.- |
| Stóll | kr. 99.800.- |
| Tilboð: | kr. 69.800.- |
| 3+2+1 | kr. 456.400.- |
| Tilboð: | kr. 319.400.- |
| 3+1+1 | kr. 399.200.- |
| Tilboð: | kr. 279.400.- |
| 3+2 | kr. 356.600.- |
| Tilboð: | kr. 249.600.- |



Kakan

Ný sending af glæsilegum leðursófasettum



Model 3001
3+1+1: Verð kr. 189.800,- Leður, litur brúnn.



Model 3022
Sessalong: Verð kr. 179.800,- Leður, litur cream.



Model 3050
3+1+1: Verð kr. 169.800,- Leður, litur brúnn. 3+2+1: Verð kr. 189.800,-



Model 601
3+1+1: Verð kr. 199.800,- Leður, litir cream og brúnn.



Model 3055
3+1+1: Verð kr. 159.800,- 3+2+1: Verð kr. 179.800,- Leður, litur brúnn.



Model 558
3+1+1: Verð kr. 249.800,- 3ja+2ja sæta: Verð kr. 199.800,-
Leður, litir cream og brúnn.



HÚSGAGNAVERSLUN

Ópið í dag kl. 13 - 16

Kannski aðeins of áköf

Pótt Vilhjálmur P. Vilhjálmsson hafi verið kjörinn oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík um síðustu helgi líta margir á Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem hinn raunverulega sigurvegara, enda fékk hún langflest atkvæði allra frambjóðenda. **Bergsteinn Sigurðsson** ræddi við Hönnu Birnu.

Sjálf gefur Hanna Birna lítið út á allt vonarstjórnatal þar sem hún situr með tebolla fyrir framan sig við hvítúkað borð á Hótel Borg. „Ég hugsa ekki svona,“ segir hún. Fumlaus í tali og ákveðin í fasi ber Hanna Birna öll einkenni þess sem telur sig hafa verk að vinna og getur varla bedið þess að hefjast handa.

Sérðu eftir að hafa ekki gefið kost á þér í fyrsta sæti í ljósi þess hversu vel þér gekk?

„Ég hugsaði mig vel og vandlega um áður en ég ákvað að bjóða mig fram í annað sætið og hef ekki velt því frekar fyrir mér síðan. Ég er sátt við þessa ákvörðun í dag, ég held að hún hafi verið skynsamleg og rétt fyrir mig.“

Hvenær hófust afskipti þín af stjórnmálum?

„Þau hófust árið 1994 þegar ég vann fyrir Árna Sigfússon í prófkjöri hans fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Í kjölfarið fór ég að vinna með hóp kvenna sem kallaði sig Sjálfstæðar konur. Við störfuðum á vettvangi Sjálfstæðisflokksins og einbeittum okkur að jafnréttismálum. Okkur langaði að hrista upp í umræðunni um þau mál sem höfðu lengi verið í anda vinstri hugmynda. Við nálguðumst hugmyndina um jafnrétti út frá einstaklingsfrelsi og jafnrétti í reynd; konur eru jafn hæfar og karlar og eiga að fá að nálgast samfélagið á nákvæmlega sama hátt og þeir.“

Stærsta baráttumál okkar var jafn réttur kynjanna til töku fæðingarorlofs. Það var lyklatríði í okkar augum og eftir á að hyggja er ég sannfærð um að það var rétt mat. Þegar þetta baráttumál varð að veruleika fannst okkur við hafa náð þeim markmiðum sem við höfðum sett okkur.“

Finnst þér staða kvenna í Sjálfstæðisflokknum góð?

„Ég hef lengi haldið því fram að konur hafa sömu tækifæri og karlar í Sjálfstæðisflokknum. Mér hefur aldrei fundist það hamla mér í flokksstarfinu að ég er kona.“

Ég held reyndar að staða kvenna í stjórnmálum almennt hafi verið og sé að breytast mikið. Viðhorf til þátttöku kvenna hafa breyst verulega frá því að ég hóf afskipti mín af stjórnmálum og konur hafa náð miklum árangri.

Ef það er eitthvað sem út af stendur er það frekar atvinnulífið sem er eftirbátur stjórnmálanna í þessum efnum. Þetta snýst allt um viðhorf og vilja og ég tel að því miður séu viðhorfin í atvinnulífinu ekki nógu jafnréttissinnuð. Það er þó ekki aðeins við karla að sakast í þessum efnum heldur okkur öll og á meðan viðhorfin breytast ekki verður jafnrétti ekki náð.“

Hefurðu alltaf verið til hægri í skoðunum?

„Ég hef alltaf verið pólitískt þenkjandi. Ég er alin upp í Hafnarfirði sem er mikið krataumhverfi. Ég er til dæmis komin af hægri krötum sem fundu sér farveg í Alþýðuflokknum en hafa ekki fundið sig hjá vinstri flokknum í dag.“

Sjálf sagt var ég lituð af þessu á einhverju tímabili en ég las stjórnmálafræði og velti stjórnmálum mikið fyrir mér í háskólanum og var aldrei í neinum vafa hvar ég stæði, þótt ég skráði mig ekki í flokk fyrr en upp úr tvítugu. Ég held það slái alltaf ákveðinn grunntónn í öllum sem eru á annað borð pólitískir í hugsun og ég velktist svo sem aldrei í vafa.“

Hvers vegna heilla stjórnmál þig?

„Frá því að ég var lítil hefur pólitíkin alltaf höfðað til mín og mér finnst stjórnmál ofboðslega skemmtileg. Það er svo heillandi tilhugsun að geta haft áhrif á umhverfi sitt, að fylgja góðum hugmyndum eftir og sjá þær verða að veruleika. Það eru forréttindi að fá að taka þátt í því.“

Hvers vegna valdirðu borgarmálin frekar en landsmálin?

„Landsmálin heilla mig líka en það er sennilega vegna þess að mér fannst verkefnið í borginni svo brýn.“

Reykjavík er yndisleg borg og ég vil hvergi annars staðar búa en það er hægt að búa til svo miklu betra samfélag hér. Þess vegna vildi ég finna mér farveg í borgarmálunum. Þetta hefur líka verið ákaflega lærdómsríkur tími frá því ég kom inn í borgarstjórn fyrir fjórum árum.

Nálægðin við fólkið er líka mikil og það er svo margt sem gerist á þessu stigi. Við tökum ákvarðanir um smæstu mál upp í þau stærstu, til dæmis menntamál, fjármál



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Segist ábyggilega eiga það til að vera hvöss og oft heitt í hamsi þegar stjórnmál ber á góma. Hún segir að sér sé illa við það þegar reynt er að breyta fólki og ákvað fyrir löngu að vera hún sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

eru ekki óskahlutskipti fyrir okkur sem störfum í stjórnmálum.

En það er líka ákveðinn lærdómur fólginna í þessu og að mörgu leyti hefur þetta þroskað mig. En ég er bjartsýn fyrir kosningarnar í vor. Ég held að þar sé gríðarlegt tækifæri, ekki aðeins fyrir Sjálfstæðisflokkinn heldur fyrir Reykjavík.“

Andstæðingar þínir segja þig stundum neikvæða og jafnvel freka. Er það svo?

„Ég heyri þetta stundum. Ég á það ábyggilega til að vera hvöss og er oft heitt í hamsi þegar ég tala um stjórnmál. Það er bara í mínum karakter en mér er hins vegar illa við það þegar reynt er að breyta fólki og ákvað fyrir löngu að vera ég sjálf.“

Kannski er ég aðeins of áköf en ég er ekki of upptekin af því. Ég tala um mín hjartans mál eins og mér er tamt.“

HANNA BIRNA Í HNOTSKURN

Fædd: 12. október 1966.

Eiginmaður: Vilhjálmur Jens Árnason heimspekingur og forstöðumaður hjá Útflutningsráði.

Börn: Aðalheiður sjö ára og Theódóra Guðný eins árs.

Menntun: BA-próf í stjórnmálafræði og MSC-próf í alþjóða- og evrópskum stjórnmálum.

Bókin á náttborðinu: Málsvörn og minningar eftir **Matthías Johannessen**.

og svo framvegis. Þetta er allur skalinn. Í dag er ég enn sannfærðari um þær áherslur sem ég hef trú á og tel mikla þörf fyrir þær í borginni.“

Er það ekki gremjulegt fyrir þann sem vill koma hugmyndum sínum í framkvæmd að vera í minnihluta?

„Það er eitthvað sem maður tekur á. Það er auðvitað engin sælutilfinning að vakna daginn eftir að hafa tapað kosningum og þetta

Hver eru þín hjartans mál?

„Ég vil sjá góðar hugmyndir verða að veruleika, sérstaklega þær sem snúa að því að auka val fólks og tækifæri. Ég vil sjá samfélag þar sem fólki er treyst til að velja fyrir sig sjálf. Stjórnmál eiga að búa til ákveðinn ramma sem býður fólki upp á val.“

Ég er sannfærð um það að fólkið þarna úti er miklu betur til þess fallið að velja fyrir sig en ég. Þetta skortir á öllum sviðum. Ég á tvær dætur; eins og sjö ár og í gegnum

barnauppeldið sé ég svo mikið af ónýttum tækifærum til dæmis í skólumálum.

Einkarekstur er ekki markmið í sjálftu sér heldur það að geta veitt börnum okkar bestu mögulegu menntun og það gerum við með því að gefa fólki val. Þá skapast fjölbreytileiki og aðhald og þannig búum við til það besta. Þetta finnst mér líka mjög brýnt í málefnum eldri borgara.“

Ertu frjálshyggjumaður?

„Ég trú á frelsið og einstaklinginn og treysti honum. Það er mín sýn á pólitík.“

Hvaða áhugamál áttu þér?

„Stjórnmál eru mitt helsta áhugamál. Sú ákvörðun að taka þátt í stjórnmálum felur í sér að vinnan verður líka manns tómsundastarf.“

Það kemur vissulega fyrir að ég þarf að komast frá. Þá finnst mér gott að vera með fólkinu mínu. Ég les líka, ferðast og reyni að hitta vini mína en það er ekki mikill tími fyrir annað. Við hjónin látum dætur okkar hafa forgang í frístundum okkar og annað vika.“

Þótt pólitíkin taki frá manni mikinn tíma má heldur ekki gleyma að hún býður upp á sveigjanleika sem önnur störf gera hugsanlega ekki. Ég hef að minnsta kosti aldrei upplifað þetta sem bagga heldur finnst mér það þvert á móti forréttindi að fá að taka þátt í stjórnmálum.“

Hvernig sérðu þinn eiginn frama fyrir þér? Stefniðu á að verða oddviti flokksins í borginni eða skipta yfir í landsmálin?

„Ég vil ekki hugsa framgang minn í stjórnmálum út frá embættum eða stöðum heldur út frá því hvaða hugmyndum og góðu verkum ég kem í framkvæmd. Ef ég fer einhvern tímann að hugsa um stjórnmál út frá embættum er kominn tími til að yfirgefa þennan vettvang og snúa sér að einhverju öðru.“

EDDA 2005



ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNIN

Edduverðlaunin verða veitt í kvöld á Nordica Hótel
Bein útsending Sjónvarpsins hefst kl. 20:00

Veitt verða verðlaun í eftirfarandi flokkum:

- | | |
|---|--------------------------------------|
| 1. Leikari/leikkona í aukahlutverki | 9. Skemmtipáttur ársins |
| 2. Hljóð og tónlist | 10. Leikið sjónvarpsefni ársins |
| 3. Tónlistarmyndband ársins | 11. Leikari/leikkona í aðalhlutverki |
| 4. Myndataka og klipping | 12. Stuttmynd ársins |
| 5. Heimildamynd ársins | 13. Sjónvarpsþáttur ársins |
| 6. Útlit myndar | 14. Heiðursverðlaun |
| 7. Stuttmyndakeppni ÍKSA / Hvatningarverðlaun Landsbankans | 15. Leikstjóri ársins |
| 8. Handrit ársins | 16. Bíómynd ársins |
| | 17. Sjónvarpsmaður ársins |



SJÓNVARPIÐ

Forval á sjónvarpsmönnum
ársins með hjálp:



vísir

Ert þú búin(n) að kjósa sjónvarpsmann ársins?

- 900-9901: Auðunn Blöndal
- 900-9902: Hermann Gunnarsson
- 900-9903: Pétur Jóhann Sigfússon
- 900-9904: Silvía Nótt
- 900-9905: Þórhallur Gunnarsson

Símtalið kostar 99 krónur

Símakosning sjónvarpsmanns
ársins með hjálp:



ÚRSLIT KYNNT Í BEINNI ÚTSENDINGU Í KVÖLD!

Framkvæmdastjórn
Eddunnar 2005
er í höndum
Storm Events



Bakhjarlar Eddu 2005 eru:

FRÉTTABLAÐIÐ

Nordica hotel
ICELANDAIR HOTELS

E d d a



HANS PETERSEN

BÍLALEIGA
AKUREYRAR
Mótor

National
Car Rental

EDDA 2005

EDDA 2005

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

Efasemdir um uppruna Gamla sáttmála

Sagnfræðingar taka róttækri kenningu um að eitt örlagaríkasta skjal þjóðarsögunnar sé tilbúningur af varúð en með opnum huga.

Líklega er ekkert hugtak Íslands-sögunnar þekktara en *Gamli sáttmáli*, samningurinn örlagaríki sem leiðtogar Íslendinga eru sagðir hafa gert við Noregskonung nauðugir viljugir í lok 13. aldar, þegar þeir voru orðnir uppgefnir á ófriði Sturlungaaldar. Frá blautu barnsbeini hefur landsmönnum verið kennt að með þessum samningi hafi snögglega lokið tíma hins frjálsa þjóðveldis sem landnámsmennirnir stofnuðu á niundu öld. Með Gamla sáttmála hafi Íslendingar gengið Noregs-

konungi á hönd, fallist á að greiða honum skatt og uppfylla ýmsar skyldur sem þegar hans en á móti notið ýmissa réttinda, þar á meðal tryggt sér ákveðinn fjölda skipaferða til landsins.

Til Gamla sáttmála skírskotudu Íslendingar jafnan í skiptum sínum við konungsvaldið í Noregi og síðar Danmörku. Á 19. öld var Gamli sáttmáli eitt helsta vopnið í sjálfstæðisbaráttunni. Jón Sigurðsson forseti hélt því fram að sáttmálinn væri til marks um að Íslendingar hefðu aldrei fallist á

innlimun í norska og síðar danska ríkið heldur hefði frá upphafi verið um persónulegt samband við konung að ræða.

Gamli sáttmáli er varðveittur í tugum afrita en ekkert þeirra er eldra en frá miðri 16. öld. „Samt mun þar að finna upprunalegan texta“, segir í *Íslandssögu* Björns Þorsteinssonar (Reykjavík 1991) og er það hin viðtekna skoðun hér á landi. Uppskriftirnar eru ekki einu heimildirnar um gerð sáttmálans því að samningur við Noregskonung er nefndur í ýmsum miðaldaritum, annálum og sögum.

Nafngiftin Gamli sáttmáli er ekki alveg nákvæm því um er að ræða nokkra sáttmála sem talið er að gerðir hafi verið á árunum 1262 til 1302. Sá þeirra sem talinn er elstur er yfirleitt kallaður Gissurarsáttmáli, kenndur við Gissur jarl Þorvaldsson. Sáttmálarnir sem gerðir voru 1263, 1264 og 1302 ganga hins vegar undir nafninu Gamli sáttmáli, en oft er það heiti einnig haft um samningana í heild.

Fræðikona frá Brasilíu, Patricia Piers Boulhosa, sendi í vor frá sér ritið *Icelanders and the Kings of Norway – Mediaeval Sagas and Legal Texts* sem byggir er á tveggja ára gamalli doktorsritgerð hennar við Cambridgeháskóla á Englandi. Þar dregur hún upp mynd af samskiptum Íslendinga og Noregskonunga á miðöldum sem er nokkuð frábrugðin því sem við höfum átt að venjast. Hún telur að endalok þjóðveldis og upphaf norsks konungsvalds á Íslandi hafi ekki verið einstakur *atburður* á árunum 1262 til 1264 heldur *ferli* sem byrjað hafi miklu fyrr. Og hún hafnar því með ýmsum rökum að fyrrmenn Íslendinga hafi gert sáttmála við fulltrúa Noregskonungs í lok 13. aldar. Í því sambandi bendir hún á að einkennilegt sé að jafn mikilvægur samningur hafi ekki varðveist í upprunalegu skjali, hvorki hér á landi eða í Noregi. Seinni tíma uppskriftir séu að ýmsu leyti mót-sagnakenndar. Mikilvægast sé þó að efni Gamla sáttmála passi ekki við aðstæður á Íslandi á þeim tíma sem hann eigi að hafa verið gerður. Íslendingar hafi þá búið við



Elsta uppskrift Gamla sáttmála, frá miðri 15. öld.

Rakhnísvinnubrögð

Ármann Jakobsson fræðimaður

Bók Patriciu Pires Boulhosa um skipti Íslendinga og Norðmanna á 13. öld er mjög áhugaverð. Hún er gagnrýnin á margar fyrri kreddur og er ekkert nema gott um það að segja.



Hún hafnar því að í Íslendingar hafi verið uppreisnargjarnir og tortryggir í garð „erlendis valds“, eins og íslenskir fræðimenn reiknuðu gjarnan með á 20. öld, er þeir litu á þessa sögu augum sjálfstæðisbaráttunnar. Jafnvel Egils saga er ekki ádeila á norska konunga að hennar mati. Mér líkar þessi gagnrýna afstaða vel. Söguskoðun á hverjum tíma mótast gjarnan af ríkjandi viðhorfum í samfélaginu og sjálfstæðisbaráttan hafði meiri áhrif á viðhorf okkar til 13. aldar meira en við höfum viðurkennt.

Liður í þessari rannsókn er gagnrýnin skoðun á Gamla sáttmála og Gissurarsáttmála. Þessir textar voru grundvallarskjöl

í íslenski sjálfstæðisbaráttu en PPB telur að í núverandi mynd séu þessi skjöl frá 15. öld og mótist af stjórnmálaástandi á dögum Kalmarsambandsins, þegar stöðu jaðarríkja eins og Íslands var skyndilega ógnað. Hún telur að sáttmálarnir hafi orðið til sem viðbrögð við því enda séu engin handrit þeirra eldri en frá 15. öld. Ég þarf tíma til að kyngja þessu. Benda má á hvers margir textar eru aðeins til í einu skjali svo að slík fjarvistarrök eru vandmeðfarin. Íslendingabók Ara er ekki til nema í 17. aldar handriti.

En burtséð frá einstökum niðurstöðum kann ég vel við þessi rakhnísvinnubrögð. Hún spyr: Nákvæmlega hvaða sönnunargögn höfum við fyrir háum aldri Gissurarsáttmála og Gamla sáttmála? Hvað neyðir okkur til að trúa að þeir séu frá 13. öld? Þó við tökum ekki undir greininguna á Kalmarsambandsvandanum getur verið gagn af að snúa sönnunarbryðinni við og efast um forsendurnar fyrir hvers kyns fræðilegri þekkingu. Þannig miðar vísundum áfram.

Sannfærandi hugmyndir


Már Jónsson prófessor

Hugmyndir Boulhosa eru sannfærandi og ég spái því að frekari athuganir muni styrkja þær.



Husanlega var eitthvað skráð um samkomulag Íslendinga og Noregskonunga árin 1262 og 1302, en þeir textar eru þá glataðir. Textinn sem kenndur er við árið 1262 er varðveittur í tveimur handritum frá miðri 16. öld. Enginn vissi af honum fyrr en Jón Sigurðsson gaf hann út í fyrsta bindi *Íslenzks fornbréfasafns* um 1870 og Jón sjálfur þekkti ekki til hans í fyrsta bindi *Lovsamling for Island* árið 1853. Boulhosa færir óbyggjandi rök fyrir því að þessi texti sé umritun á hinum textanum, sem Jón Sigurðsson taldi að væri frá 1263-1264 en aðrir fræðimenn hafa fært til ársins 1302 þegar nýr konungur var hylltur. Sú skoðun er nú viðtekin. Boulhosa fullyrðir að textinn

hafi verið tekinn saman í pólitískum tilgangi fyrir miðja 15. öld þegar íslenskir höfðingjar deildu hart á konung sem vildi banna þeim að skipta við enska kaupmenn. Að hennar mati hugðust höfðingjar sýna fram á að konungur hefði ekki rækt skyldur sínar gagnvart Íslandi, til dæmis með því að senda sex kaupskip til landsins á hverju vori. Fyrir þessu færir hún ýmis rök sem tengjast atburðum á tímabilinu. Jafnframt bendir hún á að elstu handrit textans eru skrifuð um miðja 15. öld. Textinn líkt og sprettur fram á sjónarsviðið og verður vinsæll á augabragði. Þetta mætti vitaskuld útskýra með því að einhver hafi fundið fornt eintak hans og komið því í dreifingu en skýring Boulhosa er nærtækari: textinn var búinn til! Ýmis atriði þarf raunar að skoða betur en á meðan því verki vindur fram er rétt að hafa fyrir satt að Gamli sáttmáli sé ekki lengur til. Verður gaman að fylgjast með fræðilegum og pólitískum afleiðingum þeirrar uppgötvunar næstu árin.



Titilsíða bókar Boulhosa

gód kjör og hafi ekki þurft að biðja auðmjúklega um skipaferðir til landsins. Áftur á móti telur Boulhosa að efnið rími vel við ástandið hér á landi tveimur öldum síðar. Kenningin er að þá hafi forystumenn Íslendinga búið til Gamla sáttmála til að styrkja stöðu sína í

samskiptunum við konungsvaldið í Noregi. Slíkur skjalatilibúningur er ekkert einsdæmi fyrr á öldum. Mál sitt stýður Boulhosa með ítarlegum tilvitnunum í miðaldaskjöl og skrif fræðimanna. Hún fullyrðir ekkert um það hverjir hafi staðið fyrir gerð Gamla sáttmála á fimmtánda öld, en segir í lokaorðum bókarinnar að frekari rannsóknir geti hugsanlega leitt í ljós hvernig þessir textar urðu til og hverjir sömdu þá. Boulhosa notar ekki orðið „fölsun“ í sambandi við gerð Gamla sáttmála á 15. öld heldur „tilbúningur“, því hún telur að skjalið sem búið var til kunni að hafa endurspeglad hugmyndir höfundanna um raunverulegan samning tvö hundruð árum fyrr.

Boulhosa var stödd hér á landi í vikunni sem leið og flutti þá fyrirlestur um kenningu sína. Íslenskir sagnfræðingar virtust tilbúnir til að skoða hugmyndir hennar af opnum huga en ýmsir þeirra hafa þó efasemdir um margt sem hún hefur fram að færa. Fréttablaðið leitaði til fimm íslenskra fræðimanna og bað þá að segja í óruttu máli álit sitt á kenningu Boulhosa um að Gamli sáttmáli væri seinni tíma tilbúningur.

- gm

Hvetur til varkárni

Helgi Þorláksson prófessor



Patricia Boulhosa bendir á að Gamli sáttmáli sé ekki til í eldri handritum en frá um 1450, gerðin frá 1262 jafnvel í enn yngri handritum. Fyrri fræðimenn hafa auðvitað staldrað við þetta og velt fyrir sér hugsanlegum breytingum frá frumgerð en talið sig geta fengið nokkuð skýra mynd af henni. Boulhosa kemst að annarri niðurstöðu og staldrar ekki aðeins við að erfitt sé að fá mynd af frumgerðinni. Hún telur að Gamli sáttmáli hafi orðið til á 15. öld. Það er einkum ákvæðið um sex skipa siglingu frá Noregi árlega sem bendir henni til þessa, ekki hafi verið eðlilegt að miða aðeins við sex skip árið 1262, því að verslunarsigling hafi verið líf-

leg þá. Boulhosa telur að fjöldinn hafi hins vegar verið eðlilegur snemma á 15. öld þegar norsk verslunarsigling var að lognast út af. Skipafjöldans er fyrst getið í samtímaskjali 1419 þar sem 24 Íslendingar á Þingvöllum segja, „En vorar réttarbætur gjöra svo ráð fyrir að oss skyldi koma sex skip af Noregi árlega“. Þar sem það hafi ekki gerst lengi segjast þeir mega versla frjálst við útlendinga, þvert á bann konungs. Þeir munu þá einkum eða eingöngu eiga við Englendinga. Mér finnst ósennilegt að helstu ráðamenn hafi þorað að fullyrða þetta og vísa í réttarbætur ef þetta var blekking ein. Enskt kaupskip kom fyrst til landsins 1413 svo að réttlættingin ætti að hafa verið nýleg. Boulhosa segir að óvíst sé að þetta bréf hafi borist konungi, enda ekkert svar til, og eins segir hún að hvergi komi fram að konungur hafi við-

urkennt þennan skipafjölda. Þó kemur fram í bréfi konungs frá 1431 (aðeins til í útdrætti) að 12 skip skyldu vera í förum árlega, sex fara til Íslands, önnur sex koma þaðan. Enn fremur segir þar að konungur ráðstafi frá fornu fari fjórða parti í hverju skipi (Ísl. fornbréfasafn XVI, 259). Þetta virðist vera gamall siður og er sannfærandi því að konungur þurfti að tryggja reglulega flutninga á skatti frá landinu. Ekki verður sannað að svona hafi ákvæðið verið 1262 en líklegt er að Íslendingum hafi þótt þessi fjöldi við hæfi. Skynsamlegt er og gagnlegt að kanna betur en gert hefur verið hvort hugmyndir og hagsmunir Íslendinga á 15. öld hafi mótað Gamla sáttmála 1262 og 1302 frekar en hingað til hefur verið talið líklegt. Þess vegna ber að fagna rannsóknunum Boulhosa sem hvetja okkur til meiri varkárni í ályktunum.

Verða ekki véfengdar

Guðrún Ása Grímsdóttir fræðimaður á Árnastofnun

Guðrún Ása kvaðst ekki hafa kynnt sér bók Patriciu Boulhosa en hafði þetta að segja almennt um málið:

Fullvíst er að margt er enn að athuga við tímasetningar aldagamalla skjalauppskrifta. Jafn víst er að ekki verða rengdar frásagnir annála, Sturlunga-sögu og Hákonarsögu Hákonarsonar af því þegar fyrimenn Íslendinga 1262/64 sóru Norðegskonungum, Hákonni Hákonarsyni og Magnúsi Hákonarsyni, trúnaðareiða, land og þegna og ævinlegan skatt en Hákon hét á móti hlunnindum og réttarbótum. Um þetta segir Sturlunga að hafi verið gerður bréflægur skildagi eða sáttmáli. Sá hefir breyst að orðalagi, efni og áherslum í samræmi við breytingar á stjórnarháttum og aðstæðum í norska konungsríkinu eftir því sem tímar liðu. Upprunaleg gerð sáttmálans hefir því fallið úr gildi þegar sáttmáli Noregskonungs og Íslendinga var endurnýjaður aftur og aftur eftir kröfum valdhafa nýrra tíða. Þetta hefir mönnum ævinlega verið ljóst. Í útgáfu sinni á elstu gerð sáttmála Íslendinga við konung segir Jón Sigurðsson m.a. að auðsætt sé að „form sáttmálans hefir fyrnt fyrir hinum, sem síðar voru ritaðir, og þau handrit sem nú eru til af þessu elzta formi sáttmálans eru bæði ný og sum nokkuð afbökðu“ (Íslenzkt fornbréfasafn I, 619). Frásögn af atburðunum í elstu gerð íslenskra miðaldanna (Konungsannál) er varðveitt í skinnhandriti frá því um 1300



og er í ákveðnum megingreinum samhljóða orðum sáttmálans sem varðveittur er í fjölda gerða í misaldrum handritum ásamt landslögum og réttarbótum. Ófært er að endurgera upprunalega gerð sáttmálans eftir varðveittum textum, en væri um tilbúning að ræða, hvað þá um landslagabókina sjálfa sem ekki er varðveitt í frumriti? Lög og reglur jafnt og sættargerðir og sögur taka breytingum í straumum tímana. Áreiðanlegar heimildir eru fyrir því að elsta gerð sáttmála konungs og Íslendinga varð til um 1262/64. Sú er nú týnd, en að telja hana 15. aldar tilbúning hlýtur að vera misskilningur á þroskabrotum hins íslenska þjóðskipulags fyrri tíða og torráðnum breytingum sem skrifaðir textar tóku í aldanna rásunum.

Sólin á Kanarí - á alvöru verði!



Apollo, einn stærsti ferðaskipuleggjandi á Norðurlöndum, hefur numið land á Íslandi. Um leið bjóðast Íslendingum enn fleiri áfangastaðir á kjörum sem norræn frændsystkini hafa ein setið að til þessa.



Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

LANGferðir

Verðdæmi:

18. jan. San Agustin

1 vika í tvíbýli í stúdíóíbúð

Netverð á mann **37.990,-**
með öllum sköttum

15. mars San Agustin

2 vikur í tvíbýli í stúdíóíbúð

Netverð á mann **48.990,-**
með öllum sköttum

18. jan. Playa del Inglés

Fjögurra manna fjösk., þar af 2 börn 2ja-17 ára, í 1 viku í 2ja herb. íbúð

Netverð á mann **39.145,-**
með öllum sköttum

Barnaverð

Fast barnaverð (netbókun) fyrir 2ja-17 ára sem búa með 2 fullorðnum aðeins

Vikuferðir **36.000,-**
með öllum sköttum

2ja vikna ferðir **38.000,-**
með öllum sköttum

Takmarkaður sætafjöldi!

apollo

www.apollo.is • 5 100 300

Skemmtilegt álitamál

Gunnar Karlsson prófessor

Það er skemmtilegt álitamál sem Patricia Boulhosa hefur komið með inn í íslenska miðaldasögu og sjálfsagt að hugleiða það vandlega. Það hef ég varla gert ennþá en í fljótu bragði sýnist mér einfaldast að gera ráð fyrir að Gamli sáttmáli sé í meginatriðum frá 13. öld, eins og jafnan hefur verið haldið. Gegn kenningu Boulhosa mælir fleira en rúm er til að nefna hér. Ég drep aðeins á tvennt:

Annað er það að Gamli sáttmáli er til í mörgum handritum og ólíkum gerðum í einstökum atriðum. Hann kemur inn í samþykktir sem Íslendingar gerðu á fyrstu öldum konungsvalds í landinu, svokallaða Skálholtssamþykkt sem er árssett 1375 og Áshildarmýrarsamþykkt 1496. Sennilegast virðist að löng textasaga sé á bak við varðveittar gerðir sáttmálans. Það kemur líka furðuvel heim við sögulegar staðreyndir að ein gerð sáttmálans sé frá því að hann var samþykktur fyrst á alþingi árið 1262, önnur þegar hann var staðfestur vegna valdatöku Hákonar konungs háleggs, árið 1302, hin þriðja frá konungshyllingu Magnúsar konungs Eiríkssonar 1320.

Hitt er það að Boulhosa tilfærir helst til rýra ástæðu til þess að Íslendingar færu að búa Gamla sáttmála til á 15. öld. Hún heldur að þeir hafi viljað réttlæta verslun sína við Englendinga með því að segja að konungur hafi ekki staðið við skuldbindingu um að láta sex skip ganga til landsins árlega. Því hafi þeir búið til heilan sáttmála við konung þar sem eitt atriðið fjallaði um þessar skipaferðir. Þetta virðist nokkuð langsótt, líka af því að konungur hafði varla tók á því á þessum tíma að hindra verslun Íslendinga við Englendinga.

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



Opið lau.: 11:00 - 16:00

Opið sun.: 13:00 - 16:00



RÓBERT MARSHALL Í HÚSAKYNNUM NFS Blað verður brotið í íslenskrá fjölmiðlun á föstudag þegar sérstök fréttasjónvarpsstöð hefur útsendingar. Róbert segir keppt að því að fá meira áhorf á kvöldfréttir en RÚV nýtur og bjóða um leið upp á betri fréttatíma. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fréttapörsta Íslendinga svarað

Ný sjónvarpsstöð, NFS, fer í loftið föstudaginn 18. nóvember. Fréttir og fréttatengt efni verður uppistaða dagskrárinnar og standa útsendingar í sextán klukkustundir á dag. Róbert Marshall, forstöðumaður NFS, óttast ekki að of lítið sé að fréttá litla Íslandi til að halda úti sérstakri fréttasjónvarpsstöð og heitir um leið áhorfendum betri fréttum en nú er boðið upp á í sjónvarpi.

Útsendinga nýju fréttastöðvarinnar hefur verið beðið með talsverðri eftirvæntingu. Sumir biða í ofvæni eftir að fá loksins íslenska sjónvarpsstöð sem eingöngu sendir út fréttir og fréttatengt efni en aðrir biða eftir að sjá hvort þetta sé virkilega hægt. Hvort slíkt framboð sé af fréttum að heil sjónvarpsstöð geti þrífist utani um efnid. Og einnig er spurt um eftirspurnina. Er áhugi Íslendinga á fréttum nægilega mikill? Róbert Marshall velkist ekki í vafa um það. „Kannanir sýna ítrekað að fréttir eru eftirsóttasta efni sem boðið er upp á í sjónvarpi og Íslendingar eru mjög fréttapörsta þjóð,“ segir hann og bendir á að nú þegar haldi miðlar í eigu 365, sem á og rekur NFS, úti umfangsmikilli fréttasjónvarpsstöð á mörgum vígstöðvum. „Við höfum í tilraunaskyni sent út langa fréttatíma á hverri klukkustund á Talstöðinni og höfum ekki átt í vandræðum með að fylla þá. Framboðið er til staðar og það er klárlega eftirspurn. Þetta er hins vegar ekki endilega spurning um hversu mikið er í fréttum eða hversu margir vilja horfa. Þetta er spurning um hversu vel þetta er gert og við ætlum að gera þetta mjög vel.“

Stefnt á meira áhorf en RÚV

Markmið NFS er, að sögn Róberts, að skáka kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins sem löngum hafa notið meira áhorfs en kvöldfréttir Stöðvar 2. „Við stefnum á meira áhorf á okkar kvöldfréttir og ætlum líka að vera með betri fréttatíma.“ Og fréttastefnan er ekki gripin úr skjónum heldur sótt í grunn fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar. „Ef fólk hefur líkað sú fréttastefna í gegnum árin mun því líka við fréttastofu NFS. Þetta er ívið ágengari stefna en hjá RÚV og gagnrýni þjóðfélagsmæra. Samt sem áður segjum við fréttir af fólk af virðingu og nærgætni. Við getum sagt að munurinn verði sá að fólk segi: jahérna, yfir fréttum RÚV þá er það vegna þess að Bogi Ágústsson hefur skipt um hárgreiðslu.“

Róbert segir NFS ætla að flytja fréttir af öllu sem gerist í samfélaginu og þegar stór mál komi upp þurfi fólk ekki að velkjast í vafa um á hvaða stöð það eigi að stilla. „Fólk þarf heldur ekki að velja fyrir sér hvort boðið verði upp á aukafréttatíma í sjónvarpi þegar eitthvað stórt er í vændum, við verðum með fréttina og fjöllum um hana þegar hún gerist.“

Rekin fyrir tekjur af auglýsingum

Undir hatt NFS sameinast fréttasjónvarpsstöð sem veitt hefur verið á fjölmörgum fjölmiðlum 365. Fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjunnar rennur inn í nýju stöðina sem og Visir.is. Dagskrárgerð á Talstöðinni verður hætt en í staðinn hægt að hlýða á útsendingar NFS. Þá færast dægurmála- og spjallþættir Stöðvar 2, Ísland í bítíð, Ísland í dag og Silfur Egils, undir hatt NFS en verða samsendir á Stöð 2. Sama máli gegnir um kvöldfréttirnar.

Um 90 manns munu vinna á NFS og segir Róbert starfsemina vissulega kosta sitt. En með hliðsjón af núverandi fréttasjónvarpsstöðum 365 aukist kostnaðurinn ekki mikið. „Við stöndum þegar í umfangsmikilli starfsemi sem nú fellur undir NFS þannig að viðbótarkostnaðurinn er ekki eins mikill og fólk kannski ætlar. Og miðað við þær tölur sem ég hef heyrt af rekstri fréttastofa Útvarps og Sjónvarps hjá ríkinu erum við að reka þetta batterí fyrir minni pening.“

Útsendingarnar verða í opinni dagskrá og verður starfsemin fjármögnuð með auglýsingum. „Nú þegar erum við með fréttasjónvarpsstöð á mjög mörgum sviðum og alls staðar eru seldar auglýsingar. Vinsælustu auglýsingatímarnir eru í kringum fréttir því þar er mesta

Fólkið á NFS

SKAFTAHLÍÐ 24



Sigmundur Ernir Rúnarsson



Þór Jónsson



Þórir Guðmundsson



Edda Andrésdóttir



Heimir Karlsson



Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir

ÍSLAND Í BÍTÍÐ

FRÉTTASTOFA



Heimir Már Pétursson



Logi Bergmann Eðsson



Svavar Halldórsson



Inga Lind Karlsdóttir



Svanhildur Hólm Valsdóttir



Þorsteinn J. Vilhjálmsson

ÍSLAND Í DAG

HRAFNAÞING



Ingvi Hrafn Jónsson

MIKLABRAUT



Sigurður G. Tómasson

SILFUR EGILS



Egill Helgason

KOMPÁS



Jóhannes Kr. Kristjánsson

FRÉTTAVAKT FYRIR HÁDEGI



Hallgrímur Thorsteinnsson



Lóa Aldísardóttir

FRÉTTAVAKT EFTIR HÁDEGI



Rósa Björk Brynjólfsson



Þorfinnur Ómarsson

áhorfið,“ segir Róbert og bætir við að ítarlegar áætlanir hafi verið gerðar um reksturinn sem hann hafi trú á að gangi eftir.

Blaðamaður rekur miðilinn

Eflaust hefur einhverjum dottið í hug í gegnum árin að setja á stofn sérstaka fréttasjónvarpsstöð á Íslandi enda slíkar stöðvar þekktar um allan heim. Það er hins vegar fyrst nú sem slík hugmynd verður að veruleika. Róbert segir Gunnar Smára Egilsson, forstjóra 365, hafa laumað þessu út úr sér í samtali þeirra á milli í byrjun mars. „Gunnar Smári bar hugmyndina upp í um það bil þriðju aukasetningu í spjalli um eitthvað allt annað. Kannski hann hafi verið að prófa hugmyndina á mér en ég stökk strax á þetta. Daginn eftir sendi ég honum drög að dagskrá, lauslegar þælingar um hvernig þetta gæti litið út.“

Erlendir sérfræðingar voru svo kallaðir til frekari bollaleggings og einnig hefur Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri haft afgerandi áhrif á ritstjórnarþáttinn. Róbert segir þá Sigmundur vera tvíhöfða stjórnvald NFS. „Hann er með rit- og fréttastjórnina á sínu borði en reksturinn verður í mínum höndum. Við tileinkum okkur hugmyndafræði

sem gengur út á að maður með reynslu af fréttum og ritstjórn annist reksturinn. Penningalegar ákvarðanir verða því teknar út frá ritstjórnarlegum hagsmunum,“ segir Róbert en svonefndir baunateljarar hafa löngum verið þyrnir í augum blaða- og fréttamanna.

Nýjasta tækni

Höfuðstöðvar NFS verða í Skaftahlíð 24 þar sem fyrir eru Fréttablaðið og DV auk fleiri fjölmiðla í eigu 365. Unnið hefur verið að innréttingu húsnæðisins síðustu vikur og miðast allar breytingar við þarfir starfseminnar. „Áður bjó fréttastofa Stöðvar 2 og Bylgjunnar við að vera með graffkvinnslu í öðru póstinum, myndver í annarri götu og klippivinnslu á annarri hæð en hér höfum við búið til rými sem hefur þetta allt í seilingarfjarlægð,“ segir Róbert. Fyrir vikið verður öll fréttavinnslan þægilegri en áður. Að auki verður ný og öflug myndstjórn tekin í gagnid á föstudag sem útheimtir mun færri starfsmenn en áður. „Á Lynghálslu voru átta manns í myndstjórn, tveir á myndavélum í stúdíói og svo sviðsstjóri. Hér verða fjórir í myndstjórn, enginn á myndavél og enginn sviðsstjóri.“

Stafræn myndtækni gerir það svo að verkom að fréttamenn geta gengið frá fréttum í tölvunum sínum og gert þær tilbúnar til útsendingar.

„Hér ríkir mikil spennan þessa dagana, starfsfólkið bíður í ofvæni eftir að útsendingar hefjist og allir hlakka til að takast á við þetta nýja og spennandi verkefni sem NFS er,“ segir Róbert Marshall að lokum. ■

HVERNIG NÆST NFS?

■ Það þarf myndlykil Digital Ísland til að ná útsendingunum.

Dagskrá stöðvarinnar er opin en myndlykil þarf til að ná útsendingunum. Áskrifendur Digital Ísland geta auðveldlega fundið hana og þeir sem ekki eru áskrifendur geta leigt myndlykil fyrir um 500 krónur á mánuði og þannig séð stöðina.

Þá er hægt að hlusta á útsendinguna á Talstöðinni og einnig er allt efni NFS aðgengilegt á Visir.is og bæði hægt að horfa á beinar útsendingar eða leita síðar að einstaka þáttum, fréttatímum, viðtali eða tiltekinni frétt.

Er til þrúga sem heitir Clinton?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005

19.-20. nóv. í Smáralind



VÍN BÚÐ
Hvinn, lærun & njótnum

DAGSKRÁ NFS

Virkir dagar:

7:00 Ísland í bítíð
9:00 Fréttavaktin fyrir hádegi með Hallgrími Thorsteinnsson og Lóu Aldísardóttur
12:00 Hádegisfréttir
12:30 Hádegisviðtalið
13:00 Íþróttaspjallið
13:30 Endurekning úr morgunþætti
14:00 Hrafnþing Ingva Hrafn Jónssonar/Miklabraut Sigurðar G. Tómassonar
15:00 Fréttavaktin eftir hádegi með Rósu Björk Brynjólfsson og Þorfinni Ómarssyni
18:00 Ítarlegar veðurfréttir
18:10 Íþróttir
18:30 Kvöldfréttir
19:00 Ísland í dag
20:00 Endursýning helgarþátta
21:00 Erlendir fréttaskýringabættir. Til dæmis 60 Minutes, 48 Hours og Front Line auk stakra þátta frá Skandinavíu og BBC. Einnig íslenskar heimildamyndir.

Fréttir verða fluttar á heila og hálfá tímanum.

Laugardagur:

10:00 Helgin - Þáttur Eiríks Jónssonar og Reynis Traustasonar sem hefur verið á dagskrá Talstöðvarinnar. Verður sjónvarpað úr hljóðvarpi Talstöðvarinnar.

11:00 Sögur af fólk með Helgu Völu Helgadóttur.

12:30 Skaftahlíð 24 - Rætt við mann vikunnar. Umsjónarmenn eru Edda Andrésdóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Þór Jónsson og Þórir Guðmundsson.

Sunnudagur:

10:00 Fréttaljós. Fréttamenn fjalla um tiltekið fréttamál með ýmsum hætti.

12:30 Silfur Egils.

19:00 Kompás - Fréttaskýringabáttur í ritstjórn Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.




VIÐ EIGUM SEX GÓÐAR VONIR Á EDDUVERÐLAUNUNUM 2005



EINU SINNI VAR - STELPURNAR - QUARASHI/CRAZY BASTARD - IDOL - ÞAÐ VAR LAGIÐ - SJÁLFASTÆTT FÓLK

Við eigum gott ár að baki og frábær verk, en við eigum þau ekki öll ein. Sagafilm þakkar öllu því stórkostlega fólki sem kom að gerð þessara verka sem tilnefnd eru til Edduverðlaunanna 2005.



sagafilm

MasterCard kynnr: **OKTÓBERBÍÓFEST**

NÆSTSÍÐASTI SÝNINGARDAGUR Í DAG

„Það hlýtur að vera eitthvað sem þú átt eftir að sjá.“
- JÓKULL II

Í Háskólabíói og Regnboga
26. október - 14. nóvember

Iceland Film Festival

www.icelandfilmfestival.is



ÁHRIFAVALDURINN **YLFA LIND GYLFADÓTTIR**

Aretha Franklin er einlæg og flott

Áhrifavaldur Ylfu Lindar Gylfadóttur, ídölstjörnu, er söngkonan goðsagnakennda Aretha Franklin. „Hún hefur verið í uppáhaldi alveg frá því að ég var þínu,“ segir Ylfa Lind. „Hún er svo einlæg og flott eitthvað. Hún er voðalega hugguleg.“

Aðspurð hvort Ylfa Lind hafi reynt að tileinka sér söngstíl Arethu segist hún ekki hafa lagt í það, því hann sé svo sérstakur. Engu að síður hefur hún gert töluvert að því að syngja lög hennar í einrúmi. „Ég hef æft mig rosalega mikið á lögnum hennar og



YLFA LIND GYLFADÓTTIR
Ylfa er nýbúin að gefa út sína fyrstu sólóplötu.



hún er mikil ástæða fyrir því að mig langaði að syngja,“ segir hún og nefnir The House That Jack Built sem eitt af uppáhaldslögum sínum með Arethu.

Eins og margir eflaust muna eftir lék Aretha í söngvamyndinni Blues Brothers sem er fyrir löngu orðin sigild. Ylfa segist kunna bæði þá mynd og framhaldsmýndina, sem kom út fyrir nokkrum árum, utan að, enda fór hennar kona á kostum í myndunum.

Drátt fyrir að halda upp á Arethu söng Ylfa aldrei lag með henni í Ídöl-keppninni. „Hún er svolítið stór kona að taka. Maður kóperar hana ekki. Það jaðrar við guðlast, en það er aldrei að vita í framtíðinni.“

Ylfa Lind er um þessar mundir að fylgja eftir sinni fyrstu sólóplötu, Petit Cadeau, sem kom út á dögunum. Platan er skirð í höfuðið á systurdóttur hennar sem ber eftirnafnið Cadeau.

Þrastalundur

Jóla jóla jóla !!!

Jólahlaðborð

(þann skógr i gegn i fyrri)

26. nóv. • 3. des. • 10. des.

Lífandi tónlist - Verð kr. 4650

Aukakvöld 9. des. - Verð kr. 4360

Jólahlaðborð sett upp fyrir hópa, stærri en 40 manna alla daga frá 25. nóv. til 17. des. Genus verðlaubod i hópa.

Þantið tímanlega

Simi 483 2810 • Netfang: þrastakogur@almnet.is • www.thrastalundur.net

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 31

| | | | | | | | | | | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|----|
| | 1 | 2 | 3 | 4 | | 5 | 6 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 | 1 | |
| 9 | | 10 | | 9 | | 6 | | 11 | | 2 | | 9 | | 12 |
| 13 | 14 | 4 | 3 | 11 | | 1 | 2 | 3 | 15 | 1 | 9 | 16 | 7 | 16 |
| 13 | | 16 | | 17 | 8 | 3 | | 17 | | 1 | | 13 | | 17 |
| 2 | 13 | 17 | 2 | | | 18 | 15 | 7 | 3 | | 15 | 3 | 17 | 19 |
| 1 | | 17 | | 18 | 10 | 11 | 3 | | 11 | | 7 | | | |
| 19 | 8 | 15 | 9 | 1 | | | 1 | | 20 | 1 | 9 | 5 | 5 | 16 |
| 16 | | 1 | | 1 | 8 | 4 | 1 | 14 | 21 | 2 | | 1 | | 1 |
| 17 | 2 | 3 | 22 | 3 | 11 | | 2 | | | 13 | 11 | 16 | 1 | 1 |
| | | | 14 | | 2 | | 15 | 21 | 8 | 2 | | 17 | | 23 |
| 15 | 9 | 13 | 1 | | 7 | 24 | 21 | 2 | | 6 | 19 | 25 | 11 | |
| 17 | | 26 | | 15 | | 21 | | 3 | 17 | 2 | | 13 | | 21 |
| 2 | 7 | 2 | 15 | 8 | 3 | 1 | 8 | 22 | | 15 | 21 | 6 | 11 | 3 |
| 20 | | 4 | | 1 | | 2 | | 3 | | 7 | | 1 | | 11 |
| | 22 | 16 | 1 | 19 | 2 | 10 | 3 | 11 | | 2 | 11 | 4 | 16 | |

A Á B D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er A til dæmis í reit merktum 2 og fer þá A í alla aðra reiti með því númeri. G er í reit númer 13 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 13 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn*

Lausnarorð

1 9 16 4 3 11

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti á númerið 1900. Dæmi um hvernig SMS gæti lítið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númer 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12. SMS-skeytið kostar 99 krónur

Lausn nr. 29

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|--|
| P | Ú | N | S | B | E | T | R | U | N | A | R | | | |
| M | T | I | A | J | R | F | B | | | | | | | |
| I | L | S | I | G | K | R | A | F | T | L | I | N | A | |
| Þ | K | A | N | D | L | A | S | S | | | | | | |
| L | A | O | S | Y | D | D | A | B | A | B | L | | | |
| U | R | V | E | R | R | L | R | A | | | | | | |
| N | E | I | T | A | Ý | Ú | R | K | A | S | T | | | |
| G | N | L | O | G | S | U | Ð | A | F | Í | | | | |
| I | N | N | T | A | K | I | T | O | T | E | M | | | |
| | J | U | L | O | Ð | A | U | A | | | | | | |
| A | F | M | A | R | A | L | L | B | R | I | M | | | |
| N | A | H | K | É | T | A | L | Æ | | | | | | |
| S | L | J | O | V | G | A | S | T | S | K | J | O | L | |
| I | O | Æ | R | T | N | O | A | | | | | | | |
| P | R | O | S | E | N | T | A | A | U | S | A | | | |

Breyttur afgangslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

! Talstöðin FM 90,9

! DV FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR

Ánægja

Í starfi skapast oft af því einu að vita að maður hefur skilað vel unnu verki. Fjölbreytni, starfsfélagar, laun og annað hefur lítið að segja ef maður sinnir starfinu ekki eins vel og maður getur.



Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor brautskráir konu úr Háskólanum í haust sem kannski bætist í flokk kvenna í BHM.

Konur í miklum meirihluta í BHM

Konur allsráðandi í heilbrigðisstéttunum.

Samkvæmt upplýsingum af vef Bandalags háskólanna eru konur í miklum meirihluta í aðildarfélögum eða 76% á móti 24%. Nær helmingur félagsmanna tilheyrir heilbrigðisstéttunum en fjórðungur

félagsvísindasviði. Hvað kynjahlutföllin varðar þá eru konur allsráðandi í heilbrigðisstéttunum en kynjahlutfallið er mun jafnara í öðrum félögum nema hjá náttúruvísindamönnum þar sem karlmenn eru í ákveðnum meirihluta. Viðskipta- og hagfræðingar eru líka að meirihluta karlmenn en ekki nema rétt svo.



Gunnar Richardsson hjá Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins telur að núverandi atvinnuástand eigi eftir að haldast í eitt og hálf t.ár.

Mikil eftirspurn eftir vinnuafli

Atvinnuleysi í októbermánuði var 1,4% eða það sama og í september.

Atvinnuleysi hefur minnkað mjög hratt síðustu vikur og í raun jafnt og þétt allt þetta ár. Aðeins meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu hefur atvinnuleysi verið að sveiflast til yfir árið en hefur einnig minnkað hratt meðal þeirra síðustu tvo mánuði. Atvinnuleysi hefur ekki mælst minna í einstökum mánuði frá því í október 2001.

„Það er mikil eftirspurn eftir fólki. Alls staðar er vinnu að fá,“ segir Gunnar Richardsson, deildarstjóri vinnumiðlunarsviðs Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins. Undanfarnin ár hefur atvinnuleysi aukist yfir vetrarmánuðina en því virðist öfugt farið í ár.

„Hluti skýringarinnar liggur líklega í því að ýmiss konar iðnaðarstörf eru nú unnin allt árið. Hluti af smíðavinnu, hellulögnum og þess háttar sem áður var nær eingöngu stundað að sumri til,“

segir Gunnar. „Eftirspurnin er slík að losni einhver úr vinnu bíður hans önnur handan næsta horns.“

Í októbermánuði voru 1.530 manns atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu. Þegar atvinnurekendur hafa varla undan að flytja inn erlent vinnuafli til að manna allar stöður vekur það athygli að enn séu íslenskir ríkisborgarar án atvinnu. „Það er alltaf einhver hluti án atvinnu. Til dæmis fólk sem er komið yfir miðjan aldur og á bótarétt en er vinnufært. Það gengur ekki svo glatt inn í störf. Hluti af þessari tölu er fólk með góða menntun sem er að bíða eftir vinnu við hæfi. Það getur verið bið eftir störfum sem krefjast menntunar. Á hverjum tíma eru ákveðið margir einstaklingar í einhverju ferli innan kerfisins og falla í þennan flokk. Að lokum er svo alltaf einhver hluti á gráu svæði,“ segir Gunnar.

Uppsveifla á vinnumarkaðnum virðist líka hafa haft það í för með sér að fólk lætur ekki bjóða

sér hvað sem er. „Það er slegist um störf sem borga 250 þúsund eða meira. Það eru störfin sem eru mikið lægra launuð sem getur verið erfiðara að fylla. Við erum orðin mjög Evrópusinnuð að þessu leyti.“

Gunnar segir ekkert benda til þess að atvinnuleysi aukist eftir því sem líða tekur á veturinn og býst við að núverandi ástand haldist í eitt og hálf t.ár. „Það er að minnsta kosti ekkert sem bendir til annars á höfuðborgarsvæðinu. Hér er alltaf verið að byggja, það vantar fólk á skóla, leikskóla, heilbrigðisstofnanir og svona mætti lengi telja.“

Það virðist því vera gott útlit í atvinnumálum næstu misserin ef marka má tölurnar. „Það er helst að fólk fái ekki endilega vinnu sem hæfir menntun þess. Hluti af þeim sem eru til dæmis búnir að læra viðskiptafræði eða eru í námi núna þurfa kannski að sætta sig við að koma inn á vinnumarkaðinn í lægri stöðu en þeir ætluðu sér,“ segir Gunnar að lokum.



Það getur gefið af sér ágætis aukapening að vinna hjá póstinum um jólin.

Jólavinna hjá Póstinum

Nú eru námsmenn landsins byrjaðir að leita sér að vinnu fyrir jóla, „fríð“ sitt.

Það er ekkert launungamál að margir námsmenn landsins reyna að fá sér jólavinnu í desember. Hjá Íslandspósti eykst vinnuálagið í kringum jólin mikið og þar geta margir fengið aukavinnu í jólamánuðinum. Anna Katrín Halldórsdóttir,

framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Íslandspóst, segir að fyrirtækið bæti við sig um 400-450 störfum á þessum tíma. Um er að ræða flest öll störf sem viðkemur pósthlutningi og póstvinnslu og segir Anna að jólavertíðin standi frá um 10. desember og til áramóta. Hún bætir því við að hingað til hafi vel gengið að manna í störfin og að mikið af sama fólkinu komi aftur ár eftir ár.

Fjögurra tíma eyðsla

Fjórði hver einstaklingur ver rúmlega fjórum tímum á viku í gagnslaus samskipti á vinnustað.

Tæplega fjórði hver einstaklingur telur sig verja fjórum klukkutímum eða meira á hverri viku í að svara símtölum, tölvupósti og sitja fundi sem þeim finnst litlum ávinningi skila, samkvæmt vefkönnun sem gerð var á vef VR á tímabilinu 5.-27. október. 28% þátttakenda sögðust ekki verja neinum tíma í óþarfa samskipti af þessu tagi á meðan 49% sögðu einn til þrjú tíma fara í þetta á viku. 15% gengu enn lengra og sögðu að 4-6 tímar á viku fari í tölvupóst, símtöl eða fundi sem ekki skila ávinningi sem skyldi og 8% segja að þeir sói 7 tímum eða meira í gagnslaus símtöl og fundasetur á viku. Vinnutími kvenna virðist nýttast þeim betur en karla en 32% kvenna telja sig ekki eyða neinum tíma í samskipti sem ekki skila



Fjórðungur starfsmanna VR telur sig eyða fjórum tímum á viku eða meira í gagnslaus hlj.

þeim ávinningi á meðan aðeins 18% karla geta sagt það sama. Jafnstórt hlutfall kynjanna seg-

ist verja á milli einum og þremur tímum í gagnslausa símsvörum, tölvupóst og fundasetur.

Tækifæri fyrir þig!

Forritari

Upplýsingatæknifyrirtæki leitar að einstaklingi með háskólamenntun á sviði tölvunar- eða kerfisfræði. Viðkomandi þarf að hafa a.m.k. tveggja ára reynslu af forritun og þekkingu á Visual Basic, C++ og .NET. Leitað er að drifandi einstaklingi sem á gott með að vinna sjálfstætt.

Starf nr. 050520-04

Vefforritari

Upplýsingatæknifyrirtæki leitar að vefforritara. Starfið felst í hönnun, forritun, viðhaldi og umsjón með veflausnum. Megin verkefni snúa að forritun í .NET sem og útlitshönnun. Gerð er krafa um a.m.k. tveggja ára reynslu af þróun veflausna. Þekking á þróun í .NET umhverfi er skilyrði sem og á vefþjónustum og xml. Leitað er að drifandi einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt.

Starf nr. 050905-02

Viðskiptafultrúi - yfirumsjón vefmála

Upplýsingatæknifyrirtæki óskar eftir að ráða einstakling í starf viðskiptafultrúa. Megin starfssvið hans verður uppbygging vefmála hjá fyrirtækinu. Í því felst m.a. fjölbreytt ráðgjöf til viðskiptavina og skipulag þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir á sviði vefmála. Verkefnastjórnun er stór þáttur í starfinu. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði upplýsingatækni eða viðskiptafræða. Þekking og reynsla af vefmálum er æskileg. Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði sem og reynsla af verkefnastjórnun. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi, þjónustulundaður og eiga gott með samstarf.

Starf nr. 051111-02

Ráðgjafi - Skrifstofustarf

IMG Mannafi-Liðsauki óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu fyrirtækisins sem verður opnuð á Eskifirði. Leitað er að aðila sem hefur reynslu af skrifstofustörfum, afburða hæfni í mannlegum samskiptum, er með góða tölvufærni og getur unnið undir álagi. Starfið felst í úrvinnslu umsókna, viðtölum við umsækjendur og samskipti út á við. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í byrjun desember.

Starf nr. 051104-01

Innheimtufulltrúi

Tölvufyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann tímabundið til næsta hausts til starfa í bókhaldsdeild. Helstu verkefni er innheimta og samskipti við viðskiptavini, frágangur reikninga, afstemmingar og önnur bókhaldstengd verkefni. Leitað er að aðila með reynslu af sambærilegum störfum, er nákvæmur og töluglögur og sýnir hæfni í mannlegum samskiptum. Þekking á Navision er kostur.

Starf nr. 051018-04

Ráðgjafi

Traust bókhaldsþjónustu- og ráðgjafafyrirtæki óskar eftir að ráða sjálfstætt starfandi ráðgjafa til starfa innan sinna vébanda. Leitað er að einstaklingi með hæfileika á sviði ráðgjafar, sölu- og markaðsmála. Verkefni munu t.d. snúa að rekstrarráðgjöf, stefnumótun og áætlanagerð. Viðkomandi mun alfarið sjá sjálfur um öflun verkefna, markaðssetningu og kynningarmál sem og tilboðs- og samningagerð. Gerð er krafa um háskólamenntun í viðskipta- eða rekstrarfræði og reynslu af sambærilegum verkefnum. Viðkomandi þarf að hafa mikinn metnað og drift, auk hæfni til þess að vinna sjálfstætt.

Starf nr. 050927-05

Bókari í hagdeild

Traust og vaxandi flutningafyrirtæki óskar eftir að ráða öflugan bókara í hagdeild. Viðkomandi mun hafa umsjón með þróun, innleiðingu og eftirliti eignakerfis, skönnun og samþykkt reikninga. Jafnframt sér bókari um afstemmingu lánaðrottna svo og ýmsa þætti er tengjast bókhaldi fyrirtækisins. Bókari mun taka þátt í mánaðarlegum uppgjörum og sinna ýmsum sér- og átaksverkefnum. Gerð er krafa um mikla þekkingu af bókhaldi, góða reynslu af sambærilegu starfi og góða tölvukunnátta. Viðskipta- eða rekstrarfræði er kostur. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði í starfi og hafa fagaða framkomu. Lipurð í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum er skilyrði.

Starf nr. 050817-04

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á www.mannafi.is

IMG
MANNAFI
LIÐSAUKI

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafi@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafi.is

Sölumaður á barnamat 50% starf

Danól óskar eftir að ráða sjálfstæðan og metnaðarfullan einstakling til starfa. Þegar fram í sækir getur starfshlutfallið aukist úr 50% í 100%.

danól

Starfssvið:

- Kynningar á vöru til heilbrigðisstofnana og verslana
- Ráðgjöf og sala til heilbrigðisstofnana og verslana
- Stýring markaðssetningar
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlananna
- Upplýsingagjöf til almennings

Menntun- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði hjúkrunar-, uppeldis- eða næringafræði
- Reynsla af sölustörfum mikill kostur
- Ensukunnátta nauðsynleg, kunnátta í norðurlandamáli kostur
- Nákvæmni í starfi og fagmennska í vinnubrögðum

Viðkomandi þarf að hafa bil til til umráða og þarf að hafa aðstöðu til þess að vinna verkefni heima. Kostnaður við notkun á bil er greiddur af fyrirtækinu.

IMG
MANNAFI
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Guðrún D. Háildanardóttir (guðruidur@img.is) hjá Mannafi - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafis - Liðsauka.

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafi@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafi.is



Gæðastjóri

Leiðandi fyrirtæki á matvörumarkaði óskar að ráða gæðastjóra.

Gæðastjóri hefur yfirumsjón með gæðakerfi fyrirtækisins.

Verkefni felast m.a. í:

- Eftirliti með líftíma vöru
- Umsjón með mækingum
- Móttöku kvartana, skráningu og úrvinnslu
- Eftirliti með skilum og frávikum
- Samskiptum við verslanir, birgja og opinbera aðila
- Mánaðarlegri skýrslugerð
- Aðstoð og ráðgjöf til innkaupadeilda

Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði matvælafræði, vörustjórnunar, verkfræði eða sambærilegu
- Mjög góð kunnátta í Excel
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Sjálfstæði og fagleg vinnubrögð
- Hugmyndauðgi og framsækni

Við leitum að metnaðarfullum og duglegum einstaklingi til að sinna krefjandi og ábyrgðarmiklu starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylitar út á www.hagvangur.is. Númer starfs er 4947. Upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir. Netfang: guðny@hagvangur.is

HAGVANGUR

Skógarhóli 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • Brafaxsími 520 4701 • www.hagvangur.is

Afgreiðslu og lagerstarf.

Iðnaðarlausnir ehf. óska eftir að ráða þjónustulípran mann í afgreiðslu og lager störf.

Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði. Iðnaðarlausnir ehf sérhæfa sig í því að selja vörur og verkfæri fyrir iðnað.



Iðnaðarlausnir ehf., Funahöfða 17A, Rvk. sími 5772233
petur@idnadarlausnir.is

Sölumaður

Iðnaðarlausnir ehf. óska eftir að ráða sölumann

Um er að ræða sölumennsku með Heimsóknir í fyrirtæki. Góð laun fyrir góðan árangur. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði og metnaði. Iðnaðarlausnir ehf sérhæfa sig í því að selja vörur og verkfæri fyrir iðnað.



Iðnaðarlausnir ehf., Funahöfða 17A, Rvk. sími 5772233
petur@idnadarlausnir.is

Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

Hjá Samskipum er kraftmikið starfsmannafélag með fjölbreytta starfsemi, s.s. golfklúbb, siglingaklúbb og aðgang að 8 tonna skemmtibáti, fimm sumarbústaði að Bifröst og margt fleira skemmtilegt. Hjá Samskipum á Íslandi vinna 650 skemmtilegir starfsmenn.

Slástu í hópinn!



Starfsmaður í mötuneyti

Við leitum að dugmiklum, samviskusömum og reyklusum starfsmanni til starfa í mötuneyti fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Undirbúningur hádegisverðar
- Útbúa samlokur, kaffimeðlæti o.fl.
- Framreiðsla á mat og afgreiðsla
- Aðstoð við veisluþjónustu
- Uppvask, frágangur, þrif og önnur tilfallandi verk

Hæfniskröfur:

- Reynsla úr svipuðu starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Fágúð framkoma, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Vinnutíminn er 7:00–15:00 og eitt kvöld í viku. Um er að ræða 100% stöðu en einnig leitum við að afleysingafólki sem hægt væri að kalla í vegna forfalla.

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa fyrir 18. nóvember 2005. Veljið annaðhvort „Mötuneyti – auglýst staða 13.11.05“ eða „Mötuneyti, afleysing – auglýst staða 13.11.05.“

Ragnar Pálsson skrifstofustjóri veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8355.

SAMSKIP

Kjarlavogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Bæjarskrifstofur Kópavogs:

- Skjalastjóri

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Félagsráðgjafi hjá fjölskyldudeild
- Félagsráðgjafi í barnaverndarvinnu
- Starf með fötluðum dreng
- Starf á sambýli aldraðra Skjólbraut

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Helgarvinna baðv/afgr. kvenna
- Hlutastarf baðvarsla kvenna

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Digranesskóli:

- Kennari í sérdeild rúml. 50%
- Stuðningsfulltrúi tímab.hlutast.
- Gangav/ræstir

Hjallaskóli:

- Tölvu og upplýsingatækni st.k.
- Forfallakennari
- Umsjónarkennari á miðstig

Kársnesskóli:

- Forfallakennari

Kópavogsskóli:

- Forfallakennari

Kópavogsskóli íþróttahús:

- Baðvarsla kvenna

Lindaskóli:

- Gangavörður/ræstir

Salaskóli:

- Heimilisfræðikennari 100% v/forfalla
- Íþróttakennari til áramóta
- Forfallakennari

Smáraskóli:

- Stuðningsfulltrúi 50%

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is
og **www.job.is**



Varmárskóli auglýsir.

Varmárskóli í Mosfellsbæ óskar að ráða starfsmenn í eftirtalin störf:

Starfsfólk í skólamötuneyti nú þegar og/eða frá 1. janúar 2006. Um er að ræða hlutastörf árdegis.

Skólaliða og starfsfólk í „Dægradvöl“ allt að 100% starf.

Starfsmann til afgreiðslu á bókasafni frá 1. janúar 2006. Um er að ræða hlutastarf ca.60-80% eða eftir nánara samkomulagi um vinnutilhögum og verkefni.

Laun greiddast skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launanefndar sveitarfélaga.

Upplýsingar um störf veita skólustjóri, Viktor A. Guðlaugsson og aðstoðarskólustjórnir Helga Richter og Þórhildur Elfarsdóttir í síma 525-0700.



KÓPAVOGSBÆR

SKJALASTJÓRI

- Starf skjalastjóra í skjalasafni Kópavogsbæjar er laust til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga við Launanefnd sveitarfélaga. Áskilið er próf í bókasafns- og upplýsingafræðum og reynsla af skjalavörslu er æskileg.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Upplýsingar gefur bæjarritari í síma 570 1500 kl. 11-12 daglega.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember nk.

Starfsmannastjóri

Sjá enn fremur: www.kopavogur.is og www.job.is

BIFVÉLAVIRKJAMEISTARI

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða Bifvélavirkjameistara í þjónustudeild félagsins í Reykjavík. Starfið felst í verkefnastjórnun á bilaverkstæði og fleiri verkefnum þjónustudeildar.

Leitað er að þjónustuliprum einstaklingi sem æskilegt er að hafi reynslu í viðgerðum stórra bíla.

Um er að ræða framtíðarstarf sem stendur báðum kynjum jafnt til boða.

Allar nánari upplýsingar veita: Árni í síma 550-9940 arni@odr.is
Birgir í síma 550-9957 birgir@odr.is

Oliudreifing ehf. sér um dreifingu á fljóttandi eldsneyti fyrir Ollufélagið ehf. og Olluverzlun Íslands hf. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996. Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is



Tæknihöfundur

Marel hf.
Austurhrauni 9
210 Garábæ
Sími 563 8000
www.marel.is



Marel leitar að tæknihöfundi til starfa á Útgáfusviði

Starfið:

- Ritun og uppsetning notendahandbóka og hjálpartexta fyrir tæki og hugbúnað Marel í náinni samvinnu við hönnuði í vörubróun.
- Ritstjórn rafræns vörulista.
- Umsjón með bókasafni.

Í boði er:

- Áhugavert og krefjandi starf.
- Mjög góð starfsaðstaða.
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi þar sem lögð er rík áhersla á frumkvæði starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf.
- Mjög góð enskukunnátta (MA eða sambærilegt).
- Mjög góð ritfærni á íslensku og ensku.
- Hæfni til að miðla flóknu efni á skýran og einfaldan hátt.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Reynsla af vefsmíðum æskileg.
- Tæknilegt innsæi og áhugi á tæknilegum málefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk. Vinsamlegast sækjið um starfið á heimasíðu Marel. Nánari upplýsingar veitir Lára Hallgrímsdóttir, sviðsstjóri Útgáfusviðs, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki sem er í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá okkur starfar fjöldi sérfræðinga með mikla reynslu. Við bjóðum upp á metnaðarfullt, fjölbreytt og faglegt vinnuumhverfi þar sem rík áhersla er lögð á liðsvinnu, símennt, góða starfsaðstöðu og starfsanda. Hjá fyrirtækinu starfa um 850 starfsmenn í 5 heimsálfum.



Marel

Kranamaður óskast.
Réttindi og reynsla æskileg.
Upplýsingar í síma 898 5369.



Við byggjum á
fólki og færni!

Færni í Lotus Notes

Vegna aukinna verkefna leitar ANZA að öflugum starfsmanni í Lotus Notes-rekstur.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af rekstri Lotus Notes-umhverfis • CLP-gráða er kostur • Afbragðsgóð þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð • Góð enskukunnátta

Starfssvið:

- Rekstur Lotus Notes-kerfa • Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina

Ef þú ert með a.m.k. tveggja ára starfsreynslu í Lotus Notes-rekstri og hefur áhuga á að starfa í krefjandi og spennandi starfsumhverfi þá erum við með starf fyrir þig. Við leitum að þjónustulundum starfsmanni með góða samskiptahæfileika. Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Upplýsingar:

Vinsamlegast sendið umsóknir í tölvupósti, atvinna@anza.is, fyrir 20. nóvember merktar Lotus Notes. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Guðríður Sigurðardóttir (gurry@anza.is) ráðningar- og starfsþróunarstjóri ANZA í síma 522 5000.

ANZA sérhæfir sig í rekstri tölvukerfa. Með því að fela ANZA tölvureksturinn geta fyrirtæki einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni og látið sérfræðinga ANZA um að hugsa um tölvukerfin. Rekstur ANZA er í samræmi við vottað öryggiskerfi sem byggist á staðlinum ISO 17799 um stjórnun upplýsingaöryggis. Hornsteinn ANZA er starfsfólk með framúrskarandi þekkingu og hæfni. Velgengni fyrirtækisins byggist á öflugri liðsheild.

ANZA

• Öruggur rekstur tölvukerfa

Ármúla 31 · 108 Reykjavík
Sími 522 5000 · Fax 522 5099 · www.anza.is



Metnaðarfullur sölufulltrúi

SPRON leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sölufulltrúa á vestursvæði útbúa SPRON.

Á vestursvæði eru útibúin á Skólavörðustíg, í Hátúni 2b og við Austurströnd á Seltjarnarnesi. Aðsetur sölufulltrúa verður í útibúinu á Skólavörðustíg.

Starfið felst í áframhaldandi uppbyggingu á sölustarfsemi í útibúinu í samvinnu við útibússtjóra og kynningu á þjónustuleiðum SPRON til vænlegra viðskiptavina. Enn fremur við að afla nýrra viðskiptavina með áherslu á fyrirtækjaviðskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af sölu- og ráðgjafarstörfum
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Þorvaldur F. Jónsson útibússtjóri og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is. fyrir 20. nóvember 2005. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum, bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum, er áhersla lögð á TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Starf leiðsögumans er fjölbreytt og áhugavert. Skaftafellsjökull.

Hvernig verður maður leiðsögumaður?

Starf leiðsögumans er bæði fjölbreytt og skemmtilegt. Starfinu fylgja mikil ferðalög og tækifæri til að kynna fólki hvaðanæva að úr heiminu.

Leiðsögumaður fylgir innlendum og erlendum ferðamönnum um landið, fer með þá á merka staði og segir frá landi og þjóð. Starf leiðsögumansins er einnig að undirbúa ferðir frá grunnni, velja gönguleiðir og áningarstaði og skipuleggja hve löng viðvöl verður á hverjum stað. Leiðsögumaðurinn ber ábyrgð á að ferðaáætlun standist og hefur samstarf við starfsfólk á ferðaskrifstofum, hótélum og gististöðum, landverði, skálaverði, bíl-

Hárgreiðslukona/maður óskast á flotta stofu í miðbæ Reykjavíkur. Uppl. gefur Tóta í síma 8477690

Óska eftir starfsfólki, helst vönum þak- pappalögnum. Einnig óskast trésmíðir. Uppl. í s. 896 4947 og 896 5424.

Ræstingapjónustan sf óskar eftir starfs- fólk til ræstingastarfa í hverfum 104, 105, 107 og 111. Nánari upplýsingar eru veittar virka daga í síma 587 3111.

TILKYNNINGAR

Einkamál



Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur hómur og erótík.undirtexar á norður- landamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvídeó.is Grensásveg, 24 pant- anasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

Viltu kynast fólki?
Fólk með sömu þarfir og þú er akkúrat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynast góðu fólki. Einkamal.is

Sjáðu verðin. Finndu gæðin. Veitinga- staðurinn Glóð-inn við Vesturbærjarlaug.

Stefán Máni í Stjörnuspeki á mbl.i.

Tapað - Fundið

Ég tapaði heyrnatakjum 26 okt. við Elliðárdalinn fyrir ofan stífluna Breið- holtsmeginn. S. 843 0810.

Verkfæri

Þið sem vitið um verkfærin sem hurfu úr húsi í Grímsnesi aðfaranótt mið- vikud. 9/11 síðastliðinn. Vinsamlegast hafið samband. Góð fundarlaun og trúnaði heitið. Uppl. í s. 893 2853.

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 **FRÉTTABLAÐIÐ** **Létt 96,7** **VÍSIÐ**

| | |
|--|---|
| Snilld Aukavinna.com | Sírius ljósaseríur, afsláttarhelgi. Garðheimar. |
| Missið ekki af Romanov sýningunni, leiðsögn kl 15 Listasafn kópavogs, Gerðarsafn | Ljósamyndir, 499 krónur. Blómaval. |
| Vesturbæingar ! Glóð-inn Vesturbærjarlaug | Englastyttur úr keramikki verð aðeins 399,- Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari |
| Bingó í kvöld kl. 19:45 Vinabær, Skípholti 33 | Jólin þín byrja í Ikea. |
| Rimlagardínur í miklu úr- vali. Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari. | Bingó í kvöld Vinabær. |
| Fullar búðir af jólakertum | 20% afsláttur af Harry Potter. Penninn-Eymundsson. |
| á frábæru verði Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari. | Jólaínnskór á alla fjöl- skylduna verð aðeins 499,- Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari |
| Ljós lifandi tilboð. Blómaval. | Flottar flíspeysur á dömur og herra verð aðeins 990,- Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari. |
| Jóla kanna og 6 jólaglós verð aðeins 990,- Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari | Útítré með ljósum. Verð frá 4900,- Blómaval. |
| Jólalastemning í Uniku mikið úrval af falletgri gjafavöru og jóla skrauti nýtt kortatímabil Unika, Fákafeni 9 | 20% afsláttur af Harry Potter. Bókabúð Máls og Menningar. |
| Mammut kuldagallar verð aðeins 4.990,- Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari. | Bingó í kvöld. Allir vel- komnir. Vinabær. |
| Batman diskamottur verð aðeins 299,- Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari | Nýtt kortatímabil. Opið til sex um helgar. Ikea. |
| Jólahandklæði verð aðeins 299,- Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari. | |

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á visir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

KONUR HLUSTA
83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

TIL SÖLU

Tilboðsverð: **kr. 39,900.-**

Fjölskyldugjöfin í ár
Hágæða 8,5" DVD spilarinn í bítlinn Fjöldi aukahluta fánlegir

M.H.M. ehf. - Auðbrekka 24 - 200 Kópavogur
Sími 554 6600 Fax 554 6611 www.mhm.is

AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.

60%



37%



Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna



*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.



Comma

Nú tökum við rúðusköfuna og leggjum henni

Hjá okkur færðu kraftmika efnaformúlu sem virkar samtundis á ísinguna. Framrúðan verður kristaltær og vökvinn virkar áfram þannig að ísing myndast ekki aftur á rúðunni, hreynlega frábært efni.

Brúsi sem gott er að hafa í bílnum



**HÆTTU AÐ SKAFA
BARA RÉTT AÐ ÚÐA**

Bíla-naust

Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík • Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is

allt hús

Alla mánudaga

Hornbaðkar
með nuddi

Opið
um helgina 12-16



128.778 kr
150 x 150 sm.



Dal.is

Opið milli 12 - 16
nema fimmtudaga
milli 12 - 18

Eldshöfða 16, bakhús
Sími: 616 9606

Arnaldur er made

„Og ef seinna bindið heppnast, þá er ég made, þá er ég búinn að skrifa skáldsögu í heimsformat,“ sagði Halldór Laxness í bréfi 1931 þegar hann var að ljúka við Sölkú Völkú. Halldór þráði að skrifa góðar bækur en hann þráði líka viðurkenningu heimsins og greip þá til tungu heimsfræðarinnar, enskunnar. Það er líka táknrænt vegna þess að á engum bókamarkaði er jafn erfitt að slá í gegn fyrir utanaðkomandi og hinum enskumælandi, og hefur svo verið lengi. Ég minnst þess að hafa farið til London sem útgefandi fyrir rökum áratug í því skyni að selja íslenskar bókmenntir og flestir ensku forleggjararnir sem ég hitti vissu ekki hvert þær áttu að komast. Eigum við virkilega að hafa upp á þessu eina skringimenni í London sem kann íslensku, og sem á örugglega við einhverja erfíðleika að stríða, og biðja hann um að þýða skáldsögur úr íslensku? spurðu menn. Er þér ljóst að 500 milljónir manna hafa ensku sem móðurmál? Heldurðu að þið, þessi kvartmilljón upp við norðurhjara, hafi þar eitthvað til málanna að leggja? spurðu menn fremur.



HALLDÓR GUÐMUNDSSON Skrifar um bókmenntir.

Þó var mér bent á að tala við einn mann, Christopher MacLehose hjá Harvill Press, sem væri svo einkennilega gerður að hafa áhuga á útgáfu erlendra bókmennta. Við spyrjum hann stundum í partýjum, sögðu hinir, hvort hann hafi ekki rekist á áhugaverðan höfund frá Schleswig Holstein nýlega, og þóttust heldur enn gamansamir. Og það var rétt hjá þeim, MacLehose reyndist vinsamlegur og áhugasamur þótt hann teldi enska bókamarkaðinn ekki auðsótta íslenskum höfundum. Hann var sjálfur einatt í erfíðleikum með sitt fyrirtæki, ýmist að selja það eða kaupa þótt margir merkustu höfundar heims væru á útgáfulistanum.

Haustið 2002, þegar Edda samdi einmitt við MacLehose um útgáfu á tveimur skáldsögum eftir Arnald Indriðason, trúðu menn því sjálfir varlega. Arnaldur var ekki bara íslenskur rithöfundur, hann var líka spennusagnahöfundur, og að selja krimma til Englands hljómaði eins- og að selja ísskápa til Grænlands eða sand til Sahara. Enskan er móðurmál spennusögunnar, alveg frá tímum Edgar Allan Poe og Arthur Conan Doyle. Þess vegna voru verðlaunin sem Arnaldur hlaut nú í vikunni, gullni rýtingurinn, þeim mun ánægjulegri, enda lét þjóðin smálega öfund lönd og leið og samfagnaði Arnaldi. Verðlaunin eru veitt af samtökum glæpasagnahöfunda, The Crime Writer's Association, og það var sjálfur John Le Carré sem hlaut heiðursverðlaunin að þessu sinni fyrir Njósarnarann sem kom inn úr kuldunum; þetta var hin endanlega staðfesting þess að Arnaldur væri kominn til að vera á enska bókamarkaðnum, væri „made“.

Nú er Arnaldur sannarlega ekki fyrsti íslenski höfundurinn á seinni árum sem nær góðum árangri erlendis; þar má nefna Einarana, Hallgrím, Steinunni, Guðberg, Vigdís, Thor, Ólaf Jóhann og fleiri. En

hann er tvímælalaust sá sem náð hefur mestum árangri á bókamarkaðnum sjálfum, eignast afar stóran lesendahóp, og af því útgefendur eru þegar allt kemur til alls bara bóksalar með skrifstofu er þetta í hæsta máta mikilvægt; áhugi á íslenskum bókmenntum helst ekki lifandi nema öðru hverju náist góður söluárangur. Á það hefur stundum skort með höfunda okkar erlendis og jafnvel virðast forlögin ekki alltaf trúá því að þau geti yfir höfuð selt íslensk skáldverk. Hinn góði árangur Arnaldar getur stuðlað að því að

breyta þeirri hugsun.

En þegar frá liður og upp er staðið skiptir bókmenntagildið okkur miklu meira máli en allar sölutölur. Salka Valka lifir ekki enn með þjóðinni vegna þess að hún var fyrsta skáldsaga Halldórs Laxness sem þýdd var á erlend mál, og hlaut til dæmis góða dóma og viðurðingur í Englandi árið 1936. Hún lifir af því hún talar ennþá til okkar í myndum sínum af ástinni, umkomuleysinu og íslenska sjávarplássinu. Það er styrkur Arnaldar sem höfundur að bestu bækur hans, eins og Mýrin og hin nú verðlaunaða Grafarþögn, eru í senn spennusögur og sagnalist. Arnaldur er nútímahöfundur en hann sver sig líka í ætt traustrar íslenskrar raunsæishefðar frá áratugunum eftir seinna stríð. Í ætt sagnamanna einsog Ólafs Jóhanns Sigurðssonar og – þess vegna – Indriða G. Þorsteinssonar. Auðvitað er Arnaldur ekki að skrifa þessa höfundu upp en hann er eins og þeir upptekinn af grundvallarbreytingum á íslensku samfélagi og gildismati, og Erlendur á það til dæmis sameiginlegt með Páli í Gangvirkisbálki Ólafs Jóhanns að nútíminn vill ekki tengja sig við hann, hann á ekki alveg heima í samtíma sínum.

Þess vegna er í sögunum um Erlend sterkur tregablandinn tónn sem gerir þær oft áhrifamiklar. Það hefur verið sagt að glæpasögur séu í eðli sínu sögur um reglu sem er rofin og hetjur sem koma henni aftur á. Og það reynir Erlendur að gera en hann er engin hefðbundin hetja og ekki haldinn neinum tál-sýnum um að reglan sé varanleg; í besta falli reynir hann að varðveita með sér mennskuna þar sem illskan veður uppi.

Arnaldur Indriðason er orðinn alþjóðlegur höfundur en um leið sagnamaður í íslenski frásagnarhefð; þess vegna eru sigrar hans líka sigrar íslenskra bókmennta.

Eitt glæsilegasta úrval landsins af parketi – flott fyrir þig!



www.parki.is



Dalveggi 18 · Kópavogi · Sími: 564 3500

NAVISON SMALL BUSINESS

Fjárfesting til framtíðar



Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinnar
- Birgðir

Verð frá kr. 130.900*

Hringdu núna í síma 545-3200

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja NAVISION SMALL BUSINESS

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samhæft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

| Dæmi um viðbótarlausnir | Verð |
|-------------------------|----------|
| - Hver aukantandi | 64.000.- |
| - Launakerfi | 40.000.- |
| - Innheimtakerfi | 40.000.- |
| - Verkbókhald | 40.000.- |

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingatæknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

www.maritech.is

Íbúðalán

4,45%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is



KVENFÉLAG KAPÓLSKU KIRKJUNNAR Á ÍSLANDI Þessar konur koma saman á hverjum miðvikudegi. Þær safna peningum til þess að hjálpa lítilmagnanum. Í ár er það kirkjan sem fær peningana. Kvenfélag kapólsku kirkjunnar var stofnað árið 1921 og er eitt elsta kvenfélag landsins sem er enn starfandi. MYND: STEFÁN KARLSSON

Jólin byrja hjá Kvenfélagi kapólskra

Kvenfélag kapólsku kirkjunnar hefur starfað sleitulaust í nær 85 ár en einn tilgangur félagsins er að styrkja góð málefni og koma þurfandi fólki til hjálpar. Félagið stendur á ári hverju fyrir jólabasar til að styrkja gott málefni. Dagurinn í dag er því sannkallaður hátíðisdagur fyrir konurnar sem standa vaktina ár eftir ár því nú fer jólabasarinn fram og hefst strax að lokinni messu.

Lítt læti og hógværd ein-kenna konurnar í Kvenfélagi kapólsku kirkjunnar á Íslandi. Það er með þær eins og hundruð eða þúsundir annarra Íslendinga sem vilja láta gott af sér leiða að þeim finnst sælla að gefa en þiggja. Allt frá árinu 1921 hefur hópur kvenna og reyndar karla komið saman reglulega til að huga að málefnum þeirra sem minnst mega sín og finna leiðir til að koma þeim til aðstoðar. Raunar var upphafið að félaginu þannig að

önnur enda finnst þeim þær vera ein heild og vilja hafa það svoleiðis. Formaður félagsins eða réttara sagt fyrrverandi formaður þess, skýrir þetta á einfaldan hátt:

„Ég varð veik og þurfti að liggja á spítala. Ég sagði mínum ágætu vinum að ég gæti ekki lengur verið formaður af þeim sökum en þær tóku það ekki í mál. Þannig að ég ákvað að við skyldum allar verða formenn og svoleiðis vil ég nú helst hafa það,“ segir hún. Þannig er það með konurnar að þær vilja heldur vera jafningjar en skipta sér upp í hópa og

eitthvað gott fyrir fólkið í samfélaginu. Kynslóðaskipti hafa oft orðið í félaginu en okkur finnst við vera orðnar of gamlar núna og okkur vantar svo fleiri góðar konur í félagið,“ segir önnur.

Hinn árlegi jólabasar kvenfélagsins er í dag í safnaðarheimili kapólsku kirkjunnar við Hávallagötu og hefst að lokinni hámessu í Kristskirkju og stendur fram eftir degi. Konurnar handvinna vinningana og enginn fer tómhentur heim því engin núll eru hjá kvenfélaginu.

Aðstoðuðu veikt barn

Eitt málefni verður fyrir valinu á hverju ári og rennur það sem safnast til þess málefnis. „Við reynum að koma þeim sem mest þurfa á aðstoð að halda hverju sinni til hjálpar. Við styrktum nokkur ár í röð foreldra sem þurftu að fara með veikt barn til útlanda. Barnið er við góða heilsu í dag og við erum mjög glaðar yfir því að hafa getað hjálpað svona til.“

Það er þekkt fyrirbæri innan kapólsku kirkjunnar að starfa í kyrrþey. Leyfa verkunum að tala og þiggja ekki athygli heldur finna gleði í sínu eigin hjarta þegar árangurinn verður sjáanlegur. En gleðina finna konurnar hver hjá annarri og það finnst þeim best. Þær heimsækja sjúka á stofnanir á sjúkrahús og reyna að aðstoða hverja aðra þegar á bjátar. Það verður ekki hjá því komist að benda á að konurnar eru allar á eldri árum en það veldur þeim ekki áhyggjum. Það veldur þeim meiri áhyggjum að þær vilja ekki að félagsskapurinn lofnist út af.

Félagsskapur sem hjá þeim mörgum hverjum hefur erfst milli kynslóða og hvetja því konur sem vilja láta gott af sér leiða að heimsækja þær og hjálpa til við að hjálpa öðrum.

Karlarnir í félaginu

Konurnar sitja ekki einar að kaffiveitingunum því

HANDPRJÓNADAR DÚKKUR Dúkkurnar á myndunum eru meðal vinninga á basarnum en þær eru prjónaðar af konum í kvenfélaginu og eru alltaf vinsælar.

sig þegar maður hittir prestana,“ segir hún.

Prestarnir koma í dag að starfi félagsins, sem telst eitt elsta starfandi

kvenfélagið í landinu. Þær eru ekki frá því að hætta. Vilja koma saman meðan þær hafa getu til. Á hverju ári koma upp raddir um að árið í ár sé síðasta árið sem haldinn verður basar. Því hefur verið afstýrt í jafn mörg ár og umræðan hefur komið upp. Í dag verður því hinn árlegi jólabasar haldinn sem önnur ár og hvetja konurnar alla til að koma og fá sér kaffi og styrkja gott málefni. „Það eru ekki bara kapólskir sem koma til okkar og fá sér kaffi og kaupa miða. Það er fólk í öllum trúfélögum og eins ólíkt að gerð og það er margt. Svoleiðis viljum við hafa það því okkur finnst það svo nauðsynlegt að fólk reyni að gefa til að gleðja aðra.“ ■

konur í kirkjunni komu saman til að gera við klæði kapólsku prestanna. Sömu konurnar standa vaktina ár eftir ár og sú elsta er rúmlega nírað. Jólin eru tími kvenfélagsins því þá tekur lífið annan lit og klukkurnar í Kristskirkju í Landakoti hringja senn jólin inn.

Allar sem ein

Það er engin ein kona í kvenfélaginu sem vill frekar koma fram en



ego dekor
 BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
 201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

ego dekor
 Borð (180x100) og sex stólar
 Verð áður: 232.000.-
 Verð nú:
129.600.-



ego dekor
 ROCCO sófasett
 3+1+1
 Verð áður: 232.000.-
 Verð nú:
185.600.-



ego dekor
 FOCUS sófasett
 3+1+1 3+2
 199.800.- 188.000.-



ego dekor
 CAPRI leðurtungusófi
 Fáanlegur bændi í hvítu og dökkbrúnu leðri
 Verð áður: 212.000.-
 Verð nú:
169.600.-



ego dekor
 Sjónvarpsskenkur
 Fáanlegur í tveimur stærðum
 240cm
 Verð: 69.000.-
 183cm
 Verð: 65.000.-
 Hilla með ljósi
 Verð: 29.500.-



ego dekor
 Sjónvarpsskenkur
 200cm
 Verð: 67.000.-

Andartök í annríki skammdegisins

Prátt fyrir að daginn sé tekið að stytta er annríkið ekkert minna. Vikan hófst á því að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sigraði í prófkjöri sjálfstæðismanna, en Gísli Marteinn Baldvinsson sat eftir í þriðja sæti. Haukarnir unnu KA í sextán liða úrslitum SS-bikars karla í handbolta. Nemendur í Fjölbraut í Breiðholti skreyttu miðborg Reykjavíkur íklæddir búningum þegar þeir dimmitteruðu og ungum femínistum var boðið í ráðherrabústaðinn til að afhenda forsætisráðherra krónu konunnar. Á föstudag kom svo Quentin Tarantino til landsins til að kynna nýjustu myndina sem hann framleiddi og er því kominn í fríðan hóp Íslandsvina. Þegar hraðinn er mikill eru það einna helst ljósmyndararnir sem ná að grípa andatakið sem stendur upp úr.



UPP Á STÓL EN NÁÐI EKKI UPP LISTANN Eftir mikla prófkjörsbaráttu endaði Gísli Marteinn Baldvinsson í þriðja sæti lista Sjálfstæðisflokks fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HVÍSLAR ÁSTARÖÐ Í EYRA Ekki er ljóst hvað Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokks, er að hvísla í eyra Valdimars Leó Friðrikssonar, þingmanns Samfylkingar. Umræðan í söllum Alþingis snerist um sjávarútvegsmál, þannig að Siv gæti verið að hvísla um meðalstærð þorsksins í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



NÝJAR VARNARAÐFERÐIR Hörður Fannar Sigbórssson í liði KA var ákveðinn í að stöðva Haukana. Þessi varnaraðferð dugði þó ekki til því Haukarnir hrósuðu sigri og eru þar með komnir í átta liða úrslit SS-bikarsins í handknattleik karla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SÓPAR RUSLINU BURT Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hlaut meirihluta atkvæða í prófkjöri Sjálfstæðisflokks í Reykjavík á laugardag fyrir viku. Stuðningsmenn færðu honum kúst til að sópa R-listanum burt að launum, eða að minnsta kosti mistökum núverandi meirihluta því R-listinn sjálfur varð sjálfdauða. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



MARGIR SYLVESTERAR, EN FINNA SAMT EKKI TWEETY Nemendur á lokaári í Fjölbraut í Breiðholti skunduðu niður í bæ til að dimmittera. Þegar dimmitteringu lýkur tekur alvaran við og framundan eru síðustu prófin fyrir útskrift. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HEIM ÚR ÚTLEGGI Teitur Þórðarson mætti á sína fyrstu æfingu sem þjálfari KR, en hann hefur verið í útleggð frá íslenskum fótbolta í tuttugu ár. Nú síðast þjálfaði hann 2. deildar liðið Ull-Kisa í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KLUKKAN STÖÐVÆÐI LEIKINN

Það var ekki þrautalaust fyrir FH stúlurnar að sigra ÍBV í DHL-deild kvenna í handbolta með 21 marki gegn 20. Klukkan í Kaplakrika gerði ítrekaðar tilraunir til að hringja leikinn út í miðjum leik. Að lokum var rafmagnið tekið af húsinu, en klukkan gafst ekki upp og hélt samt áfram að væla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ævintýraheimur H.C. Andersen

Klaustar og Kóngsdætur

Frábær og fyndin fjölskylduskemmtun!

Sýning í dag kl. 14:00!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



SPEGILL, SPEGILL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra mætti framhaldsskólakennurum á Akureyri í mótmælalug á þriðjudag. Kennarar í framhaldsskólum með bekkjarkerfi mótmæltu bæði fyrir framan Alþingishúsið og á Akureyri. Á föstudag mætti hún svo í ráðherrabústaðinn og var viðstödd þegar Halldór Ásgrímsson fékk afhenta krónu konunnar frá ungum femínistum. Sú króna er frábrugðin öðrum krónum, því hún er einungis 65 prósent króna og vísar í launamun kynjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÁFENGI OG STELPUR Quentin Tarantino og Eli Roth komu til landsins á föstudag til að kynna nýja mynd sína Hostel, sem er meðal annars tekin upp hér á landi. Á blaðamannafundinum sagði Eli Roth að hann væri að kynna nýja mynd af landinu fyrir Bandaríkjamönnum. Því bæri mikið á áfengi og lauslæti aðalsöguhetjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

BARNADAGAR!



1.999 kr.

DVD

Spider-Man - Animated



5.499 kr.

PS2

Ultimate Spider-Man



4.999 kr.

PS2

Bratz Rock Angelz



999 kr.

Syngur fyrir börnin - Svanhildur Jakobsdóttir



999 kr.

Ævintýri H.C. Andersen - Bessi Bjarnason



1.999 kr.

Bratz-Rock Angelz



999 kr.

Kardemommubærinn



999 kr.

Dýrin í Hálsaskógi



999 kr.

Emil í Kattholti



999 kr.

Karius og Baktus / Síglaðir



999 kr.

Strumpajól - Strumparnir



999 kr.

Syngur Fyrir Börnin - Ómar Ragnarsson



ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



skemmtir þér ;)

FRUMSYNING 12. NÓVEMBER

Mína og Geiri

söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjórn: Gunnar Helgason

11. nóv. VIP forsyning
12. nóv. Frumsýning
Uppsættuhátíð hentamanna
18. nóv. Uppsætt svæði 1
19. nóv. Uppsætt svæði 1
25. nóv. Uppsætt svæði 1
26. nóv. Uppsætt svæði 1
2. des. Uppsætt svæði 1
3. des. Uppsætt svæði 1
9. des. Uppsætt svæði 1
10. des. Uppsætt svæði 1
16. des. Orða 4 svæði 1
17. des. Orða 4 svæði 1

BROADWAY 5331100 Netfang: midasala@broadway.is
Ógreiddir miðar seldir hálfummuði fyrir viðburð.

Tónleikurinn BÍTL

Föstudag 11/11 **NOKKUR SÆTI**
Laugardag 12/11 **LAUS SÆTI**
Föstudag 26/11 **LAUS SÆTI**

"Frábær skemmtun!"
VS Fréttablaðið

Landsbankinn
Loff KASTALINN
552 3000

PARS PRO TOTO - DANSVERKIÐ VON BOREALIS ENSAMBLE - ÁRÓRA BOREALIS

Von, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur, framleitt af Pars Pro Toto & Áróra Borealis, brot úr nýju verki á gömlum merg, framleitt af Borealis Ensemble.

Tvö ný sviðsverk frumsýnd í Íslensku óperunni;
Laugardaginn 19. nóv. kl. 20 & Sunnudaginn 20. nóv. kl. 17
Miðaverð kr. 2.000.-

Ath! Aðeins þessar tvær sýningar

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN

MENNINGARMÍÐSTÖÐIN GERÐUBERG

Söngur og sund á sunnudegi með Ingvaldi Yri.
Sunnudaginn 13. nóvember kl. 13
Lög eftir Sigfús Halldórsson.
Gestur Bergþór Pálsson.
Aðgangseyrir 500 kr.

Don Kíkóti í 400 ár
Málþing kl. 15-17 Samstarfsverkefni Sendiráðs Spánar, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands, Menningarfélagsins Hispánica. Fyrirlesarar: Carlos Alvar, José Manuel Blecuca, Brian Frazer og Margrét Jónsdóttir. Ókeypis aðgangur.

Sólveig Eggerz Pétursdóttir í Boganum
„Áhrif hins líðna og dagsins í dag“.
Hið smá og stóra, draumar og vaka.
Sólveig sýnir vatnslitamyndir af gróðri, landslagi og mannlífi.
Sýningin stendur til 8. janúar. Ókeypis aðgangur.

Sjónþing
Síðasta sýningarhelgi á verkum Þórdísar Zoëga hönnuðar.
Sýningarnar eru opnar
virka daga 11-17, miðvikud. 11-21 og um helgar 13-16.

Nánar á www.gerduberg.is eða í síma 575 7700

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautinn er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 1 | 6 |
| 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 9 | 2 | 8 | 4 | 7 | 1 | 6 | 5 |
| 1 | 5 | 4 | 9 | 2 | 6 | 8 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 6 | 1 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 3 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 5 | | | 4 | | 7 | |
| | | 7 | 2 | | | 4 | 1 | |
| | | | 9 | 5 | | | | 6 |
| | 7 | | 8 | | 1 | | | 9 |
| 1 | | 2 | | | | 6 | | 8 |
| 6 | | | 3 | | 5 | | | 4 |
| | 4 | | | 7 | 8 | | | |
| | 1 | 9 | | | 6 | 2 | | |
| | 5 | | 4 | | | 7 | 3 | 1 |

STUÐ MILLI STRÍÐA

KRISTJÁN HJÁLMARSSON ER MEÐ LANGT NEF



Ég er forvitinn maður og má helst ekki láta neitt fram hjá mér fara. Það er vel þekkt að forvitni fólk getur orðið ákaflega leiðinlegt. Ég á það til dæmis til að reka nefið á undan mér og lesa blöð eða bækur yfir axlirnar á fólki, jafnvel fólki sem ég hef aldrei séð áður. Ég á það líka til að stoppa úti á miðri götu, reka nefið á undan mér, og fylgjast með einhverju mjög forvitnilegu, allt frá gangandi vegfarendum yfir í stóra bíla sem er verið að leggja í lítil og þröng stæði. Nú ef ég sé slagsmál á ég það til að stoppa, þó ég hafi aldrei verið hrifinn af slagsmál-

um, reka nefið í átt að slagsmálalundunum til að forvitnast um hvert þræufnið er. Þessi sjúklega forvitni mín á ábyggilega eftir að koma mér í vandræði. Það sem meira er þá gæti hún jafnvel orðið minn bani. Á föstudaginn var framið rán í smábænum sem ég bý í hér í Svíþjóð. Ræningjarnir villtu um fyrir lögreglunni með sprengjuhótun við skólann sem ég geng í. Og að sjálfsgöðu gat ég ekki látið þetta forvitnilega mál fram hjá mér fara. Til að tryggja öryggi fólks hafði lögreglan girt af svæðið í um 300 metra radius frá hinu meintu sprengju. Fyrir vikið var erfitt að sjá hvað þar fór fram og þá voru

góð ráð dýr fyrir forvitinn mann. Lögreglan hafði gleymt að loka bílastæðahúsi einu sem liggur rétt hjá skólasvæðinu. Ég, auk nokkurra álíka forvitinna manna, þefaði upp þetta hús og kom mér fyrir á besta stað, svona í um 150 metra fjarlægð frá sprengjunni og fylgdist spennur með. Guði sé lof þá var ekki um neina sprengju að ræða. Ræningjarnir höfðu gabbad lögregluna. Ef um alvöru sprengju hefði verið að ræða hefði sennilega enginn slasast þar sem lögreglan hafði tryggt öryggi allra nema nokkurra manna sem teygðu nefin eins langt og þeir gátu í átt að einhverju sem gæti sprungið framan í þá hvenær sem er.

myndasögur

■ pondus

Eftir Frode Overli

„Dauðafærin eru alltaf hættuleg, þegar Pondus er í stuði.“

„Og eftir því sem ég best veit, Ævar, þá er hann alltaf í stuði!“

PONDUS

„Það er alltaf gott að sjá, Egill að knattspyrnumenn halda hlífðarskildi yfir væntanlegum erfingjum!“

„Það er eins líka eins gott þegar Pondus er með boltann, Ævar!“

„...Og skotið riður af!“

„Og það litur út fyrir að við getum óskað einhverjum áhorfanda til hamingju með nýjan bolta!“

„Vertu ekki of fjötur að dæma, Egill.“

„... og boltinn skrífast til hægri...“

„...og beint í...“

■ Pú og pa

Eftir SÖB

Ég man það að einmitt um morgunin 9/11 hugsaði ég: "fallegur dagur til að fara í flugferð!"

Caput spilar fyrir börnin

Fyrstu tónleikar Caput-hópsins á höfuðborgarsvæðinu í vetur verða haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag. Á þessum tónleikum verður flutt verkið Stúlkan í turninum eftir Snorra Sigfús Birgisson.

Snorri samdi tónlistina við samnefnt ævintýri eftir Jónas Hallgrímsson. Snorri verður sjálfur sögumaður á tónleikunum, en stjórnandi verður Guðmundur Óli Gunnarsson.

Meðan húsrúm leyfir verður ókeypis aðgangur að tónleikunum, sem hefjast klukkan 14.

Caput hóf vetrarstarf sitt reyndar í Þorlákshöfn í lok október á menningarhátíð í Ölfusi. Þar flutti hópurinn einnig verk sem hentar börnum vel, en það var Nætgjalinn eftir hollenska tónskáldið Theo Loevendie. Sögumaður á þeim tónleikum var Sverrir Guðjónsson, en stjórnandi var Guðni Franzson.

Búast má við að heldur þingist efnisskráin á næstu tónleikum Caput-hópsins, sem verða í Salnum í Kópavogi 7. desember. Það verða hörputónleikar með Elísabetu Erlingsdóttur, sem leikur



SNORRI SIGFÚS BIRGISSON Caput flytur verk hans, Stúlkan í turninum, í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag.

ásamt Eyðisi Franzdóttur, Emil Friðfinnssyni, Guðmundi Kristmundssyni og Kolbeini Bjarnsyni.

Eftir áramótin taka síðan við Myrkir músíkdagar. Caput verður með þrenna tónleika á Myrkum músíkdögum í ár, dagana 6., 11. og 12. febrúar.

Að því búnu verður haldið til Kanada þar sem Caput tekur þátt í tónlistarhátíðinni Musicmarch 2006 í Montreal. Sú hátíð er helguð norrænni og kanadískri tónlist, en auk þess að halda tvenna tónleika halda Caput-liðar fyrirlestira og námskeið við tónlistardeild McGill háskólans.

Minnast meistarans

„Hann Jimmy Smith var eiginlega guðfaðir Hammond-orgeldjassins,“ segir Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari. Hann stígur á stökk í kvöld ásamt félögum sínum í orgeltríóinu B3 til þess að minnast Smiths, sem lést núna í vor.

„Hann var búinn að spila í fimmtíu ár á Hammond og bjó til þennan djassstíl.“

Félagar Ásgeirs í tríóinu eru þeir Erik Qvick trommuleikari og Agnar Már Magnússon, sem leikur á Hammond-orgelið. Tríóð hefur verið starfandi í rúmlega fjögur ár og gefið út tvo geisladiska sem báðir hafa fengið frábæra dóma, bæði hér og erlendis.

Tónleikarnir, sem haldnir eru til heiðurs meistarannum Jimmy Smith, eru haldnir í djassklúbbnum Múlanum, sem þetta árið er til húsa í Þjóðleikhúskjallaranum.

Þeir félagar í B3 rekja feril Jimmy Smith og leika bæði lög eftir hann og lög sem hann gerði ódauðleg eftir aðra.

Jimmy Smith hóf ferilinn sem píanóleikari og lék í svipuðum



AGNAR MÁR Leikur djass á Hammond-orgelið með félögum sínum í B3.

stíl og píanóleikarinn Art Tatum, en sneri sér að Hammond B-3 orgelinu árið 1953 þótt hann segi sjálfur að hammondferillinn hafi hafist 1954. Hann er ókrýndur konungur hammondorgelsins og hefur verið fyrirmynd allra hammondleikara sem komið hafa á eftir honum.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksynging landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
18. sýn fös 18. nóv. - örfá sæti laus
19. sýn lau 19. nóv. - örfá sæti laus
20. sýn fös 25. nóv. - Nokkur sæti
21. sýn lau 26. nóv. - Nokkur sæti
22. sýn. 2. des.
23. sýn. 3. des.

HAFNARFIJARDAR LEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 og á miði.is

Leikfélag Mosfellssveitar
Fjórir einpáttungar eftir Lárus H. Jónsson og Pétur Ragnar Pétursson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
2. sýning Sunnud. 13.nóv. kl. 20:00
3. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 20:00
4. sýning Föstud. 18.nóv. kl. 22:00
5. sýning Sunnud. 20.nóv. kl. 20:00
Sýndir eru einpáttungarnir Húð og hitt og það er frítt að tala í GSM hjá guði eftir Pétur R. Pétursson og það verður að stoppa þennan mann og Einn dagur í einu eftir Lárus H. Jónsson. Sýningin er ekki við hæfi áhorfenda yngri en 16 ára.
Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1000,-
www.leikmos.is

Talstöðin
FM 90,9

Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STRICKS & Martin CHAFFIN
SÍÐUSTU SÝNINGAR
Sun. 13. nóv. kl. 14
örfá sæti laus
Vegna gífurlegrar aðsóknar
Fim. 17. nóv. kl. 19
★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið
Miðasala í síma 551 4700 alla daga frá kl. 13-17 í gamla húsinu ÁSTRAUMERJÓRÐI
www.annie.is • www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

| Stóra svið | | Nýja svið/Litla svið | |
|--|---|---|------------------------------------|
| Salka Valka | | Lífins tré | |
| Fi 17/11 kl.20 Fö 25/11 kl.20 Su 11/12 kl.20 | Fi 24/11 kl.20 Su 4/12 kl.20 | Fö 18/11 kl.20 Fö 25/11 kl.20 Lau 3/12 kl.20 | Lau 19/11 kl.20 Lau 26/11 kl.20 |
| Woyzeck | | Alveg briliant skilnaður | |
| Fö 18/11 kl.20 Lau 26/11 kl.21 Mi 30/11 kl.20 UPPS Fö 2/12 kl.20 | Lau 19/11 kl.20 Su 27/11 kl.21 Fi 1/12 kl.20 Fi 8/12 kl.20 | Í kvöld kl.20 UPPSELT Su 20/11 kl.20 UPPSELT Su 27/11 kl.20 UPPSELT Má 28/11 kl.20 UPPSELT Su 4/12 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar! | |
| Kalli á þakinu | | Manntafl | |
| Í dag kl.14 UPPS Lau 26/11 kl.14 Su 4/12 kl.14 | Su 20/11 kl.14 Su 27/11 kl.14 Su 11/12 kl.14 | Fi 17/11 kl.20 | Fi 24/11 kl.20 |
| Id - HAUST | | GJAFAKORT | |
| Wonderland, Critic 's Choice? og Pocket Ocean Í kvöld kl.20 Mi 23/11 kl.20 Aðeins þessar sýningar! | Su 20/11 kl.20 | GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Nýtt símanúmer
hjá dreifingu:
550 5600
FRÉTTABLAÐIÐ

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 17/11, fös. 18/11 nokkur sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus, fim. 24/11, fös. 25/11, lau. 26/11. Aðeins sýnt í nóvember.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Í dag sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
EDITH PIAF
Í kvöld sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Í kvöld sun. 13/11 uppselt, fim. 17/11 uppselt, sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11 uppselt, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 örfá sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld sun. 13/11 kl. 21:30 Sunnudagsjass. Djassklúbburinn Múlinn: **B3**. Tónlist orgelleikarans Jimmy Smith.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

„Við svífum í flugulíki eftir teppalögðum gangi þar sem þögnin ilmar af gömlu ryki, skóáburði og víðarolíu.“

- Stefán Máni leikur sér sem fyrr að því að skapa áþreifanlega stemningu í nokkrum orðum í bók sinni Túrísti.



bækur

baekur@frettabladid.is


Harry Potter er mættur

Bókaforlagið Bjartur gaf í gær út nýjustu Harry Potter bókina, Harry Potter og Blendingsprinsinn, í íslenskrí þýðingu. Þetta er sjötta bókinn í söguflóknum um galdratrákinn en hún setti sölumet í sumar þegar hún kom út í Bretlandi og Bandaríkjunum þar sem níu milljónir eintaka seldust á fyrsta söludegi; 6,9 milljónir í Bandaríkjunum og rúmlega 2 milljónir í Bretlandi. Fyrsta prentun íslensku þýðingarinnar telur 15.000 eintök og á föstudag voru 8.728 bækur keyrðar frá lager útgefandans og dreift í verslanir og sennilega hefur jafn mörgum eintökum af inni bók aldrei áður verið dreift hérlandis á einum degi.

Þegar hér er komið við sögu er Harry á sautjándra ári þannig að unglingavandamálín halda áfram að hlaðast upp hjá honum. Stelpuvandræði og tilfinningaflækjur fólga þó

í samanburðinum við ógnina sem stafar af Voldemort sem eflist með hverjum degi sem líður. Nýja bókinn er nokkru styttri en bókinn á undan, Harry Potter og Fönixreglan. Þetta er í samræmi við það sem höfundurinn J. K. Rowling sagði um bækurnar fyrir nokkru; sú fimmta yrði þeirra lengst en síðan myndu þær stytta. Bókinn er þó um 500 blaðsíður og veitir ekki af því það er frá mörgu að segja nú þegar orrustan er hafin fyrir alvöru, tóframenn og nornir skipast í fylkingar eftir því hvort þau kjósa hið illa eða hið góða.

Harry Potter og Blendingsprinsinn er ekki aðeins saga af Harry Potter heldur fær Trevor Delgome, sem síðar tók sér nafnið Voldemort, mikið rými og er ævisaga hans að mestu rakin í bókinni.



BÓK VIKUNNAR

Rokland eftir Hallgrím Helgason. Hallgrímur er í stuði í nýjustu skáldsögu sinni um blogggarann og uppreisnarmanninn Böðvar H. Steingrímsson sem á sér framhaldslíf utan ramma skáldsögunnar á bloggsíðunni www.rokland.blogspot.com.

METSÖLULISINN - SÖLUHÆSTU BÆKURNAR

ADALLISTINN - ALLAR BÆKUR

- 1 VETRARBORGIN**
ARNALDUR INDRÍÐASON
- 2 AUBUR EIR - SÓLIN KEMUR...**
EDDA ANDRÉSDÓTTIR
- 3 109 JAPANSKAR SUDOKU**
GIDEON GREENSPAN
- 4 ... SAGA THELMU**
GERÐUR KRISTNÝ
- 5 GÆFUSPOR - GILDIN Í LÍFINU**
GUNNAR HERSVEINN
- 6 BLEKKINGALEIKUR**
DAN BROWN
- 7 FLEIRI SKYNDIBITAR FYRIR ...**
BARBARA BERGER
- 8 Í GYLLTUM RAMMA**
JÓN HJARTARSON
- 9 ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ BORDAR**
GILLIAN MCKEITH
- 10 Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM**
STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR

HANDBÆKUR/FR/EDIB./EVISSÖGUR

- 1 AUBUR EIR SÓLIN**
EDDA ANDRÉSDÓTTIR
- 2 109 JAPANSKAR SUDOKU - 1**
GIDEON GREENSPAN
- 3 MYNDIN AF PABBA**
GERÐUR KRISTNÝ
- 4 GÆFUSPOR - GILDIN Í LÍFINU**
GUNNAR HERSVEINN
- 5 FLEIRI SKYNDIBITAR FYRIR ...**
BARBARA BERGER
- 6 Í GYLLTUM RAMMA SAGA ...**
JÓN HJARTARSON
- 7 ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ BORDAR**
GILLIAN MCKEITH
- 8 SUDOKU 1**
WAYNE GOULD
- 9 109 JAPANSKAR SUDOKU - 2**
GIDEON GREENSPAN
- 10 JÖRÐIN**
- JPV

Listinn er gerður út frá sölu dagana 02.11.05 - 08.11.05 í Bókabúðum Máls og menningar og Pennans - Eymundssonar.

Dagfarsprúði morðinginn

Bandaríski rithöfundurinn Jeff Lindsay hefur slegið í gegn með bókum sínum um geðþekka raðmorðingjann Dexter. Bókinn Dexter í dimmum draumi kom út í íslenskrí þýðingu á dögunum og af því tilefni sótti höfundurinn landið heim. Þórarinn Þórarinnson hitti hann að máli og ræddi við hann um þær myndir sem hið illa getur tekið á sig.

Vinsældir og velgengni bókarinnar Deter í dimmum draumi urðu til þess að Jeff Lindsey ákvað að gera ævintýrum hans frekari skil. Önnur bókinn um Dexter er nýkominn út í Bandaríkjunum og hann er að vinna að þeirri þriðju um þessar mundir. Þá er verið að gera sjónvarpsmynd um Dexter og ef allt gengur að óskum verður hún upphafið á sjónvarpsþáttaröð.

Lindsay segist ekki vera mikið með puttana í gerð sjónvarpsmyndarinnar. „Ég hef komið á tókustaði en það er mjög skýr verkaskipting í þessum bransa og þeir vilja fá að gera þetta í friði. Ég hef engar áhyggjur af þessu. Þetta er margverðlaunað hæfileikafólk sem er að gera þetta.“

Útlitið blekkir


Það leynir sér ekki þegar Lindsay talar um Dexter að hann er býsna ánægður með sköpunarverk sitt. „Kveikjan að honum er ævilangur áhugi minn á góðu og illu og þeim myndum sem illskan getur tekið á sig. Dexter er óþverri en hann veit að með því að koma vel fyrir og vera vel til fara kemst hann upp með það sem hann gerir. Og svona er þetta í lífinu. Útlitið og yfirborðið skiptir öllu máli og fólk horfir ekki lengra.“

Raðmorðingjar eru heillandi fyrirbæri. Þeir sem við fréttum af og eru handteknir eru þeir lélegu. Þeir góðu ganga enn lausir og munu aldrei nást. Ég kynnti mér raðmorðingja vel áður en ég byrjaði að skrifa og ég þekki sálfræðing sem vann hjá Kaliforníuríki við að meðhöndla geðveika glæpamenn. Ég leitaði mikið til hennar þegar ég reyndi að skilja þankangang morðingja og hún hjálpaði mér mikið.“

Hinn vænsti morðingi

Dexter er samt hetja bókanna og er í raun góði gæinn. Einfaldlega vegna þess að eins og hann segir sjálfur þá drepur hann aðeins þá sem eiga það skilið, aðra morðingja.

„Dexter drepur bara illmenni og það er nóg til að þeim. Með því að gera Dexter svona viðkunna og láta hann drepa morðingja geri ég lesandann að bandamanni hans en um leið verður lesandi að íhuga síðferðiskennd sína vegna þess að Dexter er vondur. Mig langaði með Dexter að skapa fullkomna andhetju. Hann er heillandi og þægilegur en er samt hræðileg manneskja og hann drepur fólk.“



JEFF LINDSAY

Dexter vinnur við glæpavettvangsrannsóknir hjá lögreglunni í Miami. „Þetta gefur honum aðgang að alls konar mikilvægum upplýsingum auk þess sem hann kann vitaskuld vel til verka þegar kemur að drápum. Mér finnst þetta skemmtileg hugmynd en í byrjun vissi ég ekki neitt nema

„Ég vissi eitthvað um Ísland áður en ég kom hingað en það var ekki mikið. Það er auðvitað eitt sem maður er alltaf að heyra og kom næstum í veg fyrir ferð mína hingað en það er að hér búi falletasta kvenfólk í heimi. Í hvert skipti sem konan mín heyrði þetta sló hún til mín og sagði mér að þangað fengi ég aldrei að fara.“

ad ég vildi skrifa sögu um morðingja sem drepur morðingja. Náin tengsl hans við lögregluna urðu til seinna.

Bólvaðir óþverrar

Lindsay segir að þrátt fyrir áhuga sinn á raðmorðingjum og alla þá vitneskju sem hann hafi

aflað sér um þá eigi hann sér engan uppáhaldsraðmorðingja. „Nei, ég husa ekki þannig um þá. Þetta eru ekki geðslegir menn og maður getur ekki flokkað þá eins og hafnarboltamenn. Jafnvel klárustu raðmorðingjarnir eru þannig að maður getur ekki dáðst að þeim. Þetta er ekki heillandi iðja sem þeir stunda og ég veit eiginlega ekkert af hverju ég skrifa þetta.“

Systir Dexters er lögregla og hann hjálpar henni að hafa uppi á raðmorðingja í bókinni Dexter í dimmum draumi. Hann er því í miklum og nánum samskiptum við laganna verði. „Fyrir mér er þetta brandari. Að hann skuli vinna með lögreglunni alla daga en enginn hafi hugmynd um hver hann er. Ég held að það muni ekki komast upp um hann. Í það minnsta ekki fyrr en eftir nokkrar bækur til viðbótar. Hann er útsmoginn og passar upp á að halda ímyndinni flekklausri. Jafnvel þessir lélegu raðmorðingjar sem nást eru flestir þannig að það er alltaf hægt að finna fólk sem talar um hvað þeir hafi verið almennilegir og þægilegir í umgengni. Það sem þetta fólk áttar sig ekki á er að þetta eru ekki menn sem eru að sýna því kurteisi. Þeir eru frekar eins og rándýr sem fíkrar sig að hjörð, þefar af dýrunum og velur sér næstu bráð.“ ■



RÁÐSTEFNA 17. NÓVEMBER 2005 AÐ GRAND HÓTEL, REYKJAVÍK.

Þema ráðstefnunnar:
Hver er reynslan af skipulags- og byggingarlögum, frá 1997 og byggingarreglugerð frá 1998? Hverju þarf að breyta? Hvað vantar?

Ráðstefnustjóri Guðmundur Bjarnason, frkvstj. Íbúðalánasjóðs og fyrrverandi umhverfisráðherra.

Dagskrá:

| | |
|-------------|--|
| 9:00-9:15 | Málþing sett af umhverfisráðherra |
| 9:15-9:30 | FB kynnt Sigurður Jónsson, formaður Fb |
| 9:30-9:50 | Framsaga Félags sjálfstætt starfandi arkitekta |
| 9:50-10:15 | Framsaga Félags ráðgjafa verkfræðinga |
| 10:15-10:35 | Kaffihlé |
| 10:35-10:55 | Framsaga Meistarasambands byggingarmanna |
| 10:55-11:15 | Framsaga Samtaka iðnaðarins |
| 11:15-11:30 | Framsaga byggingarfulltrúa |
| 11:30-12:15 | Umræður framsögumenn sitja í pallborði |
| 12:15-13:05 | Hádegisverðarhlé |
| 13:05-13:20 | Sjónarmið sveitarstjórnarmanns |
| 13:20-13:35 | Sjónarmið Skipulagsstofnunar |
| 13:35-13:50 | Sjónarmið Neytendasamtaka |
| 13:50-14:05 | Sjónarmið Sambands tryggingarfélaga |
| 14:05-14:20 | Sjónarmið sveitarstjórnarmanns |
| 14:20-14:40 | Umræður |
| 14:40-15:00 | Kaffihlé |
| 15:00-15:15 | Sjónarmið verktaka |
| 15:15-15:30 | Sjónarmið verktaka |
| 15:30-15:50 | Umhverfisráðuneytið, Ingimar Sigurðsson |
| 15:50-16:15 | Umræður og samantekt |
| 16:15-16:30 | Ráðstefnuslút |
| 16:30 | Léttar veitingar |

RÁÐSTEFNUGJALD ER 7000,- SEM GREIÐIST Á STAÐNUM.
ÞÁTTAKA TILKYNNIST Á NETFANG FRAM TIL 16. NÓVEMBER N.K.

Félag byggingarfulltrúa

ÍSLENSKU

TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Stjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna óskar eftir tillögum að tilnefningum til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005

Veitt verða verðlaun í eftirfarandi flokkum:

Fjölbreytt tónlist

(Popp og rokk, dægurtónlist og ýmis tónlist):

Popp og rokk
Hljómplata ársins
Dægurtónlist
Hljómplata ársins
Ýmis tónlist
Hljómplata ársins

Popp og rokk, dægurtónlist og ýmis tónlist
deila með sér eftirfarandi flokkum:

Flytjandi ársins
Lag og texti ársins
Söngkona ársins
Söngvari ársins

Skila skal tólf eintökum af hverri hljómplötu
í flokkunum sem falla undir fjölbreytta tónlist

Sígild og samtímatónlist

Hljómplata ársins
Flytjandi ársins
Tónverk ársins

Skila skal átta eintökum af hverri
hljómplötu

Djasstónlist

Hljómplata ársins
Flytjandi ársins
Tónverk ársins

Skila skal átta eintökum af hverri
hljómplötu

Önnur verðlaun

Bjartasta vonin
Tónlistarmyndband ársins
Plötuumslag ársins

Skila skal þremur eintökum fyrir
hverja tilnefningu

Þátttökurétt eiga plötur sem gefnar hafa verið út til almennrar dreifingar og sölu á tímabilinu
25. nóvember 2004 til 25. nóvember 2005. Tónverkum í flokki samtímatónlistar skal skila á
hljóðriti af opinberum flutningi verksins.

Þátttökugjald er 8.000 krónur. Greiðsla fer fram við skráningu.
Ekki verður tekið við ófullgerðum hljómplötum. Skráningareyðublöð er að finna
á www.samtonn.is og á skrifstofu FÍH, Rauðagerði 27, 108 Reykjavík.

**Tillögum skal skila á skrifstofu FÍH, Rauðagerði 27, 108 Reykjavík
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 25. nóvember 2005**

Jólin komin á Seltjarnarnesið

Konurnar í Félagsstarfi aldraðra á Seltjarnarnesi eru löngu komnar í jólasþap og hafa verið að sauma dásamlega fallega jólasveina úr þæfðu ullarfilti síðan í september. Ragna Ingimundardóttir leirlistakona leiðbeinir konunum á opinni vinnustofu á mánudögum og miðvikudögum ásamt Ernu Nielsen. „Þær eru þarna saman að þrjóna og sauma alls kyns dóterí. Líklega hafa verið framleiddir um fimmtíu eða sextíu jólasveinar síðan í september en þeir rjúka allir út til vana og fjölskyldu. Það vilja allir eignast þessa jólasveina,“ segir Ragna og bætir því við að

kannski framleiði þær sveinana bara allt næsta ár og þá geti þær haldið basar um jólin.

„Við erum svo að byrja á að gera englana. Einnig höfum við verið að þrjóna húfur, trefla og alls kyns sjöl. Konurnar sem mæta eru um þrjátíu talsins og þetta er bara einn risastór saumaklúbbur. Þær eru allar upp úr sextugt, eru hættar að vinna og hafa ógurlega gaman af þessu. Karlarnir mæta svo auðvitað líka en eru meira fyrir aðrar vinnustofur sem við bjóðum upp á eins og leikfimi, bókbönd, leir eða gler. Það er aðeins erfiðara að fá þá til að mæta.“



SAUMASKAPUR Margrét Davíðsdóttir dundar sér við saumaskapinn.



JÓLASKAPI Konurnar í félagsstarfinu eru augljóslega komnar í jólasþap. Hér situr Helga Torfadóttir við vinnu sína.



JÓLASVEINAR Fjölskyldur og vinir kvennanna í Félagsstarfi aldraðra á Seltjarnarnesi hafa keypt alla þá jólasveina sem þær hafa saumað.

Sótt í limósínu

„Þetta var alveg ógleymanlegur dagur,“ segir Hanna Guðný Hallgrímsdóttir, starfskona í þjónustufyrirtæki Og Vodafone, en hún sigraði nýverið í fyrirtækja-söngvakeppni Íslands í bítið. Hanna Guðný var flutt í lúxusbifreið að höfuðstöðvum Og Vodafone í Síðumúla þar sem samstarfsfólk beið hennar og fagnaði ákaft. „Ég varð mjög glöð þegar forstjóri fyrirtækisins, Árni Pétur Jónsson, hringdi í mig og óskaði mér til hamingju. Svo sagðist hann senda bíl efir mér sem mér fannst alveg óþarfi. Ég bjóst náttúrulega ekki við þessari glæsikerru!“ segir Hanna Guðný og skellir upp úr. Addi Idol var á staðnum og tók lagið fyrir Hönnu Guðnýju við mikinn fögnuð viðstaddra, en hann er þekktur úr Idol Stjörnuleit keppninni. Svo var öllum boðið að gæða sér á veitingum í tilefni dagsins. „Það er alveg frábært að eiga svona góða

vinnufélaga,“ segir Hanna Guðný, sem er aðeins tvítug. Vinningslagið sem hún söng með svo miklum glæsibrag var Songbird sem Eva Cassidy gerði frægt, og reyndar Hildur Vala ídól-stjarna líka. Hafa umboðsmennirnir ekki lagið á henni með tilboð? Hún verður leyndardómsfull og segir það allt koma í ljós von bráðar...

EINS OG STÓRSTJARNNA Hanna Guðný í glæsikerrunni á leið í vinnuna.



IDOL-STJARNAN Á SVÆÐINU Addi ídól stígur fram og syngur lag til heiðurs Hönnu Guðnýju.



GÓÐAR VEITINGAR Hanna Guðný og vinnufélagar gæða sér á gómsættum krásum.

Íslenskir tónlistardagar

Öll íslensk tónlist án virðisauka í nóvember

TAX FREE TÓNLIST



1.605 kr
verð áður 1.999

ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein
Áritar og spilar í Hagkaupum
Smáralind í dag kl. 16:00



1.605 kr
verð áður 1.999

BERGSVEINN - September
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum
Spönginni í dag kl. 14:00
Kringlunni í dag kl. 16:00

ÁRITAR OG SPILAR
Í SMÁRALIND KL. 15:00



1.605 kr
verð áður 1.999

REGÍNA ÓSK

ÁRITA Í SMÁRALIND
KL. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999

NYLON - Góðir hlutir

ÁRITAR Í SKEIFUNNI
KL. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the
rain

ÁRITAR Í KRINGLUNNI
KL. 14:00



1.605 kr
verð áður 1.999

BJARNI ARASON - Svíng



1.605 kr
verð áður 1.999

JÓN SIGURÐSSON - Til þín



1.605 kr
verð áður 1.999

AMPOP - My Delusions



1.605 kr
verð áður 1.999

INGIBJÖRG ÞÓRBERGS - Í sólgulu húsi



1.605 kr
verð áður 1.999

SVALA BJÖRGVINS - Bird of Freedom



1.605 kr
verð áður 1.999

HERA - Don't play this



1.605 kr
verð áður 1.999

SÁLÍN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum
áhrifum



1.605 kr
verð áður 1.999

BUBBI - Ísbjarnarblús



1.605 kr
verð áður 1.999

BUBBI - Kona

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður fullan
virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað
Hagkaupa.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



HUGSABU STÓRT
SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

blaðið
 FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
 Sjóðheit spennumynd með ofurhoffaranum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
 Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 Sýnd í Lúxus kl. 3, 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára

In Her Shoes
 Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.40

THE Z
 Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.45 B.i. 12 ára

Africa United
 Sýnd kl. 2 og 3.45

TRANSPORTER 2
 Sýnd kl. 2 og 4 með íslensku tali. Sýnd kl. 10.20 B.i. 16 ára

Dolby Digital, SDDS, THX, BÍÓ.is - allt á einum stað

REGNBOGINN Sími 551 9000

blaðið
 FM 957

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
 Sjóðheit spennumynd með ofurhoffaranum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
 Sýnd kl. 3, 5.40, 8 og 10.20 B.i. 14 ára

In Her Shoes
 Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára

3 BÍÓ Á ADEINS 400 KR.

OKTÓBERBÍÓFEST
 www.icelandfilmfestival.is 26. október - 14. nóvember

Yes • Sýnd kl. 2
 Enskt tal

On a Clear Day • Sýnd kl. 2
 Enskt tal

My Summer of Love • Sýnd kl. 4
 Enskt tal

The King • Sýnd kl. 4
 Enskt tal

Adams Æbler • Sýnd kl. 5.30
 Dansk tal/ótextuð

Separate Lies • Sýnd kl. 6
 Enskt tal/íslenskur texti

Drawing Restraint 9 • Sýnd kl. 8
 Enskt tal

Hostel • Sýnd kl. 8
 Enskt tal

Site Specific • Sýnd kl. 10.30
 Enskt tal

Lie With Me • Sýnd kl. 10.30
 Enskt tal/íslenskur texti

LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

Þetta var hið fullkomna fri þangað til þau fundu fjársjóðinn!
 Sjóðheit spennumynd með ofurhoffaranum Paul Walker og hinni stórglæsilegu Jessicu Alba.

INTO THE BLUE
 Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.20

In Her Shoes
 Sýnd kl. 12.30, 3, 5.30, 8 og 10.20

THE Z
 Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.20

DOOM
 Sýnd kl. 5.30 og 8

VIKARINN
 Sýnd kl. 1 og 3

THE DESCENT
 Sýnd kl. 10

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400KR!
 ATH: SÝNINGAR MERKTAÐ MED RAUÐU

Morð á kvikmynd 50 cent

Glæparapparinn og kvennabósin 50 Cent hefur yfirleitt verið á milli tannanna á fólki enda hafa textar hans vakið hörð viðbrögð og fyrri lífern hans æði skraut-

legt. Það verður væntanlega ekki vatn á myllu rapparans að kvikmyndahúsagæsturinn Shelton Flowers skyldi hafa verið drepinn eftir að sýningu myndarinnar

Get Rich or Die Tryin' lauk. Það er Jim Sheridan sem leikstýrir myndinni en 50 Cent leikur sjálfan sig í henni.

Flowers var einn þriggja manna sem réðst inn á salerni í kvikmyndahúsi Homestead í Pennsylvaníu á miðvikudaginn. Það fór ekki betur en svo að Flowers komst ekki lífs af úr þessari árás. Lögreglan á staðnum rannsakar nú málið en hefur enn ekki viljað gefa upp hvort tengsl séu á milli morðsins og myndarinnar. Kvikmyndahúsið hefur í það minnsta hætt sýningum þar til niðurstaða er komin í málið en enginn hefur verið handtekinn.



50 CENT Kvikmyndahúsagæstur var myrtur í lok sýningar Get Rich or Die Tryin' sem byggir á ævi rapparans.

Englar algleymis

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Ég er búinn að þróa með mér kenningu sem ég hef ekki ennþá náð að afsanna. Ég held því fram að hljómsveitir geti ómögulega haldið áfram að gera áhrifamiklar plötur sem skipta einhverju máli í sögu tónlistar hafi þær verið að gefa út plötur í meira en 10 ár. Þetta á við allar sveitir, líka U2, Radiohead, Bítlana, The Cure og Depeche Mode.

Eftir þann tíma halda sveitir áfram að gera plötur, og það leynast kannski góð lög inn á milli, en heildin er aldrei nægilega sterk til þess að platan geti talist klassísk. Eina sveitin sem hefur komist nálægt því að afsanna þessa kenningu mína er Depeche Mode. Þeir kunna einfaldlega ekki að gera slappar plötur. En þeir hafa heldur ekki gert fimm stjörnu plötu síðan Violator kom út árið 1990, þá 9 árum eftir að þeir hófu plötuútgáfu. En samt, þeir eru enn að gera góðar plötur, og þessi nýjasta Playing the Angel, er engin undantekning þar á. Tónlist þeirra eldist líka alveg svakalega vel. Einföld blanda þeirra af 80's elektróník og gítarriffum er hin fullkomna formúla fyrir popptónlist okkar tíma. Það sem er helst að þessari plötu er að stundum eru lagasmíðarnar frekar veikar.

Fyrsta smáskífan, Precious, er þannig langsterkasta lag plötunnar.



DEPECHE MODE: PLAYING THE ANGEL

Niðurstaða: Depeche Mode kann ekki að gera slappar plötur. Ellefta breiðskífa þeirra sýnir að Hljómsveitin á enn tilveru, og getur enn skilað af sér góðum plötum. Hjartað er enn á réttum stað.

Upphafslagið A Pain That I'm Used To er líka afbrigði. Hér og þar leynast þó lög eins og Damaged People, sem er bæði með afar slappa söngmelódíu og sungidó á frekar pirrandi hátt. Dave Gahan virðist hafa meira vald á röddinni núna en áður, og það fer í taugarnar á mér, vegna þess að hann kys að setja titrarann á og syngja eins „vel“ og hann getur. Gamla lífaða sandpappírskröddin hans passar betur við raftónana.

Depeche Mode er ein mikilvægasta hljómsveit okkar tíma, og þessi nýja plata þeirra sannar að þeir geta enn gert góðar plötur. Þó að þeir séu komnir yfir þann þröskuld að geta gert plötur sem eiga eftir að verða klassísk í tónlistarsögunni.

Birgir Örn Steinarsson

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
 Einstök þægindi
 Fallegir litir
 5 stjörnu NCAP öryggi
 Einstaklega sparneytinn
 Hlaðinn staðalbúnaði
 3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.870.000
 Bílasamningur / Bílalán
kr. 19.500 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Renault Megane MEST SELDI BÍLL EVRÓPU



Aukahlutir á mynd: álfelgur

Renault Megane II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskíttur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 ltr/100km í kjöraðstæðum.

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

Með bílmi handa þér


HÁDEGISBÍÓ 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI **3 BÍÓ** 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓ

| ÁLFABAKKI | KEFLAVÍK | KRINGLAN |
|---|---|---|
| ELIZABETH TOWN KL. 5.30-8-10.30 ELIZABETH TOWN VIP KL. 8-10.30 LITLI KJÚLLINN KL. 2-4-6 LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal KL. 2-4-6 CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 2-4-6-8-10-10 TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 8-10.30 KISS KISS BANG BANG KL. 2-4-6-8-10-10 FLIGHTPLAN KL. 10.30 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 8.15 WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 2-3-30 THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 4 VALIANT ísl. tal KL. 6 KL. 1.50 | LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-4-6 DOOM KL. 8-10 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 2-4 PERFECT CATCH KL. 6-8 THE HISTORY OF VIOLENCE KL. 10 AKUREYRI LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 2-4-6 TWO FOR THE MONEY KL. 8-10 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 2-4 FLIGHTPLAN KL. 10 VALIANT ísl. tal KL. 6 | CHICKEN LITTLE enskt tal KL. 6-8-10-10 LITLI KJÚLLINN ísl. tal KL. 12-1-2-4-6 TWO FOR THE MONEY KL. 8-10.30 KISS KISS BANG BANG KL. 6-8-15-10.30 WALLACE & GROMIT ísl. tal KL. 12-4 VALIANT ísl. tal KL. 2 SKY HIGH KL. 4 |

ALFABAKKI | 587 8900 KRINGLAN | 588 0800 AKUREYRI | 461 4666 KEFLAVÍK | 431 1170

FRÉTTIR AF FÓLKI

Pete Doherty getur ekki farið til Ameríku og hitt Kate Moss vegna þess að hann er búinn að týna vegabréfinu sínu. Reyndar er Pete viss um að vegabréfinu hafi verið stolið. „Pete er brjáláður yfir vegabréfsleysinu. Hann heldur að einhver hafi stolið því til að hann geti ekki farið og hitt Kate. Hann hefur hringt í alla vini sína og sakað þá um að hafa stolið því,” sagði heimildarmaður. „Hann er kominn með ofsóknarbrjálæði og heldur að allir í kringum sig séu að reyna að halda honum frá Kate.“



Jennifer Aniston segir Vince Vaughn vera þjóðargesemi en neitar að segja til um hvort hann sé nýi kærastinn hennar. „Hann er frábær leikari og það er yndislegt að vinna með honum,” sagði hún, en gaf ekkert upp hvort þau ættu í ástarsambandi. Eftir að þáttarstjórnandinn Larry King hafði dembt á hana spurningu um málið sagði hún honum kurteislega að skipta sér ekki af því sem honum kæmi ekki við. „Ég ætla einfaldlega ekki að tala um þetta.“



Brooke Shields ætlaði einu sinni að gefa fyrrverandi kærasta sínum, Michael Jackson, hina fullkomnu afmælisgjöf, gínu sem væri nákvæm eftirmynd af henni. Leikkonan grátbað móður sína Teri um að hafa samband við fyrirtæki í London og fá það til að redda gjöfina. Draumurinn varð að engu þegar hún frétti að það tæki þrjár vikur að gera gínuna. Það skrítna er að gjöfin hefði verið fullkomin handa Jackson sem sagði: „Mér finnst gott að tala við gínur. Ég umkringi mig af fólki sem ég vil að sé vinir mínir. Ég get gert það með gínunum.“



Ofurpoppstjarnan Madonna neitar að kaupa dagblöð og tímarit vegna þess að hún er orðin þreytt á að lesa sögur um sjálfa sig. „Þetta er ósköp einfalt. Ég vil ekki að allt slúðrið og sögurnar hafi áhrif á mig en þær gera það ef ég les þær. Þegar ég sé ógeósluga grein um mig með mynd af mér og fjölskyldunni minni þá verð ég bara pirruð og ég vil helst sleppa því,” sagði hún.



Þungir og dramatískir

Rokksveitin Dimma er að gefa út sína fyrstu plötu, sem ber nafn sveitarinnar. „Við byrjuðum að taka hana upp fyrir ári. Dimma var þá ekki orðin hljómsveit,” segir Ingó Geirdal, gítarleikari Dimmu. „Ég og Silli bróðir áttum uppsafnað efni og ætluðum að gera plötu og fá gesti til að syngja og spila með okkur. Síðan fengum við Hjalta sem var í Urmul og Brain Police til að syngja fyrsta lagið og hann small svo vel inn í músíkina að við sáum að það var engin önnur leið til að gera þetta,” segir hann. Trommaranum úr Stripshow, sem er fyrrverandi hljómsveit Ingós og Silla, var þá bætt í hópinn og úr varð Dimma. Ingó segir að Dimma sé einfaldari og kraftmeiri en Stripshow. „Sáandið er mjög þungt en líka svolítið dramatískt. Við höfum verið að hlusta mikið á bönd eins



DIMMA
Rokksveitin Dimma gefur út sína fyrstu plötu.

og Korn, Rammstein og Marilyn Manson og höfum verið að taka þau áhrif mikið inn.“ Dimma hitaði upp fyrir Alice Cooper á tónleikum hans í Kaplakrika í haust. Cooper var ánægður með frammistöðuna og þakkar hann til að mynda Ingó á DVD-disk sem er nýkominn út í Bandaríkjunum. Stóð sveitinni til boða að hita upp fyrir Cooper á tónleikaferð hans um Bandarík-in sem nú stendur yfir en ekkert varð af því. Dimma spilar á miðnæturrökkmessu á Gauknum í kvöld ásamt Noise og Precuts. Þar mun sveitin spila meirihlutann af nýju plötunni og selja hana á tilboðsverði.

Hefur mikið álit á Aniston

Clive Owen virðist vera eitthvað þínu skotinn í Jennifer Aniston en leikarinn hrósaði henni í hástert nýlega. „Miðað við allt álagið sem hún þarf að glíma við, alla fjölmiðlaathyglina, er hún furðulega vel niðri á jörðinni. Hún er indæll stúlka og mjög, mjög góð leikkona.“ Clive, sem er best þekktur fyrir leik sinn í Sin City, sagði þessi fallegu orð um Aniston stuttu eftir að hún kom fram í sjónvarpsþætti Larry



King. Þar neitaði hún að láta í minni pokann fyrir Larry og segja honum frá ástarlífi sínu og hvort slúðursögurnar um hana og leikarann Vince Vaughn væru sannar. Hún sagði honum þó eilítið af álitinu á paparazzi-ljósmyndurunum. „Mér finnst í lagi að þeir myndi mig á rauða dreglinum. Þá er ég í vinnunni. En við förum ekki heim til þeirra, ráðumst inn í fjölskyldusamkomur, frí, brúðkaup eða jarðarfarið,” sagði hún hneyksluð.

Opið í dag
frá kl. 13-16 **Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Nýjar sendingar - Mikið úrval!

3 BÍÓ - 400 KR. **HÁDEGISBÍÓ - 400 KR.**

Sýnd kl. 3 með íslensku tali Sýnd kl. 3 Sýnd kl. 12 með íslensku tali Sýnd kl. 12 með íslensku tali

3 BÍÓ 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓ, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

HÁDEGISBÍÓ 400 KR. MÍDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.



Kristján til Grindavíkur

Varnarmaðurinn Kristján Valdimarsson, sem leikið hefur með Fylki alla sína tíð, mun skrifa undir samning við Grindavík í dag. Samningur Kristjáns við Fylki var runninn út og þarf Grindavík því ekki að greiða krónu fyrir hann.

sport

sport@frettabladid.is



60 MEÐ PÁLMA RAFNI PÁLMA SYNI

SEKÚNDUR

Gælunafn mitt er... P. Diddy.

Erfiðasti andstæðingur? Hermann Aðalgeirsson.

Auðveldasti andstæðingur? Birkir Vagn Ómarsson.

Er glasið hálfítt eða hálfútt? Galítt.

Völsungur eða KA? Völsungur.

Húsvík eða Reykjavík? Húsvík, án efa.

Birgitta eða Greifarnir...? Birgitta og Innvortis.

Kaffi eða te? Kók.

Skora eitt eða leggja upp tvö? Leggja upp tvö.

Besti leikmaður heims er... Ronaldínho.

Bestu samherjinn er... Jóhann Helgason.

Besta leiðin til að pirra andstæðinginn er... Ég hef aldrei kunnað það.

Fyrirmynd mín er... Zinedine Zidane.

Alvöru konur eru... Íslenskar.

Alvöru karlmenn... klæðast jakkafötum.

Besta stuðningsmannalagið er... Allir í gallana, stuðningsmannalagið Völsungs.

Ég vona að ég verði... Íslandsmeistari næsta sumar.

Er atvinnumennska á Íslandi... Nei.

Launaumslagið mitt er... Hvítt.

> Ólafur harðorður

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH í knattspyrnu, var harðorður í garð þeirra ungu leikmannanna sem eru hjá liðinu og sagði þá einfaldlega ekki vera nægilega góða til þess að spila á því stigi sem FH væri komið á í fótboltanum hér heima og ætlaði sér að vera á. Þetta sagði Ólafur á þjálfararáðstefnu KÍÍ og KSÍ sem fram fór um helgina þegar hann var spurður af hverju hann hygðist fá til sín erlendan liðsstyrk fyrir næsta tímabil. Þess má geta að FH-ingar hafa átt á gríðarlega öflugum 2. flokki að skipa síðustu ár en tækifæri þeirra leikmannanna sem koma upp í meistaraflokkinn hafa verið af skornum skammti.



Opinn fundur um Sundabraut



Framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar stendur fyrir opnum fundi um Sundabraut fimmtudaginn 17. nóvember kl. 20.00 á Grand Hótel.

Dagskrá:

- Anna Kristinsdóttir, formaður framkvæmdaráðs.
- Ríkharður Kristjánsson, Línuhönnun: Kynning verkefnis.
- Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri hjá Vegagerðinni: Aðkoma Vegagerðarinnar.
- Ólafur Bjarnason, aðstoðarsviðsstjóri Framkvæmdasviðs: Niðurstöður umhverfismats.
- Kaffihlé.
- Guðmundur Arason, íbúasamtök Laugardals.
- Elísabet Gísladóttir, íbúasamtök Grafarvogs.
- Almennar umræður.

Augsýningarfoto: E. Backman



Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið

Blóðtaka fyrir Val

Allt bendir til þess að Margrét Lára Viðarsdóttir og Dóra Stefánsdóttir yfirgefi herbúðir Vals á næstunni.

FÓTBOLTI Knattspyrnudrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir mun næsta haust ganga til liðs við Evrópumeistara Potsdam í Þýskalandi. Margrét Lára hefur gert munnlegt samkomulag við forráðamenn liðsins en þeir hrifust mjög af leik hennar þegar Valur og Potsdam mættust í átta liða úrslitum Evrópukeppninnar en þar sýndi þýska liðið styrk sinn og vann samanlagt 19-2. Margrét Lára hefur verið ein allra besta knattspyrnukona landsins undanfarin ár en hún sleit barnskónum í Vestmannaeyjum áður en hún gekk í raðir Vals fyrir síðustu leiktíð.

„Hún hefur 100 prósentu getu til að spila með jafn sterku liði og Potsdam en hún er ennþá ung og vill klára eitt tímabil í viðbót hjá Val áður en hún fer út í atvinnumennskuna,“ sagði Elísabet Gunnarsdóttir við Fréttablaðið um Margréti Lára, en hún varð langmarkahæsti leikmaðurinn á Íslandsmóttinu í sumar og skoraði 23 mörk í 14 leikjum.

Elísabet er sjálf með tilboð erlendis frá í höndunum en sterkt lið í Svíþjóð hefur boðið henni að taka við liðinu.

„Þetta er frá sterku liði í Svíþjóð sem leikur í efstu deild en ég ætla mér að vera með Valsliðið áfram. Ég ætla að skoða málin með það lið betur þegar samningi mínum við Val lýkur,“ sagði Elísabet en hún framlengdi nýverið samning sinn við Val og gildir hann út árið 2007. Elísabet hefur þjálfað lið Vals frá árinu 2003 og stýrði liðinu til Íslandsmeistarátíls árið 2004.

Auk Elísabetar og Margrétar Lára er Dóra Stefánsdóttir með



MARGRÉT LÁRA Ein besta knattspyrnukona landsins er á leið til Evrópumeistaranna í Potsdam

tilboð erlendis frá en hún gæti yfirgefið Valsliðið fljótlega.

„Dóra er með tilboð eins og er frá þremur sænskum liðum þannig að hún fer pottþétt til Svíþjóðar en það er bara spurning um hvert. Hún hefur eins og Margrét alla burði til að standa sig vel þar og ég er ekki í nokkrum vafa um að hún á eftir að gera það gott í Svíþjóð. Ég er að fara yfir fyrirspurnir um fleiri leikmenn þó svo að engin tilboð hafi borist enn en þau hljóta að koma,“ sagði Elísabet og er ljóst að þáttaka Vals í Evrópukeppninni hefur vakið mikla athygli sterka liða í Evrópu.

-hph

Það er treyst á þig!



Hringdu í 907 2002 fyrir Pakistan

Söfnunarreikningur 1150 26 21000



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Ólafur Jóhannesson:

Ætlar sér tvo nýja Dani

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH í knattspyrnu ætla sér að styrkja lið sitt svo um munar fyrir næsta sumar en að minnsta kosti tveir danskir leikmenn eru á leiðinni til félagsins.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari liðsins, greindi frá því á þjálfararáðstefnu KÍÍ í gær að FH ætlaði sér að fá til sín jafn marga leikmenn og það missir en FH hefur misst þá Allan Borgvardt og og Dennis Siim sem fara líklega til liðs í heimalandi sínu í Danmörku, Jón Þorgrím Stefánsson til HK, auk þess Heimir Guðjónsson hafði fyrir nokkru ákveðið að hætta knattspyrnuíðkun eftir tímabilið í ár.

Ólafur fór til Danmerkur í síðasta mánuði þar sem hann ræddi við nokkra leikmenn og er ljóst að FH mun fá til sín að minnsta kosti tvo danska leikmenn fyrir næsta sumar en Sigurvin Ólafsson gekk í raðir FH á haustdögum og er hann eini nýi leikmaðurinn í herbúðum liðsins það sem af er.




-hph

JÓLAMARKAÐURINN FELLSMÚLA

NÝTT KORTATÍMABIL

20-35%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM NÝJU
JÓLABÓKUNUM
UM HELGINA!



OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11-19



JÓLABÆKUR • HEIMILISTÆKI • HLJÓMTÆKI • LEIKFÖNG • BÚSÁHÖLD • JÓLADISKAR
JÓLATRÉ • JÓLAKÚLUR • JÓLASKRAUT • JÓLAPAPPÍR • JÓLASVEINAR • JÓLAHÚS
JÓLAHANDKLÆÐI • JÓLAKERTI • JÓLASTYTTUR • JÓLAKRANSAR • JÓLAKONFEKT • JÓLAGRENI

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > ÓLAFUR STEFÁNSSON

Hún er öðruvísi,“ segir Ólafur spurður um tilfinninguna sem fylgdi því að leiða íslenska landsliðshópinn sem fyrirlíði á fjalir Poznan-íþróttahallarinnar í Póllandi í lok síðasta mánaðar, þar sem okkar menn stóðu uppi sem sigurvegarar á sterku æfingamóti og töpuðu ekki leik. Ólafur þreytti þarna frumraun sína sem fyrirlíði landsliðsins og lék auk þess lengst af í nýju hlutverki sem leikstjórnandi liðsins.

„Mér líkar mjög vel við stöðu leikstjórnanda. Ég er hreinlega ekki frá því að það sé skemmtilegri staða en skyttan. Leikstjórnandinn hentar mínum leikstíl að mörgu leyti betur og þarna fæ ég tækifæri til að stjórna aðeins meira. Kannski átti ég alltaf að vera leikstjórnandi,“ segir Ólafur,

Ég neita því ekki að það var talsvert öðruvísi að spila þessa leiki á æfingamótinu í þessu hlutverki og ábyrgðartilfinningin var mjög sterk. Það er tilfinning sem mér líkar alveg hreint ágætlega við,“

sem þó lét sér ekki nægja að gefa fjölda stóðsendinga heldur skoraði einnig 16 mörk í þeim þremur leikjum sem íslenska liðið lék, í öllum regnbogans litum.

„Já, það kvarta alltaf allir yfir því að ég skjóti ekki nóg,“ segir Ólafur og glottir. „En þessi staða gefur mér tækifæri á að skjóta jafnvel meira en áður og mér fannst þetta mjög skemmtilegt. Mér fannst ég allavega standa mig alveg þokkalega á þessu móti,“ bætir hann við.

Erum með mjög gott lið

Ólafur kveðst finna fyrir meiri ábyrgð sem fyrirlíði landsliðsins. Hann er æðsti maður í einkonar fyrirlíðaráði sem samanstendur af Ólafi, Guðjóni Val Sigurðssyni og Sigfúsi Sigurðssyni, sem allir eru í hópi reyndustu leikmanna liðsins.

„Okkar hlutverk er að vera tenging milli leikmanna og þjálfara, innan vallar sem utan. Ég neita því ekki að það var talsvert öðruvísi að spila þessa leiki á æfingamótinu í þessu hlutverki og ábyrgðartilfinningin var mjög sterk. Það er tilfinning sem mér líkar alveg hreint ágætlega við,“ segir Ólafur. Og að sjálfsgöðu er hann sammála því að sigurinn á hinu sterka æfingamóti gefi góð fyrirheit fyrir EM í Sviss á næsta ári.

„Það kom mér talsvert á óvart hversu góðir við erum. Allar stóður eru vel mannaðar þar sem Einar (Hólmgeirsson) og Ásgeir (Örn Hallgrímsson) mynda sterkan vinstri væng, ég og Snorri (Steinn Guðjónsson) skiptum á milli okkur leikstjórnandanum og vinstra megin erum við líka mjög vel settir. Svo erum við með fljótustu hornamenn í heimi og markvarslan er í framför. Ef við spilum rétt úr kortunum erum við með mjög heilsteypt lið,“ segir Ólafur og bjartsýnin leynir sér ekki.

Vélin er farin að ganga

En það er ekki aðeins hjá landsliðinu sem Ólafur er að upplifa nýja tíma. Hjá félagsliði sínu, hinu gríðarsterka Ciudad Real á Spáni, er hinn gamalkunni stjórnualeikmaður Talent Dujšbaev tekinn við stjórninni og segir Ólafur að hann sé búinn að breyta hlutunum til batnaðar á tiltölulega stuttum tíma.

„Talent er að gera mjög góða hluti og þetta er allt annað en í fyrra hjá Juan Roman, sem er einfaldlega ömurlegur þjálfari. Talent hefur verið að laga ákveðna hluti sem snúast fyrst og fremst um að koma öllum leikmönnum á



ALVEG RÓLEGUR, FÉLAGI Ólafur Stefánsson getur tekið vel á mönnum í vörninni eins og þessi mynd ber glögglega með sér. Ólafur var mjög atkvæðamikill í sínum fyrstu leikjum sem fyrirlíði íslenska landsliðsins og segist njóta þess að spila í ábyrgðarmeira hlutverki en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/CETTY IMAGES

ÁTTI KANNSKI ALLTAF AÐ VERÐA LEIKSTJÓRNANDI

Árið í ár hefur verið heldur öðruvísi en þau síðustu hjá Ólafi Stefánssyni, fremsta handknattleiksmanni landsins til margra ára. Hann hefur fengið nýtt hlutverk, bæði hjá félagsliði sínu og íslenska landsliðinu, sem honum líkar mjög vel við. *Vignir Guðjónsson* ræddi við Ólaf um ábyrgð, rétt hugarfar og mikilvægi fjölbreytileikans.

sömu línu,“ segir Ólafur og líkir Ciudad Real við vél sem hefur verið ósmurð síðustu ár.

„Roman lét hana alltaf ganga án þess að laga hana en nú er Talent í því að smyrja hana. Hún hefur verið að hiksta inn á milli en nú er hún farin að ganga nokkuð eðlilega,“ segir Ólafur og á þar við gengi Ciudad Real.

Liðsheildin er mikilvæg

Eins og flestir handboltaunnendur vita er hægt að bera lið Ciudad við fótboltalið Real Madrid – hvergi er samankominn jafn mikill fjöldi stjórnualeikmanna sem flestir myndu ganga inn í hvaða lið sem er. Og Ólafur sjálfur gengur jafnvel svo langt að fullyrða að Ciudad sé með besta mannskap í heimi.

„En vandamálið er að í fyrra spiluðu allir sem einstaklingar. Hver og einn hugsaði bara um sjálfan sig og það komst ekkert annað að en að skjóta og skjóta. Nú er þetta allt annað,“ segir Ólafur

en Talent styðst við skiptikerfi þar sem álaginu er dreift jafnt á alla leikmenn liðsins. Þetta gerir hann til þess að halda öllum ferskum og horfir þá sérstaklega til síðari hluta tímabilsins þegar álagið verður sem mest. Fyrir vikið er Ólafur að spila minna en áður, en hann segir það engu skipta.

„Hann róterar mjög grimmt en það virkar. Við höfum verið að keyra yfir lið á lokaköflunum aðeins vegna þess að við erum óþreyttari. Með þessu móti eru allir með sjálfstraust og ef einn meiðist þá eru aðrir klárir,“ segir Ólafur sem hefur, rétt eins og hjá landsliðinu, tekið að sér að spila leikstjórnanda hjá Ciudad.

„Það er ekki búíð að fylla það skarð sem Dujšbaev skildi eftir sig með því að hætta að spila og liðið er bara með einn náttúrulegan leikstjórnanda. Fyrir vikið hef ég verið að spila á miðjunni annars lagið. Annars myndi ég segja að ég spilaði um hálf tíma á skytt-

unni í hverjum leik og 10-15 mínútur í horninu,“ segir Ólafur og bætir við að honum líki vel við alla þessa fjölbreytni. „Ég spilaði náttúrulega áður fyrr í horninu og er líklega bestur okkar vinstri skyttanna til að leysa af Mirza Dzomba í horninu. Þetta er fínt, með meiri fjölbreytni verð ég betri leikmaður.“

ÓL í Peking er endastöðin

Eftir átta leiki í deildinni er Ciudad í þriðja sæti spænsku úrvalsdeildarinnar en liðið varð fyrir miklu áfalli strax í annari umferð mótsins þegar liðið tapaði fyrir Algeciras, einu af botnliðum deildarinnar. Í þeirri gríðarlega öflugum deild sem sú á Spáni er mega stórlíðin illa við slíkum áföllum sem gætu á endanum hreinlega kostað liðið titilinn. „Það gæti vel verið að þetta tap verði til þess að við missum af titlinum. Þetta var hrikalega vont tap og vikan sem fylgdi á eftir var ein sú versta á

sínum ferli. Við sýndum þó mikinn karakter og unnum Ademar Leon á útivelli í næsta leik sem var mjög mikilvægt,“ segir Ólafur en ásamt Ciudad og Ademar bera Barcelona og Portland San Antonio höfuð og herðar yfir önnur lið á Spáni. Hjá Ciudad eru markmiðin fyrir tímabilið ekki flókið – að vinna hvert einasta mót. „Að sjálfsgöðu stefnum við á það ennþá,“ segir Ólafur sem hefur nokkurn veginn kortlagt hvað bíður hans á lokastigum ferilsins. Hann á eitt og hálf ár eftir af samning sínum við Real og eftir það hefur hann hug á því að snúa aftur til Þýskalands.

„Það væri gaman að leika undir stjórn Alfreðs Gíslasonar á ný, það er að segja ef hann telur sig hafa not fyrir mig, og framhaldið hangir svolítið á landsliðinu. Við stefnum á Ólympíuleikana í Peking 2008 og ég ætla að gefa allt mitt fram að þeim tíma. En eftir ÓL er líklega rétt að fara að hugsa um eitthvað annað en handbolta.“

ÚR SPORTINU

Stórkostleg skemmtun

Micheal Owen reyndist hetja Englendinga með því að skora tvö mörk á lokamínútunum sem tryggðu liðinu sigur gegn Argentínu, 3-2, í ótrúlegum leik.

Fernando Torres, leikmaður Atletico Madrid, kveðst snortinn af áhuga Arsenal á sér og segist vera mikill aðdáandi Arsene Wenger, stjóra liðsins. Arsenal er talið vera að undirbúa risatilið í Torres þegar leikmannagugginn opnar á ný í janúar en vitað er að forráðamenn Atletico hafa engan áhuga á að missa Torres. „Arsenal er í Meistaradeildinni ár eftir ár og það er minn metnaður að spila á meðal þeirra bestu og berjast um stærstu titlana. Hjá Atletico erum við ekki að gera það,” sagði Torres í gær og gaf þannig sterklega til kynna að hann væri reiðubúinn að yfirgefa félag sitt til að ganga til liðs við Arsenal. Hins vegar greindi forseti Atletico frá því í fyrradag að það væri engin leið að félagið myndi sleppa Torres, sama hvaða upphæð væri í boði.

Gabriel Heinze, varnarmaður Man. Utd, segir að það yrði mikill fengur fyrir Manchester United að ná að klófesta samlandi sinn hjá Deportivo, Aldo Duscher, sem fyrst vann sér það til frægðar að ristarbjóta David Beckham fyrir þremur árum sem varð næstum því til þess að hann missti af HM. „Hann er frábær leikmaður sem hefur þegar sýnt að hann myndi styrkja lið Man. Utd verulega. Ef hann velur að koma hingað þá mun ég geta fullvissað hann um að hann sé að koma til frábærs félags,” segir Heinze, en vitað er að Alex Ferguson, stjóri liðsins, hefur mikinn áhuga á Duscher.

Besti tennisspilari heims, Svisslendingurinn Roger Federer, biður fólk um að búast ekki við of miklu af sér á Masters-mótnu í Shanghai en hann hefur ekki spilað í sjö vikur vegna meiðsla á ökkla. Federer hefur unnið mótið síðustu tvö ár og fari svo að hann vinni þriðja árið í röð mun hann jafna ótrúlegan árangur John McEnroe með því að enda árið með 96,5% vinningshlutfall, en Federer hefur unnið 77 viðureignir á árinu en aðeins tapað þremur. „Það vantar nokkuð upp á sjálfstraustið og satt að segja hef ég ekki hugmynd um hvernig formið verður. Ég er ekki 100% klár, það er ljóst, en ég get vel spilað,” segir Federer.



Suður-Arabíska liðið Al Ittihad hefur beðið forráðamenn AC Milan um að fá Brasilíumanninn Kaka lánaðan í tíu daga í næsta mánuði þegar liðið leikur í heimsmeistarakeppni félagsliða og hafa forráðamenn Barcelona fengið samskonar tilboð í framherjann Samuel Eto'o. Mansour Al Balawi er reiðubúinn að greiða tæpar 400 milljónir fyrir að fá leikmennina í þessa 10 daga sem eru gríðarlega upphæðir. Þó verður að teljast afar ólíklegt að Barcelona og AC Milan muni ganga að tilboðinu enda báðir á meðal mikilvægustu leikmanna sinna liða og yrði hrikalegt ef þeir myndu lenda í meiðslum meðan á dvöl þeirra í Asíu stæði.

FÓTBOLTI Englendingar og Argentínnumenn buðu áhorfendum upp á 90 mínútna rússíbanareid í einhverjum magnaðasta knattspyrnuleik síðari ára í gær sem endaði með dramatískum 3-2 sigri Englends. Lengi vel leit út fyrir að Argentína færi með sigur af hólmi en þegar þrjár mínútur voru til leiklokta tók Michael Owen, sem hafði varla sést í leiknum framan af, til sinna ráða og jafnaði metin 2-2 með laglegum skalla. Þegar komið var fram yfir venjulegan leiktíma bætti hann öðru skallamarki við og tryggði sínum mönnum ótrúlegan sigur í leik sem hefði á góðum degi getað endað með tveggja tölum.

„Þetta var æðislegur leikur og að ná að jafna og að lokum sigra eftir að hafa lent tvisvar sinnum undir er frábært,” sagði hetjan Owen eftir leikinn. „Það sást á viðhorfi leikmanna í báðum liðum hversu mikla þýðingu þessi leikur hafði. Stuðningsmennirnir voru líka stórkostlegir og það var ekkert sem benti til þess að þetta væri vináttuleikur. Svona sigra gefa okkur mikið sjálfstraust,” sagði Owen og bætti því við að með sömu frammistöðu gæti England vel orðið heimsmeistari á næsta ári.

Það var með ólíkindum að sjá til leikmanna beggja liða í leiknum í gær. Enginn hafði áhuga á því að spila vörn og fyrir vikið náðu bæði lið að skapa sér fín færi í nánast hverri einustu sókn og gáfu fyrstu 10 mínúturnar, þar sem tvö mörk voru dæmd af og þrjú dauðafæri misfórust, tóninn fyrir það sem koma skyldi. Hern-



HEITUNNI FAGNAÐ David Beckham sést hér stökkva á herðar Wayne Rooney, sem skoraði fyrsta mark Englands, og Micheal Owen, sem skoraði seinni tvö, í leiknum í gær.

an Crespo braut loksins ísinn á 35. mínútu en það tók Wayne Rooney, sem var frábær í gær, aðeins fjórar mínútur að jafna metin.

Walter Samuel kom Argentínu í 2-1 á 54. mínútu eftir snilldarlega útfærða aukaspurn Juan Roman

Riquelme. Bæði lið hefðu getað skorað nokkur mörk á síðasta hálf-tímanum en eins og áður segir var það aðeins Owen sem fann leiðina inn í markið og sannaði þar með hversu eittraður framherji hann er.

Forráðamenn Manchester United eru æfir:

Hlerunarbúnaður í búningasklefa Man. Utd

FÓTBOLTI Forráðamenn Manchester United eru að rannsaka hvort möguleiki sé á að hlerunarbúnaði hafi verið komið fyrir í búningasklefa liðsins fyrir leikinn gegn Chelsea um síðustu helgi sem þeir rauðklæddu unnu 1-0. Slúðurblaðið The Sun heldur því fram að það hafi haft yfir höndum upptökur frá ræðum Alex Ferguson fyrir leikinn og í hálfleik, sem og fagnaðarlátunum eftir leikinn. Blaðið ákvað þó ekki að birta það sem sagt var á upptökunum heldur kom þeim til félagsins.

Í tilkynningu sem Man. Utd sendi frá sér í gær segir að félag-

ið sé sjálft að rannsaka málið þessa stundina en vel geti farið svo að lögreglu verði blandað í málið. „Við erum mjög þakklátir The Sun fyrir að birta ekki það sem var sagt á upptökunum, sem einhverjir óþrúttir einstaklingar fengu á ólöglegan hátt,” segir í tilkynningunni en talið er að einhverskonar glæpahópur hafi staðið að verknáðinum.

Orðrómur er um að sama gengi ætli sér að gera slíkt hið sama á öðrum leikvangum á næstunni og hafa nokkur félög í Englandi því tekið upp á því að auka öryggisgæslu í kringum inngang leikmanna.



ALEX FERGUSON Allar ræður hans fyrir og eftir leikinn gegn Chelsea um síðustu helgi voru teknar upp.



EINAR LOGI VIGNISSON SKRIFAR UM FÓTBOLTANN Á SPÁNI OG ÍTALÍU:

Totti-brandarar seljast í milljónavís

Í vikunni eignaðist fyrirlíði Roma, Francesco Totti, son. Það væri svosum ekki í frásögu færandi ef ekki væri fyrir þá konuglegu stöðu sem Totti hefur hjá ítölsku þjóðarsalinni. Fæðingusonarins Christian var slegið upp sem meiriháttar frétt í öllum helstu fjölmiðlum og borgarstjórnin í Róm, fyrrum menningarmálaráðherra Walter Veltroni, heimsótti fjölskylduna á sjúkrahúsið og fagnaði „fæðingu sonar besta sonar Rómars“.

Guttarnir úr götunni

Totti ber ægishjálmm yfir aðra knattspyrnumenn Ítalíu í vinsældum. Paolo Maldini nýtur almennrar virðingar og lotningar en aðdáunin á Totti á sér eingöngu samsvörun í síðari tíð í ást Ítala á Roberto Baggio. Það er ekki eingöngu listileg geta á leikvelli sem veldur, heldur hafa persónutófrar Tottis mikið að segja sem og „strákurinn í næsta húsi“ heilkennið. Totti er eins og Baggio alþýðuhetja af bestu gerð, fremur einfaldur náungi sem fólk hefur gaman af að álíta vitleysing en dár fyrir guðsgjöf í löppunum. Á meðan Maldini er nær óþolandi fullkominn kosmópólitan súperstjarna eru Totti og Baggio guttarnir úr götunni sem öllum er vel við. Totti fékk snemma viðurnefnið „Er purpone“ eða stóra barnið. Var það vegna fremur einfeltnings-

legra tilsvara hans, málfræðivillna í tali auk þess sem hann talar afar sérstaka málýsku sem á heimili sitt í lágstéttarúthverfum Rómars. Var gjarnan gert grín að Totti og fannst manni á stundum grínið ganga full langt, drengurinn væri ekki þessi alsherjavitleysingur sem látið væri í veðri vaka.



Góðgerðargrín

Fyrir nokkrum árum tók hinsvegar Totti grínið nýja stefnu. Vinir Tottis höfðu lagt hart að honum að láta þetta sem vind um eyru þjóta og snúa umræðunni sér í hag með því að gera sjálfur stólpagrín að eigin heimsku. Helstu Totti bróðururum var safnað saman, nýir búnir til og allt gefið út í bók sem hét „Brandarar á kostnað Totti, safnað saman af mér sjálfum“. Totti skrifaði formála að bókinni og ágóðinn af útgáfunni rann til Unicef (en Totti er sérlegur sendiherra þeirra samtaka) og félagasamtaka í Róm sem huga að velferð eldri borgara. Bókin sló í gegn og seldist í yfir einni milljón eintaka. Í fyrra kom svo út

önnur bók sem einnig seldist í hundruðum þúsunda eintaka; „Nýir brandarar um Totti, líka safnað saman af mér sjálfum“.

Totti bækurnar munu seint teljast stórvirki á sviði brandarasmiðar. Í forgrunni eru orðaleikir og brandarar sem ganga út á rómversku málýskuna hans og vanskilning hans á opinberu ítölskunn. En mestan partinn eru á ferðinni dæmigerðir fimmaurbrandarar sem snúid er upp á Totti, í stíl við það sem við köllum Hafnarfarðarbrandara. Við lesturinn fer um mann hálfgerður kjánahrollur yfir húmor Ítala. Var allnokkur raun fyrir undirritaðan að leita að einhverju sem hægt væri að snara á Íslensku svo lesendur Fréttablaðsins gætu notið gullmolanna. En hér í lokin fljóta með tveir „góðir“.

„Heyrðu Totti. Er satt að selst hafi milljón eintök af bókinni þinni?“
„Það getur ekki verið, ég skrifaði bara eina!“

Totti var orðinn svo góður með sig að hann taldi sig ganga á Guðs vegum og gekk á haf út. Þar sem hann þrammaði eftir haffletinum rakst hann á fljótandi flösku. Hann fokreiddist og öskraði á hana: „Hvað heldurðu eiginlega að þú sért?“

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Umspil fyrir HM:

NOREGUR-TÉKKLAND 0-1
0-1 Vladimir Smicer (31).

Vínáttuleikir í fótbolta:

| | |
|---|-----|
| KÓREA-SVÍPÓÐ | 2-2 |
| 1-0 Jung-Hwan Ahn (7), 1-1 Johan Elmander (9), 2-1 Yong-Chul Kim (52), 2-2 Markus Rosenberg (57). | |
| FINNLAND-EISTLAND | 2-2 |
| 1-0 Daniel Sjölund (7), 2-0 Kari Arkivuo (59), 2-1 Dimitri Kruglov, viti (62), 2-2 Joel Lindpare (85). | |
| HVÍTA RÚSSLAND-LETTLAND | 3-1 |
| 0-1 Vísakovs (25), 1-1 Vladimir Korytko (27), 2-1 Vladimir Korytko (53), 3-1 Sergey Kornilenko (90). | |
| BÚLGARÍA-GEORGÍA | 6-2 |
| 1-0 Chavdar Yankov (2), 2-0 Chavdar Yankov (28), 3-0 Dimitar Berbatov (35), 4-0 Dimitar Berbatov (47), 5-0 Svetoslav Todorov (63), 5-1 Lasha Jakobia (83), 6-1 Svetoslav Todorov, viti (90), 6-2 Gogita Gogua (90). | |
| S-ÁFRÍKA-SENEGAL | 2-3 |
| 0-1 Camara (3), 1-1 Zuma (8), 1-2 Camara (22), 2-2 Nornvete (53), 2-3 M. N'Diaye (83). | |
| SKOTLAND-BANDARÍKIN | 1-1 |
| 0-1 Josh Wolf, viti (9), 1-1 Andy Webster (37). | |
| ARGENTÍNA-ENGLAND | 2-3 |
| 1-0 Hernan Crespo (34), 1-1 Wayne Rooney (39), 2-1 Walter Samuel (53), 2-2 Micheal Owen (86), 2-3 Micheal Owen (90). | |
| RÚMENÍA-FÍLABEINSSTRÖNDIN | 1-2 |
| 0-1 Arouna Kone (49), 1-1 Adrian Iencsi (51), 1-2 Arouna Kone (49). | |
| SAM. ARABÍSKU FURSTAD.-BRASÍLÍA | 0-8 |
| 0-1 Kaka (20), 0-2 Adriano, viti (53), 0-3 Kaka (58), 0-4 Lucio (65), 0-5 Juninho (70), 0-6 Juninho (80), 0-7 Fred (85), 0-8 Cichno (90). | |

Áfall fyrir Norðmenn:

Tékkland vann

FÓTBOLTI Tékkar standa vel að vígi eftir fyrri viðureign þeirra gegn Norðmönnum í umspili um sæti á HM í Þýskalandi á næsta ári. Tékkar unnu 0-1 sigur á Ullival-leikvangnum í Noregi í gær með marki frá Vladimir Smicer á 31. mínútu.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

10 11 12 13 14 15 16

Sunnudagur

LEIKIR

- 16.15 Valur og Skövde mætast í Evrópukeppninni í handbolta í Laugarðalshöllinni.
- 19.15 Þór og KR mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Akureyri.
- 19.15 Hamar/Selfoss og Skallagrímur eigast við í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Selfossi.
- 19.15 ÍR og Njarðvík etja kappi í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Seljaskóla.
- 19.15 Snæfell og Fjölnir mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Stykkishólmi.
- 19.15 Höttur og Grindavík mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Egilsstöðum.
- 19.15 Keflavík og Haukar eigast við í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Keflavík.

SJÓNVARP

- 08.00 Vínáttuleikir í knattspyrnu á Sýn. Leikur Englands og Argentínu endursýndur.
- 11.45 HM 2006 í knattspyrnu á Sýn.
- 13.25 HM 2006 á Sýn. Leikur Spánar og Slóvakíu endursýndur.
- 15.05 Ice Fitness 2005
- 16.05 Evrópukeppni félagsliða í handbolta á RÚV.
- 17.35 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.
- 18.30 NFL-tilþríf á Sýn.
- 19.00 Ameríski fótboltinn á Sýn.
- 21.30 NBA körfuboltinn á Sýn.
- 22.00 Helgarsportíð á RÚV.
- 23.30 Hnefaleikar á Sýn.

Valur mætir Skövde í Evrópukeppninni í dag: Við ramman reip að draga

HANDBOLTI Valur mætir í dagsænska liðinu Skövde í seinni leiknum í 32 liða úrslitum EHF keppinnar og er ljóst að við ramman reip verður að draga fyrir Valsmenn sem töpuðu fyrri leiknum með sjö marka mun, 35-28.

„Ég býst við hörkuleik gegn Svíunum. Þetta er sterkt lið en við getum vel gert þeim grikk og stefnum á sigur á morgun,“ sagði Baldvin Þorsteinsson, leikmaður Vals, fyrir leikinn gegn Skövde. „Það er algjört lyklatríði fyrir okkur að ná að slá á hraðann hjá þeim en það er þeirra helsti styrkur. Þeir treysta mikið á hraðaupp- hlaup en ef við náum að stoppa þau er allt opið.“

Valsmenn eru með ungt og óreynt lið og eru margir leikmenn liðsins að taka þátt í Evrópukeppni í fyrsta skipti. Liðið hefur verið hikstandi í upphafi mótsins hér heima og byrjendamistök hafa oftast en ekki orðið þeim að falli. „Já, það er annar hlutur sem við verðum að laga strax. Það gengur ekki, hvort sem það er gegn þessu sænska liði eða í deildinni hérna heima, að gera þessi mistök því þá er voðinn vís. Við vorum í því í leiknum gegn Stjórnunni um daginn sem tapaðist stórt og við ætlum okkur að læra af reynslunni og koma í veg fyrir þessi mistök.“

Stemningsleysi er annað sem hefur viðloðað Valsliðið í vetur en



BALDVIN ÞORSTEINSSON Þarf að leika vel fyrir Val gegn Skövde í dag.

Baldvin segir annan anda vera í liðinu núna: „Ég finn fyrir betri stemningu í hópnum og allir eru vel stemmdir og tilbúnir í þennan leik annað en hefur kannski verið uppi á teningnum að undanförunu. Við erum tilbúnir og ætlum okkur ekkert annað en sigur en annars erum við með ungt lið og þetta fer beint í reynslubankann.“ - hþh

Haukar mæta Torggler frá Ítalíu í Meistaradeildinni í dag: Hreinn úrslitaleikur

HANDBOLTI „Við erum tilbúnir í leikinn og hlökkum bara til að takast á við Ítalana aftur,“ sagði Páll Ólafsson, hjálfari Hauka, en þeir mæta Torggler Group Meran í Meistaradeild Evrópu á Ítalíu í dag. Leikurinn er hreinn úrslitaleikur um þriðja sæti riðilsins en það lið sem vinnur leikinn fer í sextán liða úrslit EHF bikarkeppinnar og er því að miklu að keppa fyrir Hauka í þessum lokaleik riðilsins.

Fyrri leik liðanna lauk með þriggja marka sigri Hauka og er Páll bjartsýnn á sigur í leiknum: „Já, ég er mjög bjartsýnn. Við vitum allt um styrkleika þeirra og með góðum leik eins og heima þá eigum við að vinna þetta lið. Við

